

**SKOÐUN** Daglega eru 39 þúsund stúlkur gefnar í hjónaband, skrifar Inga Dóra Pétursdóttir hjá UN Women. 22



**MENNING** Fjölbreytni er styrkleiki Listahátíðar, segir Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi. 36



**SPORT** Strákarnir okkar unnu magnaðan sigur á einum erfiðasta útivelli í Evrópu í gær. 48







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
4. apríl 2013
78. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Smáforrit fyrir smáfólk

Tvær konur í fæðingarorlofi hafa hannað smáforrit sem eflir þroska barna og skemmtir þeim um leið. Hægt er að nota forritin á netinu og í snjallsímum. 2

**Vilja kanna kosti tálbeitu** Nefnd á vegum Alþingis leggur til að lögreglan fái meira fé til rannsókna á kynferðisbrotum gegn börnum. Þá verði lagt mat á kosti og galla tálbeita við rannsókn kynferðisbrota. 4

**Ákveða sig seint** Nær helmingur kjósenda ákvað hvað hann ætlaði að kjósa viku fyrir síðustu kosningar. 6

**Undirbúningur fyrir skjálfta** Mikilvægt er að ganga frá heimilum þannig að sem fæst geti hrunið í jarðskjálfta. 12




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | A | 4 |
| Akureyri | 3° | NA | 3 |
| Egilsstaðir | 4° | NA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | N | 2 |
| Reykjavík | 8° | SA | 3 |

**HÆGVIÐRI** Í dag verður yfirleitt hæglætis veður. Skýjað og slydda eða él norðan til en bjart syðra. Hiti 0-10 stig, en kólnar smám saman. 4

## SÉRBLAÐ

**Fólk**




# Þjóðskráin aftan úr fornöld

Forstöðumanni þjóðskrár finnst hún ganga inn í fornöld þegar hún kemur til vinnu á morgnana. Brýnt sé að skipta út 30 ára tölvukerfi svo stofnunin geti sinnt hlutverki sínu. Innanríkisráðherra ætlar að beita sér í málinu.

**STJÓRNSÝSLA** „Mér líður stundum eins og ég sé að ganga inn í fornöld þegar ég kem í vinnuna,“ segir hún. „Við erum alltaf að átta okkur betur á því hversu mikið verk við eigum fyrir höndum,“ segir Sólveig J. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Þjóðskrár Íslands.

Tölvukerfi þjóðskrár byggja á tölvukerfi frá árinu 1986 sem gerir það að verkum að breytingar innan kerfisins eru illmögulegar, seinvirkar og dýrar. Sólveig segir stofnunina vart geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu lengur þar sem samfélagsgerðin hafi breyst svo mjög síðan tölvukerfið var sett á fyrir tæpum þrjátíu árum.

„Það tölvukerfi rúmaði til að mynda einungis 31 stafabil í nafni og þannig er staðan enn í dag,“ segir hún. „Það hefur ekkert gerst síðan þá. Við getum til að mynda ekki staðist kröfur Hagstofunnar og þurfum oft að láta hana fá frumrit af gögnum sem liggja hér í hrúgum. Auðvitað ættum við að vera að senda þeim töflur á tölvutæku formi.“

Sólveig segir nýja heildarlöggjöf vanta um skrána miðað við samfélagið í dag. „Lögheimilislögin þurfa algjöra endurskoðun út frá samfélaginu sem við búum í. Það þarf að taka mið af breyttu fjölskyldumynstri, taka inn skráningu blóðforeldra og forsjármanna út frá öðrum forsendum en lögheimilinu eingöngu.“

Verkefnið sem stofnunin stendur frammi fyrir er dýrt og fjármagn af skornum skammti. Án þess að nákvæm kostnaðargreining liggi fyrir sé ljóst að nýtt kerfi kosti mörg hundruð milljónir króna. „Við getum ekkert gert við núverandi kerfi, það er fullreynt.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist hafa fullan skilning á vanda þjóðskrár og ætlar að beita sér fyrir auknu fé til stofnunarinnar á næsta kjörtímabili.

„Það hefur ekki verið alltaf sá skilningur sem við hefðum viljað frá fjárveitingavaldinu, því við skulum ekki gleyma því að þegar þjóðskrá er annars vegar þá byggir hún sínar tekjur á alls kyns notendagjöldum sem þó eru háð samþykki ríkisvaldsins,“ segir hann. Ráðherra bætir við að nauðsynlegt sé að horfa til margra Evrópulanda þar sem gífurlegum fjármunum sé varið í tölvukerfi til að auka sparnað og öryggi notenda.

\- sv / sjá síðu 10

### ENDURSPEGLAR EKKI RAUNVERULEIKANN

- Nafn fólks getur ekki rúmað meira en 31 stafabil
- Blóðtengsl barna og líffforeldra eru ekki skráð
- Vensl við lögforeldra eru ekki skráð
- Forsjá barna er ekki skráð
- Skráning fólks niður á íbúðir í fjölbýlishúsum er ekki fyrir hendi
- Upplýsingar um hjónavígslur, andlát og forsjá þarf að færa inn handvirkt



**Á HEIMLEIÐ** „Við keyptum tvær svona kerrur notaðar á Bland.is,“ segir Eva-Charlotte Hänsel, dagmamma á gæsluvellinum við Njálsgötu, sem notast við stórar kerrur þegar fara þarf með krakkana í göngutúra og koma þeim til og frá leikvöllum. „Við erum nefnilega með svo lítinn leikvöll á Njálsgötunni. Krökkunum finnst þessi ferðalög mjög skemmtileg,“ segir Eva. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Met hjá Stígamótum:

## 22 urðu fyrir lyfjanauðgun

**SAMFÉLAGSMÁL** Alls leituðu 22 til Stígamóta í fyrra eftir að hafa verið byrlað ólyfjan og verið nauðgað í kjölfarið. Það eru fleiri tilvik en nokkru sinni fyrr. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Stígamóta, sem kynnt var í gær.



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

„Við erum að tala um mjög gróft ofbeldi þegar menn eru farnir að skipuleggja verknaðinn líkt og í þessum brotum,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

„Ég einangraði mig og er enn að vinna úr mínum málum í dag. Það er verst að vita ekki neitt. Heldur hafa bara á tilfinningunni að eitthvað hræðilegt hafi gerst,“ segir kona sem varð fyrir lyfjanauðgun í samtali við Fréttablaðið.

\- mlþ / sjá síðu 8






Tinna þjóðleikhússtjóri hét Herdísi Þorvaldsdóttur að hlaupa í skarðið:

## Stígur á svið fyrir móður sína

**LEIKLIST** „Ég verð staðgengill móður minnar í þeim sýningum sem eftir eru á leikritinu Karma fyrir fugla,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri, en móðir hennar, Herdís Þorvaldsdóttir leikkona, sem féll frá um síðustu helgi, fór með hlutverk í því verki. Það er sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu, og þar stóð Herdís sína plikt á sviðinu aðeins viku fyrir andlátið.

Tinna kveðst hafa gert samning áður en sýningar á Karma fyrir fugla hófust, bæði við leikstjórann Kristínu Jóhannesdóttur og við móður sína, um að vera staðgengill ef til þess kæmi að móðir hennar forfallaðist af einhverjum orsökum á sýningartímanum. „Ég gaf loforð sem ég get ekki svikið,“ segir hún.

Karma fyrir fugla er íslenskt verk, í senn ljóðrænt og sálfræðilegt. Það fjallar um afleiðingar ofbeldis, heljartök fortíðarinnar á sálinni, ranglæti og fegurð. Þar koma fram nokkrar konur á ýmsum aldri og var Herdís þeirra elst, en hún var á nítugasta aldursári þegar hún lést. - gun



**MÆÐGUR** Tinna Gunnlaugsdóttir tekur við hlutverki móður sinnar, Herdísar Þorvaldsdóttur, í Karma fyrir fugla.




## SPURNING DAGSINS



Halldór Sævar, þú ert ekki hræddur við að renna blint í sjóinn?

**„Nei, það er ég ekki hræddur við. En ég fór einu sinni næstum í sjóinn í kajakferð við Vestur-Grænland.“**

Halldór Sævar Guðbergsson, sem er blindur og fyrrverandi formaður bæði Blindrafélagsins og Öryrkjabandalagsins, hefur vakið athygli fyrir að nota bæði reiðhjól og skíði.

Mál barnaníðingsins Karls Vignis Þorsteinssonar komið fyrir dóm:

# Ákærður fyrir brot gegn fjórum

**DÓMSMÁL** Ákæra ríkissaksóknara gegn barnaníðingnum Karli Vigni Þorsteinssyni var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Fram kom á Vísi í gær að Karl Vignir væri ákærður fyrir brot gegn fjórum einstaklingum og að hann hefði ekki tekið afstöðu til sakarefnisins við þingfestinguna í gær.

Málefni Karls Vignis komust í brennidepil í janúar þegar Kastljós fjallaði um áratugalangan brotaferil hans. Hann gekkst við því í Kastljósþættinum að hafa níðst á tugum barna. Flest málin eru fyrnd, en þau sem hann er ákærður fyrir núna eru hins vegar nýleg.

Umræðan um mál Karls Vignis hefur síðan getið af sér öldu kynferðisbrotamála hjá lögregluumdæmum á landinu öllu. - sh



**JÁTAÐI TUGI BROTA** Karl Vignir gekkst við því í Kastljósi að hafa misnotað tugi barna um áratugalangt skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tölur Vegagerðarinnar:

# Metaukning á marsumferð

**SAMGÖNGUR** Umferð um hringveginn jókst um 10,6 prósent í mars í samanburði við sama mánuð í fyrra. Á vef Vegagerðarinnar segir að ekki hafi mælst svo mikil aukning milli marsmánaða frá því að talning hófst árið 2005.

Munurinn hafði áður mælst mestur 10,3 prósent milli marsmánaða 2007 og 2008. 15,6 prósenta samdráttur mældist á milli sömu mánaða 2010 og 2011. - þj

Fundust yfirgefin í Svíþjóð:

# Afgönsk börn skilin eftir

**SVÍÞJÓÐ** Tveir afganskir drengir hafa fundist í Uppsölum í Svíþjóð á undanförnum dögum, og virðist sem þeir hafi verið yfirgefnir.

Um helgina fannst tíu ára drengur fyrir utan aðallestarstöðina í borginni. Hann var grátandi og talaði ekki sænsku. Með hjálp vegfaranda tókst lögreglu að komast að því að drengurinn var frá Afganistan. Hann vissi ekki hvar hann var staddur en sagðist hafa verið skilinn eftir.

Á þriðjudag fannst svo þrettán ára drengur á svipuðum slóðum. Hann gat gert grein fyrir því hvaðan hann var.

Lögregla hefur nú hafið rannsókn á málunum, og því hvort þeim hafi verið smyglað til landsins. - þeb



**GRÍMSEY** Stórir skjálftar mældust í Skjálfandadjúpi í fyrrinótt.

Enn skelfur fyrir norðan:

# Búast má við fleiri skjálftum

**JARÐSKJÁLFTAR** Stöðugir skjálftar voru í allan gærdag í Skjálfandadjúpi. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er skjálftavirknin enn mjög mikil og má búast við skjálftum af svipaðri stærð á svæðinu áfram.

Virknin í Skjálfandadjúpi hefur færst bæði til norðvesturs og suðausturs af meginskjálftanum sem var af stærð 5,5 um eittleytið aðfaranótt 2. apríl.

Stórir skjálftar, 4,6 og 4,7 stig á Richter, mældust í fyrrinótt og margir eftirskjálftar fylgdu í kjölfarið. - sh



**HÁHRAÐI** Fjögur fyrirtæki hafa fengið úthlutað heimildum fyrir 4G-þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýjung á fjarskiptamarkaði:

# Fjögur fengu úthlutað 4G

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út sjö tíðniheimildir fyrir 4G-þjónustu á Íslandi.

Fjarskiptafyrirtækin Vodafone og Nova fengu tvær tíðnir hvort, til tíu ára og Síminn fékk eina, til tíu ára.

Þá fékk 365, móðurfyrirtæki Fréttablaðsins, úthlutað tveimur heimildum, annarri til tíu ára og hinni til 25 ára.

Heildarupphæð tilboða í heimildirnar nemur 226 milljónum króna. - þj

## PAKISTAN

### Meirihluti vill sjaríalög

Stórum hluta Pakistana á aldrinum 18 til 29 ára finnst að landinu eigi að vera stjórnað eftir sjaríalögum frekar en lýðræðislegu kerfi samkvæmt nýrri breskri könnun. Fram kemur að einungis 14% styðja stjórnvöld en herinn nýtur 77% stuðnings ungra Pakistana. Herstjórn fékk einnig meiri stuðning í könnuninni en lýðræðislega kosin stjórnvöld. Þingiskosningar fara fram í Pakistan þann 11. maí.

# Bjuggu til smáforrit sem efla þroska barna

Íslenskir þroskaleikir fyrir ung börn eru nú til í snjallsíma og á netinu. Tvær konur í fæðingarorlofi eiga fyrirtækið Lean Laundry og búa til smáforrit sem efla eiga þroska barna og skemmta um leið. Hagnaðarvonin er á stærri markaði erlendis.

**NÝSKÖPUN** Nú er hægt að nálgast á íslensku þroskaleiki fyrir ungabörn sem spila má í snjallsímum og á netinu. Leikina má spila á vefsíðunni www.soffia.net, eða sækja sem „app“ (smáforrit) í Android-snjallsíma á smáforritavefnum Google Play. Aðgangur að leikjunum og smáforritunum er án endurgjalds.

Soffía Gísladóttir, annar aðstandenda vefsins, segist hafa farið að stað með verkefnið eftir að hún eignaðist stúlku fyrir þremur árum. „Þegar hún var svona níu mánaða til eins árs þá vorum við að leita að afþreyingu á Youtube og fundum ekkert íslenskt efni,“ segir hún. Þegar stúlkan var síðar farin að söngla stafrófsþuluna upp á enska vísu sá Soffía að hún yrði að taka til sinna ráða. „Og fyrst ekkert efni var til á íslensku, þá bjó ég það bara til.“

Þegar Soffía fór ekki alls fyrir löngu aftur í fæðingarorlof langaði hana til að halda vinnunni áfram og búa til fleiri leiki. „Og ég auglýsti eftir samstarfi frá einhverjum sem hugsanlega væri líka í fæðingarorlofi.“ Þá hafði Helga Einarsdóttir samband, sem líkt og Soffía hafði lokið námi frá Margmiðlunarskólanum.

„Hún var til í að koma í þetta með mér og síðan þá erum við búin að búa til tölustafa-app og setja upp vefsíðu.“

Fyrsta kastið segir Soffía að um hálfgert hugsjónastarf að ræða við að búa til stafrænt þroskaefni fyrir ungabörn. Í framhaldinu standi hins vegar til að hafa af verkefninu tekjur og í því augnamiði hafi þær stöllur stofnað fyrirtækið Lean Laundry.



**SOFFÍA OG HELGA MEÐ UNGVIÐIÐ** Í loftið er komin vefsíðan www.soffia.net þar sem er að finna stafrófs- og tölustafaleiki fyrir börn frá eins árs aldri og upp í fimm ára. Leikina er líka hægt að fá fyrir snjallsíma og meira er á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við erum svona að skoða möguleikana til framtíðar þegar fleiri öpp verða til,“ segir hún, en af smáforritunum eru til bæði íslenskar og enskar útgáfur. „Og við myndum kannski frekar selja ensku öppin, eða gætum mögulega selt aðgang að flóknari útfærslum á leikjum, en haft aðrar opnar.“

Núna vinna Soffía og Helga að því að búa til flóknari stafaleiki og aðrar tegundir þroskaleikja þar sem börn geta lært á form, árstíðir og hvað eina skemmtilegt. Þá segir Soffía unnið að því að útbúa útgáfu af smáforritunum sem þegar eru til, sem hlaða megi í iPhone-síma úr Apple Store á netinu.

> **Fyrst ekkert efni var til á íslensku, þá bjó ég það bara til.**
>
> *Soffía Gísladóttir, annar eigenda Lean Laundry*

olikr@frettabladid.is




Annar höfuðpaurinn kyrkti aldraðan milljónamæring árið 1994:

# Guðmundur og félagar ákærðir

**DÓMSMÁL** Saksóknari í Danmörku hefur gefið út ákæru á hendur ellefu manns, þar af átta Íslendingum, fyrir að smygla samtals 66 kílóum af amfetamíni frá Hollandi til Danmerkur í þremur ferðum frá því í nóvember 2011 og fram í september 2012.



**GUÐMUNDUR INGI ÞÓRODDSSON**

RÚV greindi fyrst frá ákærunni í gær og sagði hana vera í átta liðum. Þrír varði amfetamínsmyglið og fimm þeirra minni brot.

Tveir menn eru taldir vera höfuðpaurar smyglhringsins. Annar þeirra er Íslendingur, Guðmundur Ingi Þóroddsson að nafni. Hann er 38 ára og hefur verið búsettur á Spáni um skeið. Guðmundur hlaut árin 2000 og 2002 fimm og sjö ára fangelsisdóma hérlendis fyrir e-töflusmygl.

Hinn höfuðpaurinn í málinu, að mati saksóknara, er 43 ára Dani. Hann heitir Peter Baungaard og hlaut í fyrra ellefu ára fangelsisdóm fyrir vörslu á 31 kílói af amfetamíni á heimili sínu í Óðinsvéum. Dómnum var áfrýjað og því hefur hann ekki hafið afplánun.

Árið 1994 var Baungaard dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir að höfuðkúpubrjóta 83 ára gamlan milljónamæring með vínflösku og kyrkja hann síðan. Afbrotaferill hans hófst þegar hann var sautján ára og hefur hann hlotið dóma fyrir líkamsárásir, innbrot og vopnalagabrot.

Tveir Íslendingar til viðbótar eru ákærðir fyrir að taka þátt í skipulagningu smyglsins og fimm fyrir að hafa tekið við fíkniefnunum og reynt að selja þau. - sh



**MIKIÐ AMFETAMÍN** Lögreglan í Danmörku birti þessa mynd af amfetamíninu sem falið var í bíl sem kom frá Hollandi.

# TAX FREE REIÐHJÓL*

## FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**GÆÐA REIÐHJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**




verð frá: 29.900 kr

mikið úrval fyrir börn og fullorðna

AUTHOR

## AUTHOR Í FREMSTU RÖÐ!

Author er einn af leiðandi framleiðendum reiðhjóla og fylgihluta fyrir reiðhjól í Evrópu.

Author framleiðir gæða reiðhjól á frábæru verði fyrir hinn almenna hjólreiðamann og atvinnumenn. Keppendur á reiðhjólum frá Author hafa verið í fremstu röð í keppnum í Evrópu í mörg ár.

**30% afsláttur af öllum vorlaukum í Blómavali**



**Ávaxtatré 4.990 ótrúlegt verð!**



Eplatré, perutré, kirsuberjatré og plómutré.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## GENGIÐ 03.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,4 | 123,98 |
| Sterlingspund | 186,52 | 187,42 |
| Evra | 158,13 | 159,01 |
| Dönsk króna | 21,211 | 21,335 |
| Norsk króna | 21,223 | 21,347 |
| Sænsk króna | 18,989 | 19,101 |
| Japanskt jen | 1,3190 | 1,3268 |
| SDR | 184,92 | 186,02 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
217,3055

Líkamsræktarstöðvar dönsku lögreglunnar standa utan eftirlits:

# Ekkert lyfjaeftirlit hjá löggunni

**DANMÖRK** Lyfjaeftirlitið í Danmörku (ADD), sem vinnur gegn steranotkun meðal annars með virku eftirliti á fjölda einkarekinna líkamsræktarstöðva, fær almennt ekki aðgang að æfingastöðvum lögreglumanna. Þetta segir í Politiken.

Síðustu ár hafa komið upp nokkur mál þar sem lögregluþjónar hafa orðið uppvísir að neyslu og sölu á sterum og vaxtarhormónum, en óljóst er með umfang þar sem lítið sem ekkert eftirlit er í gangi.

Politiken hefur eftir Peter Ibsen, formanni landssambands lögreglumanna, að þessi staða komi honum á óvart. Hann hvetur til nánari samvinnu milli lögreglu og ADD.

„Í hvert sinn sem slík dæmi koma upp skaðar það ímynd okkar meðal almennings, þannig að ef við getum komið okkur saman um lausn á málinu gerum við það gjarna.“

Ibsen leggur þó áherslu á að hann þekki ekki til þess að steraneysla sé almennt vandamál í lögreglunni. - þj

### ➜ Votta almennar æfingastöðvar

Lyfjaeftirlitsstofnun Danmerkur, Anti Doping Danmark (ADD), er sjálfseignarstofnun sem var sett á laggirnar í byrjun árs 2005.

Á meðal verkefna ADD er eftirlit með líkamsræktarstöðvum sem hafa gert samning um vottun þar að lútandi. Samkvæmt frétt Politiken hafa aðeins tvær æfingastöðvar hjá lögreglunni fengið þessa vottun.



**KEMUR Á ÓVART** Formanni landssamtaka danskra lögreglumanna kemur á óvart að lögreglan taki ekki þátt í eftirliti ADD með líkamsræktarstöðvum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lét lífið í fjórhjólaslysi

Telpan sem lést þegar fjórhjól, sem hún var farþegi á, valt í Breiðdal á páskadag hét Lilja Rán Björnsdóttir. Hún var þriggja ára, fædd 2. febrúar 2010, dóttir Björns Jónssonar frá Laugum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu og Sigrúnar Rögnu Rafnsdóttur frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal.



Lilja Rán átti heima að Tjarnarlöndum 22 á Egilsstöðum. Systur hennar heita Sunneva Rós og Guðný Ósk.

Fasteignamarkaðurinn:

## Minni velta á markaðnum nú

**FASTEIGNIR** Veltan á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku var minni en á sama tíma í fyrra, að því er fram kemur á vef Þjóðskrár Íslands.

Þinglýstum kaupsamningum fækkaði úr 114 samningum í 85 og veltan fór úr 4,2 milljörðum í 2,5. Hins vegar er meðalvelta síðustu tólf vikna mun meiri nú en á sama tíma á síðasta ári. Hún er nú 3,6 milljarðar en var 2,7 í fyrra. - þj

### LEIÐRÉTT

Í umfjöllun Markaðsins um Þorstein Víglundsson, nýjan framkvæmdastjóra SA, í gær misritaðist fornafn Þorsteins í ummælum Rannveigar Rist, forstjóra ÍSAL.

Rangt var farið með nafn Hólmfríðar Lilju Bjarkar í blaði gærdagsins.

# Vilja kanna hvort eigi að skikka dómara í barnahús

**Nefnd á vegum Alþingis vill að lagt verði mat á kosti og galla tálbeita við rannsókn kynferðisbrota gegn börnum. Lagt er til að fjárveitingar lögreglu og verði auknar og fræðsla um kynferðisofbeldi í skólum verði efld.**

**STJÓRNSÝSLA** Undirnefnd á vegum allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um kynferðisbrot gegn börnum vill að metið verði hvort auka megi heimildir lögreglu til að forða börnum frá kynferðisofbeldi og hafa uppi á kynferðisbrotamönnum. Þá yrði lagt mat á kosti þess og galla að auka heimildir lögreglu til að nota tálbeitur við störf sín til að ná til þeirra sem gerst hafa sekir um kynferðisbrot eða eru grunaðir um slíkan verknað. Þetta var meðal þess er kom fram á blaðamannafundi nefndarinnar í gær.

Nefndin vill að metið verði í samstarfi við sveitarfélögin hvort æskilegt sé að stofna gagnagrunn með upplýsingum um dæmda kynferðisbrotamenn sem yrði aðgengilegur fyrir vinnuveitendur sem ráða fólk til starfa með börnum og ungmennum. Einnig leggur nefndin til að fjárveitingar til rannsóknardeilda lögreglunnar um allt land og embættis ríkissaksóknara verði auknar meðal annars vegna mikillar fjölgunar kynferðisafbrotamála sem tilkynnt hafa verið til lögreglunnar.

Lögð er áhersla á mikilvægi Barnahúss og vill nefndin að Barnahús verði eflt með auknum fjárveitingum. Vill nefndin hvetja dómara til að nýta sér þjónustu Barnahúss án þess að hlutast til um sjálfstæði þeirra, en athygli vekur að dómarar nota þjónustuna mismikið eftir landshlutum. Dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur nýta þjónustu Barnahúss minnst. Til greina komi að skikka dómara til að nota Barnahús í slíkum málum. Að sögn Skúla Helgasonar er frumvarp þess efnis til skoðunar í innanríkisráðuneytinu.


**NEFNDIN** Skúli Helgason, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Þuríður Backman eru í nefnd á vegum Alþingis sem vann að tillögum til úrbóta varðandi meðferð kynferðisbrotamála gegn börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um fjórföld aukning hefur orðið á málum sem tilkynnt voru lögreglu og tengjast kynferðisbrotum gegn börnum á fyrstu mánuðum ársins. Samkvæmt bráðabirgðatölum úr málaskrá lögreglu voru 42 slík mál tilkynnt í janúar 2013 miðað við um tíu mál að meðaltali í hverjum mánuði á árunum 2007 til 2012.

Í nefndinni sitja Skúli Helgason, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Þuríður Backman og er hlutverk hennar að vinna að tillögum til úrbóta varðandi meðferð kynferðisbrotamála gegn börnum. hanna@frettabladid.is

> **Lögð var áhersla á mikilvægi Barnahúss og vill nefndin að Barnahús verði eflt með auknum fjárveitingum.**
> *Skúli Helgason formaður nefndarinnar*

### NEFNDIN LEGGUR FRAM 10 ATRIÐI TIL NÁNARI SKOÐUNAR

1. Fjárveitingar til rannsóknardeilda lögreglu og embættis saksóknara verði auknar.
2. Metið hvort auka eigi heimildir lögreglu og lagt verði mat á kosti og galla á notkun tálbeita.
3. Fylgt verði eftir vitundarvakningu stjórnvalda í grunnskólum til að auka fræðslu barna um kynferðisofbeldi.
4. Metið verði hvort æskilegt væri að stofna gagnagrunn með upplýsingum um dæmda kynferðisbrotamenn.
5. Alvarleg kynferðisbrot gegn börnum verði alltaf tilgreind í sakavottorðum.
6. Forvarnir og meðferðarúrræði fyrir gerendur verði efld.
7. Stutt verði við frjáls félagasamtök sem hlúa að þolendum kynferðisbrota.
8. Barnahús verði eflt með auknum fjárveitingum. Hugað verði að því að bjóða sérstaka þjónustu fyrir börn á aldrinum 15 til 17 ára.
9. Metið verði hvort gera þurfi breytingar á aðkomu barnaverndarnefnda að börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi, til að flýta fyrir máli á rannsóknarstigi. Kannað hvort æskilegt sé að koma á beinu sambandi á milli Neyðarmóttöku LSH, lögreglu og Barnahúss.
10. Barnaverndarnefndir verði efldar faglega. Metið verði hvort ráðlegt sé að stækka umdæmi þeirra.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







Á morgun
3-10 m/s.




Laugardagur
5-13 m/s.

**KÓLNANDI VEÐUR** Hiti verður að 10°C á sunnan- og suðvestanverðu landinu í dag en fer kólnandi á landinu í kvöld. Næstu daga má búast við vægu frostu norðan og austan til en 0-6 stiga hita sunnan- og vestanlands.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Billund | 5° | Gautaborg | 4° | London | 4° | Orlando | 24° | San Francisco | 15° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 10° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 20° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 5° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 14° | Las Palmas | 23° | New York | 11° | París | 7° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Klippið hér og geymið auglýsinguna. Þetta er önnur af tveimur heilsíðuauglýsingum Bjartrar framtíðar fyrir kosningarnar 2013.

# Hugsum málin upp á nýtt!

BF

BJÖRT FRAMTÍÐ

FYRIR ÞAÐ FYRSTA:

## Meiri fjölbreytni

*Fjölbreytt og frjálst samfélag er gott samfélag.*

- Höldum áfram að byggja upp skapandi greinar, grænan iðnað, tækni- og hugverkageirann, ferðaþjónustu, rannsóknir og þróun, eins og Björt framtíð hefur haft frumkvæði að.
- Bætum skilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja um land allt með hnitmiðuðum aðgerðum.
- Aukum fjölbreytni í matvælaframleiðslu.
- Fögnum fjölbreytileika í mannlífinu. Verum menningarþjóð.
- Verjum mannréttindi. Hér eru ærin verkefni.
- Opnum meira fyrir fjölbreytileg rekstrar- og þjónustuform í velferðarkerfinu og ólíka skólastarfsemi – nýjar hugmyndir svo fólk hafi meira val, sem er gott fyrir alla.

**KYNNTU ÞÉR STEFNUNA!**

Enn meiri texti um málefnin og fólkið á www.bjortframtid.is

Í ANNAN STAÐ:

## Minni sóun

*Þjóðfélag sem nýtir vel tíma sinn, krafta, auð og auðlindir – en sóar þessu ekki – er farsælt þjóðfélag.*

- Förum í gegnum fjárlögin öll og spyrjum okkur: Er þetta nauðsynlegt? Getum við fengið meira fyrir peninginn?
- Stóreflum forvarnir og endurskipuleggjum heilbrigðiskerfið þannig að fólki sé beint í úrræði sem hæfa betur og eru þar með hagstæðari fyrir alla.
- Tökum á brottfalli úr skólum með því að auka valkosti og sveigjanleika í skólakerfinu. Brottfall er sóun á hæfileikum, tíma og fé.
- Fáum meira fé fyrir orkuauðlindina, án þess að virkja óhóflega. Þannig skapast arður sem við getum notað til þess að auka velsæld um land allt. Frekari uppbygging álvera er ekki skynsamleg.
- Gerum það að meginverkefni að auka framleiðni í þjóðfélaginu.
- Verndum umhverfið. Verum umhverfisvæn. Græn í gegn.

Í ÞRIÐJA LAGI:

## Meiri stöðugleika

*Stöðugt efnahagsumhverfi væri dásamlegt.*

- Löndum góðum samningi við ESB sem þjóðin getur eftir upplýsta umræðu samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá getum við tekið upp evru.
- Leggjum höfuðáherslu á að auka verðmæti útflutnings. Það eykur stöðugleika.
- Gerum það að ófrávíkjanlegu markmiði að hér á landi komist á húsnæðislánamarkaður með lágum raunvöxtum til langs tíma.
- Þar til stöðugri gjaldmiðill býðst verður að grípa til aðgerða til að taka á lánavanda heimila, á grundvelli nákvæmrar greiningar á honum.
- Blásum til stóraukins samráðs milli ríkisstjórnar, Alþingis, sveitarfélaga, atvinnulífsins, launþega, fjármálageirans og alls konar samtaka í þjóðfélaginu um langtímamarkmið og umbætur á ýmsum sviðum. Það minnkar óvissu.

OG HVAÐ ÞAÐ FJÓRÐA VARÐAR:

## Minna vesen

*Það felast í því mikil gæði að þurfa ekki að hafa of miklar áhyggjur og að geta treyst því að hlutir virki.*

- Gerum skattkerfið og almannatryggingakerfið réttlátara, einfaldara og auðskiljanlegra.
- Sköpum opið markaðs- og samkeppnisumhverfi án hafta.
- Gerum umbætur á stjórnsýslunni. Þjónustan við almenning þarf að vera skilvirk og skiljanleg
- Setjum alla þjónustu hins opinbera á einn stað á netinu, til hægðarauka fyrir almenning.
- Eflum neytendavernd og aðgengi neytenda að upplýsingum.

**HÚLLUMHÆ!**

Kosningamiðstöðin að Hverfisgötu 98 opnar á sunnudag kl. 14. Og önnur uppá Skaga á laugardaginn kl. 15.30 á Kirkjubraut 6.

OG SÍÐAST EN EKKI SÍST:

## Meiri sátt

*Á Íslandi er hver sáttahöndin upp á móti annarri.*

- Leggjum okkur fram um að virða lýðræðislegar ákvarðanir og leiða mál til lykta. Nýtum beint lýðræði og þátttöku almennings betur.
- Setjum þjóðinni nýja stjórnarskrá á grunni tillagna Stjórnlagaráðs, í sem mestri sátt.
- Sköpum varanlega sátt um sjávarútveg á grunni fjögurra stoða: 1) Að arður renni til þjóðarinnar 2) að nýtingin sé sjálfbær 3) að greinin njóti góðra rekstrarskilyrða og 4) að nýir aðilar komist að.
- Allar lagasetningar og stjórnvaldsaðgerðir taki mið af frelsi einstaklinga og samfélagshópa til sjálfstæðra, skapandi og ábyrgra athafna.
- Blásum til stóraukins samráðs milli ólíkra aðila um langtímamarkmið og umbætur á ýmsum sviðum. Það minnkar óvissu.
- Breytum Alþingi. Vinnum að friði. Tölum af virðingu og sanngirni um hvert annað. Þannig eflum við traust.

# Snúum við blaðinu!



xA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margir Íslendingar breyttu um nafn í fyrra?
**2.** Hver er formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga?
**3.** Í hvaða slóvensku borg fór leikur Slóvena og Íslendinga fram í gær?

**SVÖR:**
**1.** Alls 8.730 manns. **2.** Ólafur G. Skúlason. **3.** Í borginni Maribor.

Krafa slitastjórnar Kaupþings á hendur Kristjáni Arasyni ekki tveir milljarðar:

# Ekki í ábyrgð fyrir öllu saman

**DÓMSMÁL** Kristján Arason, fyrrverandi yfirmaður einkabankaþjónustu Kaupþings, var ekki í persónulegum ábyrgðum fyrir öllum 1,7 milljörðunum sem hann fékk að láni til hlutabréfakaupa í bankanum fyrir hrun.

Þótt skuldin við bankann hafi staðið í rúmum tveimur milljörðum í desember 2010 er það því ekki öll sú upphæð sem slitastjórn bankans hefur stefnt honum til að greiða, ólíkt því sem sagði í blaðinu í gær.

Guðni Áspór Haraldsson, lögmaður slitastjórnarinnar, staðfesti við blaðið að málið snerist um skuldina sem stofnað var til með lánveitingunni til hlutabréfakaupanna, en upphæðin var fengin úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Guðni vill ekki upplýsa hversu há krafan í stefnu slitastjórnarinnar er. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var um nokkur lán að ræða og var Kristján í mismikilli persónulegri ábyrgð fyrir hverju þeirra.



KRISTJÁN ARASON

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að allur Héraðsdómur Reykjaness hefði lýst sig vanhæfan í málinu vegna mægða dómstjórans við Kristján. Dómari úr Héraðsdómi Reykjavíkur var fenginn í málið í staðinn. **- sh**

Tveir menn í haldi í Svíþjóð:

# Myrtu konu og sundurlimuðu

**SVÍÞJÓÐ** Tveir menn eru í haldi lögreglu í Stokkhólmi, grunaðir um að hafa myrt konu og sundurlimað lík hennar. Lík konunnar fannst í íbúð í suðurhluta borgarinnar á þriðjudagskvöld.

Annar mannanna hringdi í lögreglu seint á þriðjudagskvöld, tilkynnti um líkið og sagði hinn manninn ábyrgan fyrir morðinu. Að sögn lögreglu tengjast mennirnir tveir.

Lögregla hefur ekki greint frá því hvernig konan var myrt. **- þeb**




# Kjósendur seinni að velja á milli flokka

Flokkarnir hafa tækifæri til að ná til um helmings kjósenda fram í síðustu vikuna fyrir kosningar. Nær helmingur kjósenda ákvað hvað hann ætlaði að kjósa innan við viku fyrir síðustu þingkosningar. Kjósendur nýrra framboða ákveða sig seinna.

**2013** Kjósendur draga það sífellt lengur að ákveða hvaða flokkur fær atkvæði þeirra í kosningum. Í síðustu kosningum ákvað nærri helmingur kjósenda sig í síðustu vikunni fyrir kosningar.

„Það sem virðist vera að gerast er að fólk er lengur að ákveða sig endanlega," segir Svandís Nína Jónsdóttir, sem starfar sem tölfræðingur hjá Rannís.

Hún heldur erindi um skoðanakannanir tengdar þingkosningum á opnum fundi á vegum Félags stjórnmálafræðinga á Sólon í kvöld, og vitnar meðal annars í rannsóknir Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem gerðar eru eftir hverjar þingkosningar.

Alls ákváðu 28 prósent kjósenda hvað þeir ætluðu að kjósa í kosningunum árið 2009 á kjördag. Þá ákváðu nítján prósent til viðbótar sig ekki fyrr en í síðustu vikunni fyrir kosningarnar. Tæplega helmingur kjósenda, um 47 prósent, ákvað sig því ekki fyrr en innan við vika var í kosningarnar.

„Þetta þýðir að fólk sé algerlega óákveðið fram að þeim tíma, en þetta fólk tekur endanlega ákvörðun mjög seint," segir Svandís.

Hún segir að þróunin sé að verða sú að sífellt fleiri taki ákvörðun á síðustu stundu. Í kosningunum 2003 tóku 28 prósent ákvörðun innan við viku frá kosningum. Hlutfallið var komið í 35 prósent fyrir kosningarnar 2007, og 47 prósent fyrir síðustu kosningar.

„Þetta þýðir að flokkarnir hafa tækifæri til að ná til fólks alveg fram að kjördegi," segir Svandís. Hún segir að þessi þróun gæti skýrst af því að fólk sé opnara fyrir atburðum líðandi stundar, eða að það fylgist betur með allt fram að kosningum.

Konur eru líklegri en karlar til að draga það að taka ákvörðun. Alls tók 51 prósent kvenna ákvörðun innan við viku fyrir síðustu kosningar, samanborið við 44 prósent karla.

Svandís segir þetta hafa sýnt sig í könnunum, konur séu almennt varkárari, og að því er virðist tregari til að gefa upp ákvörðun sína.

brjann@frettabladid.is

**Hversu löngu fyrir kosningar ákvaðstu þig endanlega?**




**Hersu löngu fyrir kosningarnar 2009 ákvaðstu þig endanlega?**




**Hversu löngu fyrir kosningarnar 2009 ákvaðstu þig endanlega?**










## Sóknarfæri fyrir litlu framboðin



Kjósendur minni framboðanna ákváðu sig almennt seinna en þeir sem kusu stóru framboðin fjögur í síðustu kosningum. Tveir þriðju hlutar þeirra sem kusu Borgarahreyfinguna eða Frjálslynda flokkinn ákváðu sig innan við viku fyrir kosningar.

Svandís Nína Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís, segir þetta sýna fram á sóknarfæri fyrir nýju framboðin, sem hafa mörg hver ekki mælst með mikið fylgi í skoðanakönnunum nú í aðdraganda kosninga.

Hún segir ekkert benda til þess að fjöldi nýrra framboða valdi því að fólk ákveði seinna hvað það ætli að kjósa. Það hafi oft verið talsverður fjöldi minni framboða í kosningum án þess að það hafi þau áhrif. Kosningarnar 2003 og 2007 hafi verið óvenjulegar þar sem þá hafi svo fá minni framboð boðið fram.




# LANCÔME DAGAR Í HAGKAUP

## KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG SELFOSSI

## 4. – 10 APRÍL.

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME FÖRÐUM Á KYNNINGUNNI

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir**
**Lancôme vörur fyrir 9.000 krónur eða meira:**

~ Lancôme taska
~ Hydra Zen dagkrem 15 ml
~ Næturkrem 15 ml
~ Augnkrem 5 ml
~ Teint Miracle farði 5 ml
~ Génifique serumdropar 7 ml
~ Hypnôse Doll eyes maskari ferðastærð.




*Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## HEIMURINN




### Tugir látnir eftir rigningu

**1** **ARGENTÍNA** Tugir manna hafa látist af sökum flóða í Buenos Aires í Argentínu undanfarna daga.

Gríðarlega mikil rigning dundi í nokkrar klukkustundir á héraðinu, 300 til 400 millimetrar. Mikil flóð urðu, enda víða lélegt holræsakerfi. Margir þeirra sem létust sátu fastir í bílum sínum.

350 þúsund manns hafa orðið fyrir barðinu á flóðunum með einhverjum hætti og þúsundir hafa þurft að yfirgefa heimili sín.

### Hætta að leita að Kony

**2** **ÚGANDA** Yfirvöld í Úganda hafa hætt að leita að stríðsherranum Joseph Kony í nágrannaríkinu Mið-Afríkulýðveldinu.

Kony var leiðtogi Frelsishers drottins, uppreisnarmanna í Úganda. Hann er ákærður fyrir stríðsglæpi fyrir Alþjóðaglæpadómstólnum.

Uppreisnarmenn tóku völdin í Mið-Afríkulýðveldinu fyrir tíu dögum og segja stjórnvöld í Úganda að uppreisnarmennirnir séu ekki hliðhollir þeim. Talið er að Kony og hans menn séu í felum í skógum Mið-Afríkulýðveldisins.



**3** **FRAKKLAND** Meðlimir í Femen-femínistahreyfingunni mótmæltu íslamistum í París í gær. Þessi maður reifst við konurnar á mótmælafundinum. NORDICPHOTOS/AFP

# Lyfjanauðgunum fjölgaði í fyrra

Alls leituðu 22 aðstoðar vegna lyfjanauðgana í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Stígamóta. Fréttablaðið hefur heimidlir fyrir að lyfjanauðganamál tengist oft tveimur skemmtistöðum. Kona sem varð fyrir lyfjanauðgun segir þörf á vakningu og úrbótum í lögum.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum að tala um mjög gróft ofbeldi þegar menn eru farnir að skipuleggja verknaðinn líkt og í þessum brotum,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. Í nýrri ársskýrslu samtakanna kemur fram lyfjanauðgunum fjölgaði á síðasta ári. Ljóst þykir að brotavilji gerenda sé einbeittur enda þurfi að hafa töluvert fyrir verknaðinum og hann sé skipulagður fyrir fram.

Alls leituðu 22 einstaklingar til Stígamóta í fyrra eftir að hafa verið byrlað ólyfjan og nauðgað í kjölfarið. Það eru fleiri tilvik en nokkru sinni áður. Í flestum tilvikum kemur gerandinn lyfinu, sem er í duft- eða töfluformi, fyrir í glasi þolanda sem missir minnið og hluta meðvitundar.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að tveir skemmtistaðir í borginni séu oftar nefndir en aðrir í tengslum við mál af þessu tagi. Þetta eru B5 við Bankastræti og Austur við Austurstræti.

„Þetta er ofboðslega erfitt fyrir alla að eiga við. Ef manneskja hefur einbeittan ásetning þá er svo lítið sem við getum gert. Ég held reglulega fundi með mínu starfsfólki og við höfum búið okkur til verkferla. Við erum alltaf að reyna að gera betur og reynum að vera mjög vakandi. Okkur er alls ekki sama og ég fagna umræðunni,“ segir Björn Jakobsson, eigandi B5.

Ásgeir Kolbeinsson er eigandi Austur. Hann segist meðvitaður um vandann og hafa nú þegar ráðist í aðgerðir vegna þessa. „Við gerum auðvitað allt sem við getum og þegar við verðum varir við eitthvað þessu líkt þá tökum við á því um leið.“ Aðspurður segir hann ekki óeðlilegt hlutfallslega séð að mál sem þessi komi oft upp á stöðunum tveimur þar sem þeir séu mjög vinsælir og fjölsóttir.

> **Það er mín tilfinning að flestir þekki til að minnsta kosti einnar manneskju sem hefur lent í þessum aðstæðum.**
>
> *Thelma Dögg Guðmundsdóttir í forsvari átaks gegn lyfjanauðgunum*

Aðrir skemmtistaðaeigendur sem rætt var við segjast fremur vanmáttugir gagnvart málum sem þessum og kalla eftir samstilltu átaki lögreglu og annarra skemmtistaðaeigenda til þess að uppræta megi vandann.

Mikil umræða var um lyfjanauðganir á síðasta ári þegar Thelma Dögg Guðmundsdóttir ýtti úr vör átaki gegn slíkum nauðgunum eftir að henni var byrluð ólyfjan á B5. Hún varð þess vör og leitaði aðstoðar dyravarða, sem skeyttu litlu um málið á þeirri stundu. „Ég er ekki hissa á þessari fjölgun og það er mín tilfinning að flestir þekki til að minnsta kosti einnar manneskju sem hefur lent í þessum aðstæðum,“ segir Thelma Dögg. Hún hyggst standa fyrir sams konar átaki í ár. „Það er svo mikilvægt að halda umræðunni á lofti því við erum svo gjörn á að hunsa vandamálin.“

maria@frettabladid.is



**ÁRSSKÝRSLAN KYNNT Í GÆR** Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta (önnur frá hægri), kynnti ársskýrsluna á fundi í gær. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að 22 urðu fyrir lyfjanauðgun í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### DRAKK EINN DRYKK OG RANKAÐI VIÐ SÉR 10 KLUKKUTÍMUM SEINNA

„Ég einangraði mig og er enn að vinna úr mínum málum í dag. Það er verst að vita ekki neitt. Heldur hafa bara á tilfinningunni að eitthvað hræðilegt hafi gerst,“ segir ung kona sem varð fyrir lyfjanauðgun. Hún segist hafa fyllst vanmáttarkennd þegar ekkert fannst í blóði hennar við komu á Neyðarmóttöku tæpum sólarhring eftir inntöku drykkjar. Konan var þó algjörlega viss um að glæpur hefði átt sér stað.

Forsaga málsins er sú að konan hafði verið að vinna á næturvakt á bar og hugðist, að vakt lokinni, drekka glas sem staðið hafði á barborðinu, óhreyft að hún hélt. Hún veit síðan ekki af sér fyrr en daginn eftir þegar hún vaknaði með karlmann ofan á sér. Augljóst var að kynferðismök höfðu átt sér stað. Konan segist sannfærð um að það hafi ekki verið með hennar vilja. Þrátt fyrir að sokkabuxur hennar hafi verið rifnar við kynfæri og hún með sýnilega áverka dugði það ekki til við að ná fram ákæru í málinu. Við skýrslutöku hjá lögreglu gat konan ekki gert grein fyrir því hvernig áverkarnir höfðu komið til sökum óminnisástands. „Ég veit það kann að hljóma skringilega en ég vildi að ég hefði minninguna um brotið. Í staðinn hef ég bara sannfæringu mína og það er svo erfitt að vita að brot hafi átt sér stað, en geta samt ekki sagt nákvæmlega hvað gerðist. Það gerir mann svo vanmáttugan,“ segir hún. Maðurinn bar af sér sakir og sagði konuna hafa verið samþykka verknaðinum en mjög ölvaða. Hún hefur nú unnið að mestu úr reynslu sinni en segir þörf á vakningu í samfélaginu og kallar eftir úrbótum í lögum er snúa að kynferðisofbeldi.





Outlander kostar frá
6.190.000 kr.
Intense 4x4, bensín, sjálfskiptur

HANNAÐUR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

**Nýr fjórhjóladrifinn Mitsubishi Outlander** er ríkulega búinn staðal- og þægindabúnaði sem ásamt nýrri tækni eykur öryggi og veitir þér nýja akstursupplifun. Má þar nefna hraðastilli með fjarlægðarskynjara, akreinavara og árekstrarvörn sem allt er staðalbúnaður í grunngerðinni Intense.

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# DEBENHAMS

Veittu húðinni þann kraft sem hún þarf til að endurnýjast og gefa þrívirka lyftingu.
Mótar, styrkir og mýkir hrukkur.




**NÝ UPPGÖTVUN FRÁ SHISEIDO.**
Með aldrinum hægir á starfsemi stofnfrumna sem viðhalda hreysti húðarinnar. Einstök formúla frá Shiseido, Bio-Renewal Complex, gefur frumunum þann kraft sem þarf til að gefa þrívirka lyftingu innanfrá.

**ÁRANGUR**
Eftir 1 viku virtist húðin þéttari, stinnari og sléttari.
Eftir 4 vikur voru djúpar hrukkur ekki eins sýnilegar.

BIO-PERFORMANCE
Advanced Super Restoring Cream NÝTT

SHISEIDO www.shiseido.com

## Shiseido dagar í Debenhams 4.-10. apríl

### Nýtt frá Shiseido:

Bio-Performance rakakrem sem lyftir og þéttir.
BB krem sem jafnar litarhátt húðarinnar.
Super Slimming Reducer, grennir og styrkir.
Varalitir, augnskuggar og kinnalitir.
Glæsilegur ZEN sumarilmur fyrir dömur og herra.

Shiseido sérfræðingur veitir ráðgjöf og förðun.



Glæsilegur kaupauki þegar keyptar eru 2 Shiseido vörur.*

*Gildir meðan birgðir endast

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Þjóðskrá skal endurgerð frá grunni

Forstöðumaður þjóðskrár segir tölvukerfi stofnunarinnar úrelt. Henni líður eins og hún gangi inn í fornöld þegar hún kemur til vinnu. Stór hluti upplýsinga er enn geymdur á pappírsformi. Verkefnið fram undan er tímafrekt og kostnaðarsamt en snertir Íslendinga alla.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



Skráningarkerfi Þjóðskrár Íslands er úrelt. Alþingi setti lög um Þjóðskrána árið 1952, en vart þarf að taka fram að þá var ekki hægt að sjá fyrir þær samfélagslegu breytingar sem áttu eftir að verða á Íslandi á næstu áratugum.

### Hálfur kílómetri af skjölum

Gagnagrunnur Þjóðskrár er keyrður af tölvukerfi sem keypt var til landsins árið 1986, sem gerir það að verkum að nútímaforritun og tölvukóðar samræmast því illa. Stór hluti þeirra viðkvæmu og mikilvægu upplýsinga sem Þjóðskrá á að halda utan um er enn geymdur í skjalamöppum á völdum stöðum á landinu. Þegar skrifstofur stofnunarinnar fluttu fylgdu þeim um fimm hundruð hillumetrar af pappírsgögnum.

### Vinnur aftur í fornöld

Sólveig J. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Þjóðskrár, segir einu leiðina út úr vandanum þá að hugsa kerfið allt upp á nýtt. Brýnt sé að fá nýtt tölvukerfi og laga það að nýjum og breyttum tímum þar sem flækjustigið sé orðið það hátt að ekki sé hægt að þróa núverandi kerfi áfram.

„Mér líður stundum eins og ég sé að ganga inn í fornöld þegar ég kem í vinnuna,“ segir hún. „Við erum alltaf að átta okkur betur á því hversu mikið verk við eigum fyrir höndum. Vandkvæðin eru mikil og flækjustigin mörg, sem blandast svo saman við lagaumhverfi frá miðri síðustu öld.“ Hún bætir við að ekki nema hluti þeirra upplýsinga sem þurfa að vera skráðar séu það í raun og veru. Þá sé kerfið sjálft svo gamalt að varla er hægt að gera nokkrar breytingar á því þar sem tæknin til þess er ekki til.

Ekki liggur fyrir nákvæm kostnaðargreining vegna uppsetningar nýs kerfis hjá Þjóðskrá, en Sólveig segir ljóst að það hlaupi á mörg hundruð milljónum króna.

> **Maður dregur bara djúpt andann því eðlilega sjá menn ekki svona fyrir sér árið 2013.**
>
> *Sólveig J. Guðmundsdóttir forstöðumaður þjóðskrár*

„Ef fólk heldur að þetta eigi eftir að kosta um 200 milljónir, þá er það mikill misskilningur,“ segir hún, en bætir við að nú sé í gangi vinna til að átta sig á umfangi verkefnisins.

### „Við erum plásslaus“

Skrifstofur Þjóðskrár og megnið af skjalageymslum hennar eru til húsa í Borgartúni 21. Mikill hluti gagnanna er á pappír sem taka mikinn hluta húsnæðisins.

„Við erum plásslaus,“ segir Sólveig. „Það er voðalega lítið sem heitir að ýta bara á „enter“ og þá koma upplýsingarnar út.“

Hún bendir á að það verkefni sem fylgi því að endurgera Þjóðskrá sé ekki síður innskráningarferli.

„Maður dregur bara djúpt andann því eðlilega sjá menn ekki svona fyrir sér árið 2013. Fólk sér ekki þessa fimm hundruð hillumetra af pappír, en það er raunstaðan.“

### Þjóðskrá hefur orðið út undan

Sólveig segir að vissulega sé hægt að fara í „plástraleiðangur“ á svona gömlu kerfi sem Þjóðskráin byggir á, en hún sé of lituð af úreltu lagaumhverfi og því kallar hún á alhliða endurskoðun á kerfinu. Hún kallar því eftir athygli Alþingis og ráðamanna í samfélaginu á þessum brýna vanda. Þarfirnar séu einfaldlega ekki þær sömu og þær voru. „Ég veit ekki af hverju þessi skrá hefur aldrei farið í þann fókus sem hún þarf að gera,“ segir hún.

Ljóst þykir að nauðsynlegt er að endurgera þjóðskrá frá grunni svo hún geti sinnt hlutverki sínu. Hafa ber í huga að hún er í raun það eina sem snýr sannarlega að Íslendingum öllum.




**GAMALDAGS KERFI** Gagnagrunnur þjóðskrár er keyrður í tölvukerfi frá 1986. Stór hluti þeirra viðkvæmu og mikilvægu upplýsinga sem þjóðskrá heldur utan um er enn geymdur í skjalamöppum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## RÚMLEGA 70 HANDUNNIN VOTTORÐ Á DAG

**ÁRIÐ 2012...**

**6.052** símtöl á mánuði.

**17.567 VOTTORÐ** VORU SELD. ÖLL VOTTORÐ ERU HANDUNNIN ÞAR SEM KERFI TIL AÐ HALDA UTAN UM VOTTORÐAÚTGÁFU ER EKKI TIL.

**109 manns** leita til afgreiðslunnar á dag.



**50%** viðskiptavina eru erlendir ríkisborgarar.

**18 MANNS** VINNA Í SKRÁNINGARDEILD ÞJÓÐSKRÁR.

**4 STÖÐUGILDI** LÖGFRÆÐINGA ERU HJÁ STOFNUNINNI.

## ÞJÓÐSKRÁ FRÁ 1952

| | |
|---|---|
| 1952 | Þjóðskrá verður til á árunum 1952 til 1953. |
| 1962 | Núgildandi lög um almannaskráningu taka gildi. |
| 1986 | Þjóðskrá tölvuvædd. Lengd nafnasvæðis 31 stafbil. |
| 1987 | Útgáfa kennitölu fyrir einstaklinga utan þjóðskrár. |
| 1992 | |
| 2000 | Nýtt notendaviðmót þjóðskrárkerfis. |
| 2005 | Lögheimilisflutningur skráður í sér gagnagrunn. |
| 2007 | Allar nafnabreytingar verða verkefni þjóðskrár. |
| 2008 | Fæðingarskýrslur berast rafrænt. |
| 2009 | Samnorræn flutningsvottorð berast rafrænt. |
| 2011 | Fæðingarskýrslur allra fædda á Íslandi skannaðar í gagnagrunn. |

## HVAÐ ER SKRÁÐ Í ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS?

Merkisatburðir í lífi fólks eru skráðir í þjóðskrána, frá fæðingu til andláts. Flesta þarf að skrá handvirkt.

Barnsfæðing, ættleiðing, nafngjöf, mótuð miðlun, framleiðsla kennitölu, kynbreyting, bannmerking, trúfélagsaðild, andlát, feðrun, forsjá barns, hjúskapar / sambúðarskráning, búseta og lögheimili, ríkisfang, vottorð og skilríki, upplýsingaþjónusta.

## → Mun beita þrýstingi til að leysa vandann

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ætlar að beita sér fyrir því á komandi kjörtímabili að vandi þjóðskrár sé leystur. Hann hafi alla tíð verið einarður stuðningsmaður stofnunarinnar og vilji veg hennar sem mestan.

„Ég hef mikinn skilning á því að Þjóðskrá þurfi að búa yfir öllum þeim besta tækjakosti sem völ er á vegna þess að stofnunin gegnir slíku lykilhlutverki í innviðum upplýsingasamfélagsins og er ansi nærri hjartanu í því þegar hið opinbera er annars vegar,“ segir hann. „Ég sé hlutverk hennar fara mjög vaxandi á komandi árum og því hef ég lagt áherslu á að hún haldi utan um þá gátt sem fólk og fyrirtæki fara inn um þegar það leitar upplýsinga hjá hinu opinbera. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja í því að leysa hennar vanda og mun beita þrýstingi á næsta kjörtímabili.“

Ögmundur bætir við að nauðsynlegt sé að horfa til annarra Evrópulanda þar sem gífurlegum fjármunum sé varið í tölvukerfi til að auka sparnað og öryggi notenda. „Í nýtingu góðrar tölvutækni er fólginn gríðarlegur sparnaður og mörg ríki verja gríðarháum upphæðum í rafrænar framfarir til þess að gera alla stjórnsýslu og öll viðskipti og samskipti fólks sem auðveldust og ódýrust,“ segir hann. „Það á fyllilega við að það er dýrt að vera fátækur og hafa ekki getað stigið þessi skref.“





# 2 AF HVERJUM 5
## HAFA SAFNAÐ FYRIR FERÐALAGI



## **HVERJU LANGAR ÞIG**
## AÐ SAFNA FYRIR?

Einfaldasta leiðin til að safna fyrir því sem þig langar í er að setja þér markmið og leggja fyrir.

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir Arion banka í ýmsum tilgangi, til lengri eða skemmri tíma, með stór eða smá markmið.

**Fjárhæðaþrep 30** er hávaxtareikningur með óverðtryggða breytilega vexti. Vextirnir eru þrepaskiptir eftir inneign og byrja í 4,05%. Engin lágmarksupphæð er á reikningnum.

Farðu inn á **arionbanki.is/sparnaður** og skoðaðu hvernig þú nærð þínum markmiðum eða hafðu samband við næsta útibú Arion banka.




FJÁRHÆÐAÞREP 30

Arion banki

Samkvæmt sparnaðarkönnun Capacent og Arion banka

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-0651



**HRUNDIÐ AF STAÐ** Sólborg Steinþórsdóttir frá Hotel Reykjavík Natura, Kjartan Vilhjálmsson frá Tryggingamiðstöðinni, Guðrún Bergmann hjá Grænum apríl, Guðrún Jónsdóttir hjá Olís, Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, og Ingibjörg Gréta Gísladóttir hjá Grænum apríl skrifuðu undir yfirlýsinguna í gær. MYND/HELENA STEFÁNSDÓTTIR

Átakið Grænn apríl hófst í þriðja sinn í gær:

# Þykir smart að vera umhverfisvænn

Átakið Grænn apríl hófst í gær, en því er ætlað að auka umhverfisvitund almennings hér á landi. Þetta er þriðja árið í röð sem Grænn apríl er haldinn.

Átakinu var hrundið af stað á Reykjavík Natura hótelinu í gær af fulltrúum átaksins og bakhjörlum þess. Bakhjarlarnir skrifuðu undir yfirlýsinguna „Smart að vera umhverfisvænn“, þar sem fram kemur að þeir vilji sem einstaklingar, fyrirtæki og samfélag vera í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum.

Ætlun verkefnisins er að hvetja framleiðendur og seljendur umhverfisvænna hluta til þess að auglýsa og kynna þá, svo að almennir neytendur geti valið þá vöru og þjónustu umfram annað.

Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Tryggingamiðstöðin, Olís, 365 miðlar, umhverfisráðuneytið og Reykjavíkurborg styðja við Grænan apríl. „Við erum afar þakklátar fyrir að hafa fengið góða og trausta bakhjarla með okkur í Grænan apríl í ár. Einkum og sér í lagi að fá sterk og framsækin fyrirtæki í lið með okkur sem skilja hversu mikilvægt það er að sinna umhverfinu,“ segir Guðrún Bergmann, annar verkefnastjóri Græns apríl. Hún segir einnig mikilvægt að bæði umhverfisráðuneytið og Reykjavíkurborg hafi stutt verkefnið frá upphafi, það sýni að stefna stjórnvalda sé í samræmi við markmið Græns apríl. - þeb

# Mikilvægt að búa sig undir skjálftann

*Íbúar jarðskjálftasvæða ættu að gera allt sem hægt er til að verja sjálfa sig og eigur sínar fyrir tjóni. Ganga ætti frá heimilum þannig að sem fæst geti hrunið í skjálfta.*

Ekki er nóg að vera í vel byggðu húsi sem getur staðið af sér jarðskjálfta heldur ættu þeir sem búa á jarðskjálftasvæðum að gæta þess að ganga vel frá innanstokksmunum svo þeir valdi ekki skaða ríði stór skjálfti yfir.

„Það er mikilvægt að fólk gangi þannig frá heimilum sínum að það sé sem minnst hrunhætta,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Hann segir íslensk hús sem uppfylla reglugerðir sem settar voru á sjöunda áratug síðustu aldar eiga að standa af sér jarðskjálfta. Hættan sé því mest á því að lenda undir hlutum sem fari á hreyfingu í jarðskjálfta.

Hillur og skápa ætti að festa við veggi með þar til gerðum festingum. Til að forðast óþarfa eignatjón er gott að geyma brothætta innanstokksmuni ekki þar sem þeir geta dottið auðveldlega.

Nánari upplýsingar um viðbrögð við jarðskjálftum má finna í símaskránni og á vef Almannavarna.

brjann@frettabladid.is

> **Það er mikilvægt að fólk gangi þannig frá heimilum sínum að það sé sem minnst hrunhætta.**
>
> *Magnús Tumi Guðmundsson prófessor*



**HÆTTA** Íslensk hús eru flest byggð til að þola jarðskjálfta. Fólki stafar því yfirleitt mest hætta af innanstokksmunum sem detta í jarðskjálftum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Í JARÐSKJÁLFTA

**HVAÐ SKAL GERA?**

- Leita skjóls, til dæmis í dyragætt, í horni þar sem tveir burðarveggir koma saman eða undir borði.
- Krjúpa, skýla höfði og halda sér.
- Halda ró sinni.
- Ef fólk er úti er best að fara ekki inn fyrr en hættan er liðin hjá og forðast að vera nærri húsum þar sem eitthvað gæti hrunið.

**HVAÐ BER AÐ VARAST?**

- Að hafa hillur og skápa upp við veggi sem ekki eru festar við veggina.
- Að vera með þungar myndir og myndir í glerrömmum hangandi yfir rúmum.
- Að vera með vasa og aðra þunga hluti hátt uppi í hillum.
- Að vera með eitthvað sem getur dottið yfir rúmi.


FJÓRHJÓLADRIFINN QASHQAI DÍSIL FRÁ 5.090 ÞÚS. KR.

SHIFT_

NISSAN QASHQAI



ENNEMM / SÍA / NM56940

ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17“ álfelgur og margt fleira

Eldsneytisnotkun einungis frá 4,6l/100km.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070


Algjör draumur
- á hverri nóttu
BISPGÅRDEN myndir
2.990,-/stk.
B38×H48cm. Blóm
BAROMETER
borðlampi 7.490,-
H48cm. Nikkelhúðað
URSULA púðaver 2.690,-/stk.
B65×L65cm. Hvítt
Innri púði seldur sér
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
DEKAD vekjara-
klukka 1.190,-
B10×D6, H14cm
Svart
4.990,-
EMMIE RUTA sængurverasett
B150×L200/B60×L50cm. Hvítt/drappað
Einnig til hvítt/bleikt
10.950,-
HEMNES náttborð
B46×D35, H70cm. Hvítt
Einnig til í fleiri litum
URSULA teppi 5.990,-
B120×L180cm. Hvítt
26.950,-
HEMNES rúmgrind
Með miðstoð. B154×L211, H122cm
Dýnustærð B140×L200cm. Grábrúnt
Einnig til hvítt og svarbrúnt
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# MacBook Pro




## Fermingartilboð: **219.990.-***

**Verð áður:** 229.990.- *Vörunr. Z0MT*



Apple TV
**Verð: 22.990.-**



GoPro Vídeo upptökuvél
**Verð frá: 62.990.-**



Wacom teikniborð
**Verð frá: 12.990.-**



Shattered bakpoki
**Verð: 9.990.-**



Gítar fyrir iPad, iPhone eða iPod Touch
**Fermingartilboð: 14.990.-**
Fullt verð: 19.990.-



ION USB hljómborð
**Verð: 14.990.-**
Fullt verð: 19.990.-



Skullcandy heyrnatól
**Verð frá: 3.990.-**



Bower & Wilkis P3 heyrnatól
**Verð: 49.990.-**




Harman Kardon hátalari
**Verð: 44.990.-** Bluetooth
Þráðlaus / bluetooth



Vibro hátalari
**Verð: 17.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl eða meðan birgðir endast.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300

# iPad 4

## með Retina skjá



Verð frá: **89.990.-**

## iPad mini



Verð frá: **59.990.-**

## iPhone 5

16GB



Lækkað verð

Verð: **124.990.-**

Verð áður: 129.990.-

## iPhone 4



Verð: **79.990.-**

Maritech verður að Wise:

# Sami rekstur með nýtt nafn

Hugbúnaðarhúsið Maritech ehf. hefur breytt nafni sínu í Wise lausnir ehf. „Kennitalan helst óbreytt og nafnbreytingin kemur ekki til með að hafa áhrif á daglegan rekstur,“ segir í tilkynningu. Breytingin er fyrst og fremst sögð gerð til að styrkja vörumerkið Wise og samræma markaðsstefnuna við dótturfyrirtækið Wise Dynamics í Kanada.

Starfsmenn Wise lausna eru um 80 talsins. Sjötíu starfa á Íslandi og tíu í Halifax í Kanada. **- óká**

Tólf mánaða meðalverðbólga í löndum OECD jókst lítillega í febrúar og var 1,8 prósent:

# Á Íslandi mælist verðbólgan næstmest

**EFNAHAGSMÁL** Af löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD var 12 mánaða verðbólga í febrúar síðastliðnum næstmest á Íslandi, tæp 4,9 prósent. Einungis í Tyrklandi var verðbólgan meiri, 7,0 prósent.

Tölur fyrir febrúar frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi liggja ekki fyrir en síðustu mælingar þar sýndu 2,2 og rúmlega eins prósents verðbólgu. Í Japan mældist 0,6 prósenta verðhjöðnun í febrúar og verðlag í Sviss, Svíþjóð og Portúgal stendur í stað.

Í öllum löndum OECD var meðalverðbólga 1,8 prósent í febrúar, en var 1,7 prósent í mánuðinum þar á undan. Hér jókst verðbólgan um 0,7 prósentustig á sama tíma, en hefur farið hjaðnandi síðan því tölur frá því í mars sýna hér 3,9 prósenta verðbólgu.

Í tilkynningu sem fylgir neysluverðsvísitölu OECD segir að í meðaltalstölunum jafni sig út 1,6 prósentustiga hækkun á orkuverði og 0,3 prósentustiga lækkun matarverðs. **- óká**

**ÁRSVERÐBÓLGA Í VÖLDUM LÖNDUM/SVÆÐUM**

| Land | Verðbólga í febrúar 2013 |
|---|---|
| Frakkland | 1,0% |
| Þýskaland | 1,5% |
| Meðaltal OECD landa | 1,8% |
| Meðaltal ESB landa | 1,8% |
| Ítalía | 1,9% |
| Meðaltal evrulanda | 2,0% |
| Bandaríkin | 2,0% |
| Bretland | 2,8% |
| **Ísland** | **4,9%** |

*Heimild: Neysluverðsvísitala Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD*

Viðsnúningur í gengisþróun á fyrsta fjórðungi:

# Krónan hefur styrkst á árinu



Gengi krónunnar styrktist um 6,6 prósent frá áramótum til marsloka í ár. Fram kemur hjá Greiningu Íslandsbanka að þessi þróun skeri sig úr þegar horft er til sama tímabils síðustu ár.

Bent er á að í fyrra hafi krónan veikst um 5,7 prósent á sama tímabili og árið 2011 hafi veikingin numið 3,6 prósentum. „Krónan er nú á svipuðum slóðum og um miðjan september síðastliðinn og er því gengisveikingin sem varð á síðasta fjórðungi ársins 2012 að fullu gengin til baka,“ segir í umfjöllun Greiningar. „Skýringar á ólíkri þróun krónu nú miðað við síðustu ár liggja að mati okkar í aðgerðum Seðlabankans, betra jafnvægi á þjónustuviðskiptum yfir vetrartímann og líklega einnig í tilfærslu árstíðarsveiflunnar sem einkennt hefur krónuna síðustu árin.“ **- óká**

ÁTVR skilaði 1,34 milljarða króna hagnaði í fyrra:

# Sala ÁTVR á áfengi jókst á árinu 2012

ÁTVR hagnaðist um 1,34 milljarða króna í fyrra. Til samanburðar var hagnaður ársins 2011 1,2 milljarðar. Í fyrra jókst sala á áfengi um 0,54% í lítrum talið en selt magn dróst saman á árunum 2009 til 2011.

Sala á tóbaki dróst hins vegar saman hjá Vínbúðunum í fyrra, að reyktóbaki undanskildu. Sala neftóbaks minnkaði um 4,9% og sala á sígarettum um tæp 3%.

Heildartekjur ÁTVR voru 26,6 milljarðar króna í fyrra en þar af voru tekjur af sölu áfengis 17,8 milljarðar og tekjur af sölu tóbaks 8,7 milljarðar. Gjöld námu alls 25,2 milljörðum. ÁTVR greiddi 1.050 milljónir króna í arð til ríkissjóðs.

Þótt sala áfengis hafi aukist í fyrra er hún enn nokkru minni en á metárinu 2008 þegar seldir voru 20,4 milljón lítrar. Í fyrra voru hins vegar seldir 18,5 milljón lítrar, eða rúmlega 9% færri en árið 2008. **- mþl**






**SÍMINN** Síminn er langstærsta dótturfélag Skipta en það á einnig Skjáinn, Mílu, Senu og Trackwell, svo nokkur félög séu nefnd.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skipti brátt í hendur stóru lífeyrissjóðanna

Tillögur að endurskipulagningu Skipta voru kynntar á þriðjudag. Samkvæmt þeim verða skuldir félagsins lækkaðar um 35 milljarða króna og fá lánardrottnar og eigendur skuldabréfa Skipta hlutafé á móti. Klakki, eigandi Skipta, tapar nær öllu sínu.

Stærstu lífeyrissjóðir landsins verða helstu eigendur Skipta, móðurfélags Símans, verði hugmyndir um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins að veruleika. Samkvæmt tillögunum lækka skuldir félagsins úr 62 milljörðum króna í 27 milljarða.



**STEINN LOGI BJÖRNSSON**

„Þetta þýðir auðvitað að fjármagnskostnaður félagsins, sem hefur verið því þungur í skauti, lækkar mikið. Skuldirnar lækka mikið en þar að auki verða kjörin hagstæðari,“ segir Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta.

Í janúar tilkynntu Skipti að ákveðið hefði verið að hefja fjárhagslega endurskipulagningu. Fyrir hana eru Skipti í raun stærsta fyrirtæki landsins sem ekki hefur farið í endurskipulagningu eftir að hafa lent í skuldavanda eftir bankahrunið.

Markaður Fréttablaðsins hefur áður greint frá því að endurskoðunarfyrirtækið KPMG hafi verið fengið til að vinna tillögur að endurskipulagningu árið 2011 en ákveðið var þá um haustið að nýta þær ekki og fresta endurskipulagningu um sinn. Fremur var ákveðið að fylgja þriggja ára áætlun í rekstri félagsins sem miðað hefur að því að bæta rekstur félagsins. Sú áætlun hefur gengið ágætlega og hefur afkoma þess batnað til muna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, skatta og fjármagnsliði var um átta milljarðar í fyrra en til samanburðar var sama tala 5,4 milljarðar árið 2010.

Skuldastaða félagsins er hins vegar sem fyrr erfið. Alls námu skuldir samstæðunnar um 62 milljörðum um áramótin. Um helming þeirra má rekja til sambankaláns sem veitt var vegna kaupa á Símanum við einkavæðingu hans árið 2005. Skuldir vegna sambankalánsins eru á gjalddaga í desember og þá er 22 milljarða skuldabréfaflokkur félagsins á gjalddaga í apríl 2014.

Bankarnir að baki sambankaláninu, Arion banki þeirra stærstur, hafa veð í eignum Skipta. Að baki skuldabréfunum eru engin veð. Stærstu eigendur þeirra eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Gildi lífeyrissjóður og Almenni lífeyrissjóðurinn.

Á þriðjudag voru kynntar tillögur að skilmálum endurskipulagningarinnar. Klakki ehf., áður Exista, er fyrir hana eini eigandi Skipta en ljóst er að við hana mun eign Klakka þynnast út og verða óveruleg. Klakki hefur samþykkt tillögurnar.

Tillögurnar kveða á um að öllum skuldabréfunum verði breytt í eða skipt fyrir hlutafé. Í öðru lagi verður öllum kröfum Arion banka, sem ekki eru hluti af sambankaláninu eða öðrum veðlánum, breytt í eða skipt fyrir hlutafé. Í fjórða lagi verður sambankalánið endurfjármagnað að fullu með annars vegar 19 milljarða láni frá Arion banka og hins vegar annarri fjármögnun upp á átta milljarða en nýju lánin verða tryggð með fyrsta veðrétti í eignum Skipta.

Eigendur skuldabréfanna þurfa nú að veita samþykki sitt fyrir endurskipulagningunni en þeir munu samkvæmt því fá á bilinu 72,3% til 78,7% upp í kröfur sínar. Steinn Logi segist ekki eiga von á öðru en að endurskipulagningin hljóti samþykki enda hafa tillögurnar verið unnar í samvinnu við alla stærstu kröfuhafa.

**magnusl@frettabladid.is**

## Breytingar á samsteypunni vegna samkeppnisbrota

Skipti og stærsta dótturfélag þess, Síminn, hafa ítrekað verið til rannsóknar hjá samkeppnisyfirvöldum á síðustu árum. Nú síðast voru Skipti sektuð um 300 milljónir króna í febrúar vegna samkeppnisbrota. Þetta var þó ekki í eina skiptið sem samkeppnisyfirvöld hafa sektað annað þessara félaga því samanlagt hafa þau þurft að greiða 1,2 milljarða króna í sektir vegna samkeppnisbrota frá árinu 2010. Í tengslum við sektargreiðsluna í febrúar var hins vegar gerð heildarsátt um að ljúka þeim málum Skipta og Símans sem Samkeppniseftirlitið hefur haft til rannsóknar.

Samkvæmt sáttinni viðurkenna Skipti ekki brot á samkeppnislögum en samþykkja þó, auk þess að greiða sektina, að grípa til ákveðinna breytinga á skipulagi samstæðunnar til að efla samkeppni. Nánar tiltekið verður nú gerður skýr aðskilnaður á milli annars vegar grunnkerfa samstæðunnar, sem Míla rekur, og hins vegar smásölustarfsemi Símans. Þetta er gert til að tryggja að keppinautar Símans sitji við sama borð þegar kemur að aðgangi að grunnfjarskiptakerfum og kaupum á fjarskiptaþjónustu af samstæðunni á heildsölustigi.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta, segir að skipulagsbreytingarnar eigi ekki að hafa veruleg neikvæð áhrif á rekstur samstæðunnar. „Á síðustu árum hefur orðið gríðarlegur rekstrarbati sem hefur byggst á aðgerðum í rekstri og hagræðingu. Það var lykilatriði hjá okkur við gerð þessarar sáttar að hún myndi ekki snúa við þeim hagræðingaraðgerðum sem við höfum ráðist í. Á þá kröfu var fallist þannig að við eigum ekki von á því að þetta muni hafa verulega neikvæð áhrif á rekstrarafkomuna þó þetta gæti minnkað möguleika á frekari hagræðingu en við höfum þegar gert ráð fyrir því. Þá má bæta við að ég held að það felist ákveðin tækifæri í þessari sátt,“ segir Steinn Logi.



Fyndnustu grínyrkjar Íslandssögunnar
Kaffibrúsakarlarnir
STANSLAUS STEYPA OG STURLAÐUR HLÁTUR
GÍSLI RÚNAR JÓNSSON
JÚLÍUS BRJÁNSSON
„Þið hafið engu gleymt - frábær skemmtun!"
Einar E Guðmundsson - úr röðum áhorfenda
„Stóri Kaffibrúsakarlinn og Shakespeare eiga eitt sameiginlegt: Hvorugur hefur sagt neitt af viti árum saman."
Gári Stefánsson - c/o Íslensk húmorgreining ehf.
„Kaffibrúsakarlarnir eru æðislegir. Punktur."
Björn Thorodsen - tónlistarmaður
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS
MIÐASALA Í FULLUM GANGI
KOMANDI SÝNINGAR
LAUGARDAGUR 6. APRÍL KL. 20.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
FÖSTUDAGUR 12. APRÍL KL. 20.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGUR 13. APRÍL KL. 20.00
FÖSTUDAGUR 19. APRÍL KL. 20.00
LAUGARDAGUR 20. APRÍL KL. 20.00
facebook.com/Kaffibrusakarlarnir
MIÐASALA Í AUSTURBÆ Í SÍMA 571 5900 OG Á MIÐI.IS
NESCAFÉ
HOMEBLEST GOTT... ...BÁÐUM MEGIN!
midi.is
AUSTURBÆR

Mikil hreyfing er á fylgi flokkanna:

# Kosningaloforðin eru rétt að byrja

Í dag eru rétt rúmar þrjár vikur til kosninga. Samkvæmt skoðanakönnunum er Framsóknarflokkurinn stærstur, Sjálfstæðisflokkurinn hefur aðeins einu sinni mælst minni og stjórnarflokkarnir tveir, Vinstri græn og Samfylking, bíða afhroð. Stærsta nýja framboðið er Björt framtíð, afleggjari frá Besta flokknum sem vann stórsigur í Reykjavík í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Þetta eru allt stórtíðindi og það verður hart barist á næstu vikum. Mjög margir kjósendur eru enn óákveðnir og fylgið virðist vera á floti. Um tuttugu þúsund nýir kjósendur eru á kjörskrá og kannanir benda til að sá kjósendahópur sé ekkert endilega hallur undir stóru flokkana.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Þannig myndu Píratar fá örugga fimm þingmenn, samkvæmt síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, ef atkvæði nýrra kjósenda fengju að ráða. Þegar allir kjósendur eru annars vegar ná Píratar ekki yfir fimm prósenta þröskuldinn.

Nærri þriðjungur kjósenda í síðustu alþingiskosningum ákvað hvað hann ætlaði að kjósa á sjálfan kjördag. Þetta kemur fram í frétt á blaðsíðu 6 í Fréttablaðinu í dag. Fastafylgi stóru flokkanna er ekki eins tryggt og það hefur verið. Í dag er miklu meiri hreyfing á fylgi flokka, að því er virðist.

Það verður því hart barist um óákveðnu atkvæðin á næstu þremur vikum. Líklega verður það gert með stóryrtum loforðum. Forsvarsfólk flokkanna á eftir að lofa meiru og meiru næstu vikur. Það eru litlar líkur á að hér fari fram umræða um hófsamar og skynsamlegar lausnir á málefnum þjóðarinnar. Miklu líklegra er að umræðan fari fram í stærri og stærri yfirlýsingum.

Stærsti flokkurinn samkvæmt könnunum er líka sá flokkur sem hefur lofað mestu. Um þriðjungur kjósenda segist ætla að kjósa Framsóknarflokkinn. Hann mælist stærstur. Andstæðingar væna flokkinn um lýðskrum og segja kosningaloforðin allt of stór. Stuðningsmenn formannsins, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, svara því til að þeirra maður hafi staðið í lappirnar í Icesave-málinu. Hann virðist eiga fullt inni hjá þjóðinni sem var sammála honum þegar kom að því að hafna Icesave-samningnum. Það gerði fólk þrátt fyrir spár um að Ísland yrði að Kúbu norðursins ef ekki yrði samið.

Það er því ekki nema von að nærri þriðjungur þjóðarinnar yppi öxlum þegar sérfræðingar segja að kosningaloforð Framsóknar um að lækka skuldir heimilanna muni velta hér öllu á hliðina. Fólk hefur misst traust á slíkum yfirlýsingum og veit fyrir víst að ástarbréfaviðskipti Seðlabanka til dæmis og endurreisn bankakerfisins kostuðu okkur meira en tillögur Framsóknar eiga að kosta.

Litlar líkur eru á að Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni fatist flugið á næstu þremur vikum. Við eigum samt eftir að sjá hvernig fylgi hans mun sveiflast á næstu vikum þegar aðrir flokkar byrja að lofa meiru og meiru.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




### Hvað orsakar fylgisflæðið?

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur var í samtali við Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í gær þar sem hún var fengin til að greina ástæður þess að Framsókn eykur fylgi sitt á kostnað Sjálfstæðisflokks. Stjórnendur spurðu hvort áhersla framsóknarmanna á verðtryggingu væri ekki lykillinn að flótta á milli en hún taldi það ekki spila stærstu rulluna. Þetta snerist líka um persónueiginleika formannanna.



### Sama röddin?

Sigmundur hefði það nefnilega með sér að hafa „góða og djúpa rödd“, meðfæddan eiginleika sem léði honum traustvekjandi framkomu. En mælti Sigmundur ekki með sömu djúpu röddinni á meðan fylgi Framsóknar mældist í algjöru lágmarki lungann af kjörtímabilinu?

### Hver gefur tóninn?

Ekki eru allir á eitt sáttir um þau málefni sem eru efst á baugi í fjölmiðlaumræðu kosningabaráttunnar. Þeirra á meðal er Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingar, sem furðar sig á því í viðtali við Smuguna að RÚV skuli ekki helga umhverfismálum sérstakan þátt í kosningaumfjöllun sinni. Það má vera hið besta mál að vekja athygli á því. Hitt er þó athyglisvert að í viðtölum Fréttablaðsins við forystumenn fimm stærstu flokkanna vék enginn þeirra að umhverfismálum, að undanskilinni Katrínu Jakobsdóttur hjá VG, í hálfgerðu framhjáhlaupi. Gæti vandinn frekar legið í því að stjórnmálaforingjarnir séu full deigir við að halda umhverfismálum á lofti?



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Lækkum skatta

SKATTAMÁL



**Þórey Vilhjálmsdóttir**

7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður

Síðustu ár hafa einkennst af því að verið sé að segja okkur hversu erfitt líf okkar sé, hversu bratt við förum fyrir hrun og hvernig við eigum ekkert annað skilið en að þurfa nú að greiða fyrir það með skattahækkunum. Skattalækkanir eru einhver fjarlæg Útópía sem verður ekki í boði næstu árin eða áratugina. Þessi vísa hefur verið oft kveðin, svo oft að við höfum öll fengið nóg. Það þarf ekki að árétta það hvert þessi skilaboð og þessi stefna hefur leitt okkur. Flest heimili finna fyrir þeirri staðreynd á eigin skinni að ráðstöfunartekjurnar hafa dregist saman um 20% á undanförnum árum og lífsgæðin samkvæmt því.

### Segjum satt – það er hægt að lækka skatta

En þessi stöðugi áróður er ekki sannleikur, sama hversu oft honum er haldið fram. Leiðin út úr efnahagslægð er ekki skattahækkanir heldur skattalækkanir. Þau lönd sem hafa náð einna mestum árangri í að vinna sig út úr kreppu eru þau sem fóru þá leið að hækka ekki skatta. Fyrrverandi forsætisráðherra Finna, Esko Aho, sagði í erindi á Viðskiptaþingi að skattalækkanir hefðu bjargað velferðarkerfi Finnlands á sínum tíma. Sagan segir okkur að þegar skattar hafa verið lækkaðir aukast skatttekjur ríkisins því umsvif í samfélaginu aukast.

> ➜ **Það er vel hægt að lækka skatta og gjöld og auka þannig ráðstöfunartekjur**

### Auðveldari mánaðamót

En hvað er brýnast að gera? Tekjuskattslækkanir eru þar efst á blaði, þær auka ráðstöfunartekjur heimilanna og hækka útborguð laun. Annað sem er gríðarlega mikilvægt er eldsneytiskostnaður, sem er stór útgjaldaliður fyrir flest heimili. Lækka þarf eldsneytisgjaldið til þess að minnka vægi þessa útgjaldaliðar og aftur, auka ráðstöfunartekjur. Annar stór útgjaldaliður er innkaupakarfan, með því að lækka tolla og vörugjöld er hægt að lækka vöruverð og auka enn við ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar – allt þetta gerir mánaðamótin auðveldari.

Það er hægt að bæta fyrir þær álögur sem fyrri ríkisstjórn hefur lagt á heimilin í landinu og gefa fjölskyldum von um betri framtíð. Látum ekki segja okkur að þetta sé ekki hægt, það er vel hægt að lækka skatta og gjöld og auka þannig ráðstöfunartekjur. En til þess að svo megi verða þarf Sjálfstæðisflokkurinn að leiða næstu ríkisstjórn – eini flokkurinn sem mun lækka skatta og þar með auka ráðstöfunartekjur heimilanna í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þegar stjórnmálamaður þegir

STJÓRNMÁL



**Heimir Eyvindarson**
3. sæti á lista Bjartrar framtíðar í Suðurkjördæmi

Þegar stjórnmálamaður þegir er hann yfirleitt bara að bíða eftir því að komast að. Sjaldgæfara er að menn hlusti í alvörunni á það sem „andstæðingurinn“ hefur að segja.

Björt framtíð vill breyta umræðuhefð íslenskra stjórnmála og hvetur til þess að fólk tali saman af virðingu og láti af skítkasti og níði. Ekkert skítkast er raunar eina kosningaloforð flokksins. Sumum finnst það léttvægt markmið í stjórnmálabaráttu að hvetja til bættra samskipta, en það getur svo sannarlega skipt máli.

Eitt mikilvægasta viðfangsefni næstu ríkisstjórnar verður að finna skynsamlega lausn á skuldavanda heimilanna. Brýnt er að vel takist til og því lykilatriði að allar leiðir sem nefndar hafa verið – og eiga jafnvel eftir að koma fram – verði skoðaðar með opnum huga. Við höfum ekki efni á því að þingmenn þrátti um það fram eftir næsta kjörtímabili hvaða leið skuli fara og hver hafi fattað upp á hverju.

Því miður er það þó svo að allnokkrar líkur eru á að svo verði. Hversu oft höfum við ekki séð stjórnmálamenn afgreiða tillögur annarra sem argasta bull og þvætting. Án þess að skoða þær að neinu marki.

**Hægt að gera betur**

Leiðtogar fráfarandi ríkisstjórnar hafa verið fastir í þessu gamla stjórnmálafari og iðulega skellt skollaeyrum við ábendingum sem ekki koma úr þeirra ranni. Þeim hefði til að mynda betur borið gæfa til að hlusta á þá sem bentu á augljósa galla 110% leiðarinnar, sem kostaði í kringum 50 milljarða og gagnaðist fáum. Nema lánastofnunum, því með henni var tryggt að fólk sem hefði kannski betur látið stofnununum eftir eignir sínar gat haldið áfram að borga. Um stund.

Ekki var heldur hlustað á þá sem bentu á nauðsyn þess að setja þak á verðbætur. Þessvegna eru þær skuldir sem færðar voru niður í 110% markið að nálgast fyrra horf. Jafnvel gott betur. Flöt 20% leiðrétting hefði vitanlega farið sömu leið, ef gripið hefði verið til þess ráðs án þess að þaksetja verðbætur.

Það er ljóst að hægt er að gera betur í að laga stöðu heimilanna. Bankarnir stefna hraðbyri inn í nýtt góðæri og geta hæglega komið betur til móts við lántakendur. Staða Íbúðalánasjóðs er hinsvegar öllu verri, en einhvern veginn verður samt að koma til móts við þá sem eiga lán sín þar. Það er hins vegar engin lausn að færa niður skuldir en breyta í engu umhverfinu sem við búum við.

Fyrsta skrefið er að tala saman. Hlustum á hvort annað með opnum huga. Það gildir einu hvaða góðar hugmyndir koma.

**➜ Leiðtogar fráfarandi ríkisstjórnar hafa verið fastir í þessu gamla stjórnmálafari og iðulega skellt skollaeyrum við ábendingum sem ekki koma úr þeirra ranni.**

# Kórdrengir réttvísinnar

DÓMSMÁL



**Hjörleifur Sveinbjörnsson**
þýðandi

Börkur Birgisson og Annþór Karlsson afplána dóma á Litla-Hrauni. Það er að verða ár síðan þriðji fanginn, Sigurður Hólm, dó á Hrauninu. Allar götur síðan hafa Börkur og Annþór verið vistaðir á einangrunargangi og liggja þeir undir grun um að hafa orðið Sigurði heitnum að bana.

Nú þegar verið er að vinda ofan af Guðmundar- og Geirfinnsmálum, þökk sé Ögmundi Jónassyni dómsmálaráðherra, er vert að halda því til haga að maður sem er grunaður um glæp telst saklaus nema hann verði sannur að sök. Réttarkerfi þess tíma missti sjónar á þessum sannindum með þeim afleiðingum að málin hafa legið eins og mara á þjóðinni í fjóra áratugi. Og ekki bara réttarkerfið: Stórir hópar í samfélaginu heimtuðu sökudólga og fólk úr heimi stjórnmála og fjölmiðla kynti undir svo úr varð eitruð blanda. Sökudólgarnir fundust m.a. vegna þess að það var argað að þeir yrðu að finnast.

Til að réttarríkið standi undir nafni verður að tryggja sakborningum réttláta málsmeðferð. Alveg sama hvað þeir kunna að vera illa kynntir og bjóði ekki af sér góðan þokka. Sævar og félagar voru ekki neinir kórdrengir sem sóttir voru inn í fermingarveislu, eins og réttvísin orðaði það svo háðslega á sínum tíma. Börkur og Annþór eru ekki neinir kórdrengir heldur og framkoma Barkar í garð dómsvaldsins hefur síst orðið honum til framdráttar, en réttarríkið á að hafa sinn gang fyrir því.

Ófreskjuna Breivik er varla hægt að nefna í sömu andrá og annað fólk, ekki heldur miður vel lukkaða kórdrengi, en það er norsku samfélagi og réttarkerfi til ævarandi hróss að jafnvel hann fékk réttláta málsmeðferð.

**Fyrirfram dómar**

Ég hef engar forsendur til að leggja mat á sekt eða sakleysi Barkar og Annþórs gagnvart ákæru um að vera valdir að dauða samfanga þeirra en ég hef áhyggjur af því að almannarómur telji þá seka fyrir fram. Ég óttast líka að réttvísin sé sama sinnis. Úr þeirri átt heyrðist að það hefði bara verið tímaspursmál hvenær eitthvað þessu líkt gerðist. Sú hugsun kallast því miður á við ýmsa fyrirframdómana í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, s.s. þau orð þáverandi dómsmálaráðherra að þungu fargi væri létt af þjóðinni, þegar lögreglan lýsti því yfir hverjir hinir seku væru.

Hátt í ársvist á einangrunargangi, með mjög takmörkuðum möguleikum á að hreyfa sig, getur varla verið mannbætandi. Er fangelsið svona vanbúið? Er verið að tryggja öryggi einhverra? Og það sem mestu skiptir: Fer ekki að bóla á krufningarskýrslu eftir allan þennan tíma svo botn fáist í þetta mál og hinni löngu einangrun megi ljúka? Ég held að það sé til bóta að fá svör við þessum spurningum.

Mér dettur ekki í hug að mæla ofbeldisverkum bót. Fyrir mér mega og eiga ofbeldismenn að fá makleg málagjöld en enn og aftur: Þeir verða þá að vera sannir að sök, að undangenginni réttlátri málsmeðferð. Besti punkturinn aftan við Guðmundar- og Geirfinnsmál er að þau endurtaki sig ekki.

**➜ Til að réttarríkið standi undir nafni þarf að tryggja sakborningum réttláta málsmeðferð. Alveg sama hvað þeir kunna að vera illa kynntir ...**





Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

Innifalið í námskeiðinu:
- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem dregur úr sykurlöngun og stuðlar að því að þú náir varanlegu þyngdartapi
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is




DAGUR & STEINI

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri




**Velkomin í 4G þjónustu Nova**
**Við förum í loftið í dag 04. 04.**

*Nánari upplýsingar um 4G þjónustu Nova á nova.is.*

Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA






# Í fullorðinna tölu?

SAMFÉLAGSMÁL



**Inga Dóra Pétursdóttir**
framkvæmdastjóri UN Women á Íslandi

Ég man hversu upprifin ég var þegar amma mín sagði mér frá sinni fermingu. Hún sagði að það hefði verið merkilegur dagur því þann dag hefði hún komist í fullorðinna tölu og fengið sitt fyrsta úr. Amma mín, sem fæddist í torfbæ norður í landi, sagði að öllu hefði verið til tjaldað til að gera daginn sem glæsilegastan. Ég var átta ára og það sem vakti mesta athygli mína var að ég yrði fullorðin eftir aðeins nokkur ár og fengi þá loksins að njóta allra þeirra forréttinda sem mér voru meinuð sem barni.

Eftir því sem að nær dró fermingardeginum jókst áhuginn á því að verða fullorðin, en ekki á fermingunni sjálfri. Hvernig átti ég að vita hvort ég væri kristin eða ekki? Og ef svo væri, vildi ég vera það um alla tíð? Eftir mikla umhugsun tilkynnti ég fjölskyldunni að ég ætlaði svo sannarlega að komast í fullorðinna tölu um vorið en vildi ekki láta ferma mig. Undirtektirnar voru ekki jákvæðar, nema frá föðurömmu minni sem var prestsekkja. Hún sagðist vel skilja að ég gæti ekki tekið þessa ákvörðun á þessum tímapunkti því ég væri bara barn. Að lokum fékk ég það í gegn að fermast ekki. Hvort maður fermist eða ekki hefur engin úrslitaáhrif á framtíð manns en það er erfitt fyrir ungt fólk að fara gegn venjum samfélagsins.

Á hverri mínútu ganga þúsundir ungra stúlkna í gegnum mun afdrifaríkari athöfn, oftast gegn vilja sínum; þær eru gefnar í hjónabönd. Þrátt fyrir að lög í velflestum samfélögum segi til um að börn þurfi að hafi náð 18 ára aldri til að giftast er meðalaldur brúða víða 14 ár og í Bangladess eru 12 prósent brúða gift undir 12 ára aldri. Vandinn er víðtækur en 39 þúsund stúlkur eru gefnar í hjónaband á hverjum degi! Ef ekkert verður að gert verða 140 milljónir stúlkna giftar á næstu tíu árum.

Ástæður þess að stúlkur eru gefnar í hjónaband á unga aldri eru ekki einfaldar. Flestar hafa þó lítið eða ekkert val. Rótgróið kynjamisrétti, samfélagslegur þrýstingur, fátækt foreldra og skortur á tækifærum til menntunar og atvinnu eru þó helstu ástæður þessa víðtæka vanda.

**Upprætum barnabrúðkaup**

Afnám ofbeldis gegn stúlkubarninu er áhersluatriði Styrktarsjóðs UN Women í ár. Sjóðurinn leggur mikla áherslu á að stuðla að hugarfarsbreytingu svo hjónabönd stúlkna verði afnumin. Rannsóknir sýna að slík hjónabönd hafa víðtæk áhrif á samfélagið í heilsufarslegu, efnahagslegu sem og félagslegu tilliti. Stúlkur sem giftast kornungar fá síður tækifæri til að mennta sig og eiga þar af leiðandi síður kost á góðu starfi sem gerir þær efnahagslega sjálfstæðar. Einnig eru ómenntaðar mæður ólíklegri til að hvetja sín börn til menntunar og að brjótast þannig úr fátækt.

Mæðradauði er gífurlega hár á meðal unglingsstúlkna í þróunarríkjum og helsta dánarástæða stúlkna á aldrinum 15 til 18 ára er vandamál á meðgöngu eða við fæðingu. Flestar þessara ungu mæðra eru í hjónabandi. Meðganga og fæðing ógna ekki einungis lífi mæðranna, ungbarnadauði er 50% hærri meðal barna unglingsstúlkna en mæðra á þrítugsaldri.

**➜ Mæðradauði er gífurlega hár á meðal unglingsstúlkna í þróunarríkjum og helsta dánarástæða stúlkna á aldrinum 15 til 18 ára er vandamál á meðgöngu eða við fæðingu.**

Rannsóknir sýna að stúlkur sem giftast ungar eru mun líklegri en aðrar til að verða fyrir líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Valdamunur stúlknanna og eiginmannanna hindrar þær í að krefjast réttinda sinna og oft hamlar tengdafjölskylda stúlkum að eiga í samskiptum við fjölskyldu sína og vini. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að slík hjónabönd eigi sér stað og við verðum að stuðla að valdeflingu þeirra stúlkna sem nú þegar eru giftar.

Þjóðarleiðtogar hafa sammælst um mikilvægi þess að draga úr fátækt fyrir árið 2015. Til þess að árangur náist verðum við að taka höndum saman. Mikilvægur liður í því er að raddir hinna fjölmörgu barnabrúða fái að heyrast og skilningur á stöðu þeirra vaxi.

UN Women á Íslandi hefur hrundið af stað auglýsingaherferð sem minnir okkur á að 14 ára stúlkur eru ekki komnar í fullorðinna tölu. Á síðustu hundrað árum hefur orðið mikil hugarfarsbreyting á Íslandi varðandi hlutverk kynjanna og ólíkra kynslóða í samfélaginu. Hefðir eru nefnilega ekki óbreytanlegar. Líkt og mannréttindafrömuðurinn Desmond Tutu minnir á: „Hefðir lifa ekki einar og sér, þær eru búnar til af fólki. Þess vegna getum við breytt þeim. Ég hef séð slíkar breytingar sjálfur. Upprætum barnabrúðkaup á einni kynslóð. Þetta eru börn, ekki brúðir.“

# Hvaða lögun tekur ESB í framtíðinni?

EVRÓPUMÁL



**Vivien Pertusot**
yfirmaður skrifstofu frönsku alþjóðamálastofnunarinnar í Brussel



Ein er sú umræða sem verður æ mikilvægari: Hvernig mun Evrópusambandið þróast á komandi árum? Áhersla stjórnmálanna undanfarið hefur fyrst og fremst verið á að hafa hemil á þeirri krísu sem skekið hefur heiminn, stundum að því marki að erfitt er að greina hvort fylgt sé skýrri stefnu. Eftir fjölmarga fundi hefur leiðtogaráð ESB komist að þeirri niðurstöðu að unnið skuli að frekari samruna. Þessi leið hefur verið samþykkt, þó ekki án tregðu nokkurra aðildarríkjanna, en hin þýska forysta (sem leggur til lausnir og streitist gegn öðrum) hefur tekið þá afgerandi afstöðu að útiloka aðra valkosti frá umræðunni. Á síðustu þremur og hálfu ári hefur gömul umræða einnig komið fram í dagsljósið: Getum við ætlað öllum aðildarríkjunum að fara á sama hraða? Ef ekki, hvernig á þá að nálgast þessar aðstæður? Lausnin hefur verið fólgin í svokölluðum breytilegum samruna, en þannig geta sum lönd tekið frekari þátt í samrunanum, á meðan aðrir ílengjast í biðstofunni.

Þó getur verið erfitt að viðhalda þessari skynsamlegu nálgun. Sem dæmi má nefna að sáttmálinn um samræmi í ríkisfjármálum (e. fiscal compact) hefur verið samþykktur og fullgiltur af 25 aðildarríkjum – Bretland og Tékkland sögðu nei. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem frumkvæði hefur verið innleitt með uppruna sinn utan aðgerðaramma ESB – það var einnig raunin með Schengen-svæðið. Ástandið getur þó haft í för með sér óþekktar afleiðingar þar sem sáttmálinn um samræmi í ríkisfjármálum er áfangi á leið til frekari samþættingar á öðrum stefnum (t.d. bankasamstarfi og ríkisfjármálasambandi). Þá er það enn mikilvægara að allar þær leiðir og gerningar sem hafa verið skapaðar á síðustu árum, sem og þær sem eru í burðarliðnum, eru mótaðar fyrir evrusvæðið.

**Aukinn sveigjanleiki**

Því lengra sem evrusvæðið gengur til að leiðrétta annmarka sína, þeim mun meira eykst bilið á milli þess, þeirra ESB-ríkja sem bundin eru af samningum um að sameinast á einhverjum tímapunkti, og þeirra sem hafa valið að taka ekki þátt í evrusamstarfinu (Bretland og Danmörk). Að sama skapi verður þeim mun erfiðara að viðhalda jafnvægi innan ESB en til að mynda erum við nú að hugleiða fjárhagsáætlun fyrir evrusvæðið, sniðmát fyrir evrusvæðið í Evrópuþinginu o.s.frv. Þar að auki hafa sum lönd ákveðið að taka samrunann skrefinu lengra. Ellefu ríki innan evrusvæðisins hafa ákveðið að koma á sameiginlegum skatti á fjármálaviðskipti.

Breytilegur samruni er ekki nýtt fyrirbæri, en ósvaraðar spurningar kunna að skjóta upp kollinum á næstu árum, þar sem breytilegur samruni gæti færst frá því að vera sjálfgefinn yfir í að vera markmið í sjálfu sér. Þetta gæti til að mynda falið í sér að sum verkefni væru aðeins ætluð sumum aðildarríkjum og ekki öðrum.

**➜ Getum við ætlað öllum aðildarríkjunum að fara á sama hraða? Ef ekki, hvernig á þá að nálgast þessar aðstæður? Lausnin hefur verið fólgin í svokölluðum breytilegum samruna.**

Umræðan í Bretlandi bætir einnig nýrri vídd við þessa umræðu: Hvað ef ein-stærð-hentar-öllum samruninn hefur náð eins langt og hann getur og það sé kominn tími til að bjóða upp á meiri sveigjanleika fyrir þau lönd sem vilja taka þátt í nýjum og spennandi stefnum? Mikilvægi þessarar spurningar mun vaxa þar sem samruni fær á sig æ neikvæðari blæ meðal almennings í ríkjum Evrópusambandsins.

# DORMA – svo allir hvílist betur!



## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

STILLANLEG HEILSURÚM ÓTRÚLEGT VERÐ

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 2x80x200 | kr. 375.800 |
| 2x90x200 | kr. 399.800 |
| 2x90x210 | kr. 405.800 |
| 2x100x20 | kr. 423.800 |
| 120x200 | kr. 230.900 |
| 140x200 | kr. 257.900 |

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S SHAPE heilsurúm



Gafl seldur sér

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 97.900 |
| 100x200 | 109.900 |
| 120x200 | 121.900 |
| 140x200 | 143.900 |
| 160x200 | 163.900 |
| 180x200 | 181.900 |

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

12 MÁNAÐA AFBORGANIR VAXTALAUST
3,5% lántökugjald

## NATURE'S REST heilsurúm

FERMINGAR-TILBOÐ HEILSURÚM

| Stærð cm. | Fullt verð | Ferm.-tilboð |
|---|---|---|
| 90x200 | 76.900 | 65.365 |
| 100x200 | 80.900 | 68.765 |
| 120x200 | 89.900 | 76.415 |
| 140x200 | 99.900 | 84.915 |

Nature's Bedding



DÝNA BOTN OG LAPPIR

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Frábærar kantstyrkingar
- 320 gormar pr fm$^2$

## NATURE'S COMFORT heilsurúm

Nature's Bedding

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 100x200 | 99.900 |
| 120x200 | 113.900 |
| 140x200 | 131.900 |
| 160x200 | 147.900 |
| 180x200 | 159.900 |



DÝNA BOTN OG LAPPIR

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir

## FLORIDA
hornsófi með tungu



KOMINN AFTUR Í DORMA

Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt
Einnig til hornsófi með tungu XL.

Aðeins kr. 195.900

VINSÆLIR GOTT VERÐ SÓFAR

## RIVER
svefnsófi með tungu



NÝ DORMA-VARA

Pokagormar
Rúmfatageymsla

Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.

Aðeins kr. 159.990

OPIÐ Holtagörðum
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnud.aga kl. 13-16

DORMA
– býður góða nótt

Pöntunarsími ☎ 512 6800
www.dorma.is




# Hver borgar brúsann?

SKULDAMÁL



**Úrsúla Jünemann**
kennari og leiðsögumaður

Er það „glæpsamlegt athæfi" hér á landi að vera hófsamur, raunsær og heiðarlegur? Hér er smá dæmisaga:

Einu sinni voru þrjár systur. Þær fæddust í landi sem hafði nóg af auðlindum þannig að allir íbúar gætu lifað góðu lífi. En þetta varð aldrei raunin.

Elsta systirin kynntist manni sem var frekar stórtækur og samviskulaus. Hann fór að braska með peninga sem aðrir áttu, borgaði sjálfum sér ævintýralegar arðgreiðslur, setti svo allt á hausinn og fór með hagnaðinn úr landi í skattaskjól. Systirin kunni vel við að lifa áfram í vellystingum og hafði ekki nokkurt samviskubit.

Önnur systirin vildi líka vera rík og vel stödd. Tekjur hennar og eiginmannsins buðu reyndar ekki upp á að fullnægja öllum þörfum um betra líf. En þau vildu vera með í góðærinu, seldu litlu íbúðina sína og keyptu sér stórt einbýlishús. Þar var ekkert sparað við að fá innréttingarnar sem flottastar. Þau keyptu sér líka veglegan jeppa því þetta var jú stöðutákn þeirra sem voru menn með mönnum. Þau voru alltaf fín í klæðnaði, allt eftir nýjustu tísku og það skipti ekki máli hvort eitt skópar kostaði 10.000 eða 30.000 krónur. Auðvitað fóru þau líka reglulega í utanlandsferðir. Þau slógu lán til að geta leyft sér þetta allt saman og pældu ekki í því hvernig hægt væri að borga skuldirnar til baka. „Þetta mun reddast". Og þau kusu þann flokk sem bauð mestan hagvöxt og lofaði öllu fögru í sambandi við að skapa áhugaverð og vel borguð störf og áframhaldandi góðæri þar sem allir gætu grætt á daginn og grillað á kvöldin.

### Óraunsæjar aðgerðir

Þriðja systirin kunni sér hóf. Hún og maðurinn hennar keyptu sér lítið raðhús. Þau áttu lengi vel engan bíl því þau réðu ekki við að fjármagna hann. Þau reyndu að nýta alla hluti eins og hægt var og stóðu alltaf í skilum með allar afborgarnir. Þau keyptu ekkert nema eiga fyrir því en voru samt ánægð með lífið. Þeim tókst að vera skuldlaus eftir 20 ár.

**➔ Nú er stutt í kosningar. Alls konar loddarar bjóða gull og græna skóga ef þeir komast til valda.**

Nú er stutt í kosningar. Alls konar loddarar bjóða gull og græna skóga ef þeir komast til valda. Bjóða einhver lifandis ósköp af niðurfellingu skulda. Bjóða að redda skuldavandamálum heimilanna með einhverjum óraunsæjum aðgerðum, bjóða afnám verðtryggingar og lækkun skatta.

Hver mun borga brúsann af svona aðgerðum? Ef það á að fella niður skuldir þeirra sem tóku flugið allt of hátt þá er líklegt að það muni verða frekari niðurskurður, til dæmis í velferðarkerfinu og menntakerfinu á móti. Einvers staðar þarf að ná í peningana. Þeir verða ekki til af engu.

Þriðja systirin mun væntanlega ekki vera mjög sátt við það að einstaklingum hér á landi sem eru hófsamir, raunsæir og heiðarlegir verði refsað fyrir óráðsíu annarra.

# Opnum bókhaldið

STJÓRNMÁL



**Smári McCarthy**
pírati

Það er oft stór munur á fjárhagsáætlun ríkisins – sem fjárlög eru – og svo því sem er raunverulega eytt. Því vilja Píratar gera bókhald ríkisins opið.

Píratar vilja að allar bókhaldsfærslur ríkisstofnana verða gerðar aðgengilegar um leið og reikningar hafa verið samþykktir. Þannig gæti verið vefsíða sem uppfærist jafnóðum sem sýnir stöðuyfirlit í ríkisfjárhag, bæði í texta og myndrænt, og hjálpar almenningi – sem og embættismönnum – að sjá hver staðan er með tilliti til fjárlaga.

Ef Píratar fá sínu fram verða nákvæmar upplýsingar aðgengilegar um allar peningafærslur ríkisins, þar með talið upplýsingar um hver tók við greiðslunni og hver samþykkti greiðsluna. Þetta er til þess að hægt sé að sjá hvernig ríkið hagar sínum innkaupum og hvort verið sé að gera bestu kaup hverju sinni. Þá væri hægt að hafa á áðurnefndum vef yfirlit yfir fyrirtækin sem viðskipti eru stunduð við, þannig að hægt sé að sjá hvert peningar úr ríkiskassanum fara og hvers vegna.

Margar færslur eru litlar greiðslur til einstaklinga sem tengjast aðkeyptri vinnu en við teljum að það væri gagnstætt anda persónuverndar að ganga svo langt að telja krónurnar ofan í einstaka verktaka, þannig að hugsanlega væri hægt að halda aftur upplýsingum um verktaka og einyrkja sem hljóta greiðslur undir ákveðinni upphæð yfir árið.

### Gallað kerfi

Þar sem komið hefur í ljós að núverandi bókhaldskerfi ríkisins er verulega gallað og hugsanlega bókhaldsástandið aftur til ársins 2003 verulega óljóst er skýr þörf á að birta þessi gögn afturvirkt. Það væri því gagnlegt að opna bókhaldið aftur til ársins 2000, séu gögnin enn þá til staðar, ekki síst til að gefa almenningi og akademíu kost á að rýna í útgjöld ríkisins frá útrásartímanum, í gegnum hrunið, og allt fram til dagsins í dag. Þannig verður forsaga hrunsins í ríkisfjármálum opinberuð.

Allar þessar upplýsingar ættu að geta komið fram á vefsíðu á vegum fjármálaráðuneytisins. Sé framsetningin skýr eru engin takmörk fyrir því hversu gagnlegt opið bókhald verður til að tryggja hagræði í ríkisrekstri. Það mætti vinna út frá norskum, breskum

**➔Ef Píratar fá sínu fram verða nákvæmar upplýsingar aðgengilegar um allar peningafærslur ríkisins.**

og slóvenskum fyrirmyndum í þessum efnum. Þar hafa opnir reikningar komið upp um stór spillingarmál, sparað verulegar fjárhæðir og aukið getu almennings til að hafa eftirlit með starfsemi ríkisins. Opin bókhaldsgögn setja líka aukna pressu á ríkisstofnanir til að fara ekki fram úr fjárlögum og hjálpa almenningi og löggjafa að skilja ástæðurnar þegar þær fara fram yfir svo hægt sé að bæta reksturinn eða gera betri áætlanir næsta ár. Einnig er með þessu hægt að sporna við tvígreiðslum og rangfærslum.

Ekkert af þessu er flókið eða skaðlegt. Einhverjir munu segja að þetta sé öfgafull hugmynd en þetta er ekki öfgafyllra en svo að nágrannalönd okkar, Bretland og Noregur, leggja mikið kapp á að gera þetta vel. Embættismenn í Bretlandi hafa fyrir löngu vanist því að launakjör þeirra séu opinber og fyrirtæki sem þjónusta ríkið sjá mikið gagn af þessu fyrirkomulagi.

Þetta er augljóst. Þetta er nýtt. Þetta er gott. Þetta vilja Píratar.

# Skatttekjum sólundað

FJÁRMÁL



**Jakobína Ingunn Ólafsdóttir**
stjórnsýslufræðingur

Tyrfingur Guðmundsson er ekki sérlega ánægður með að fá 249 milljónir úr vasa skattgreiðenda fyrir að gera ekki neitt. Hann hefði heldur viljað fá að gera eitthvað, fá tækifæri sem var fengið öðrum sem vildi græða meira á þjónustu við íslenska fjölbrautaskólanema. Af þessu er birt frétt á vísir.is.

Í fréttinni segir að Vegagerðin hafi boðið út skólaakstur fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 2005. Lægstbjóðandi fékk ekki verkefnið heldur aðili sem hugnaðist mönnum hjá Vegagerðinni betur. Skýringar Vegagerðarinnar stóðust ekki lög að mati dómstóla.

Þetta útboð er enn eitt dæmi um vanhæfni í opinberri stjórnsýslu og enn er seilst í vasa skattgreiðenda, sem er gert að greiða Tyrfingi fyrir að gera ekki neitt vegna afglapa embættismanna. Vissulega er það áhugavert að Tyrfingur er lítið glaður yfir því að fá 249 milljónir fyrir að gera ekki neitt. En öllu áhugaverðara væri að rýna í aðra þætti þessa máls.

Hverjir eru þeir menn eða konur sem tóku ákvörðun í þessu máli sem er að kosta skattgreiðendur 249 milljónir á þessu ágæta kreppuári? Þurfa þeir að sæta ábyrgð eða viðurlögum vegna trassaskapar eða að hafa byggt forsendur á spillingu? Hver fékk verkefnið? Bauð sá sem fékk verkefnið einhverjum embættismönnum í veiði eða golfferð árið 2005?

Ekki er ólíklegt að sambærilegar fréttir eigi eftir að birtast áfram í íslenskum fjölmiðlum enda virðast gerendur ekki þurfa

**➔Hverjir eru þeir menn eða konur sem tóku ákvörðun í þessu máli sem er að kosta skattgreiðendur 249 milljónir á þessu ágæta kreppuári?**

að standa skil á trassaskap/vanhæfni/spillingu eða hvað það nú er sem stjórnar gjörðum þeirra. Það þykir ekkert athugavert að dæma búðarþjófa fyrir smáhnupl og rökin fyrir því virðast vera að senda skilaboð til þeirra sem gerast fingralangir.

Embættismenn og þeir sem falin eru trúnaðarstörf af hálfu embættismanna virðast hins vegar geta sólundað hundruðum milljóna af skatttekjum ríkisins án þess að þurfa að standa í því nokkur skil. Engin skilaboð eru send út önnur en þau að Tyrfingur er ekkert sérlega glaður yfir framvindu þessa máls.


FYRIR HEIMILIÐ
TEPPI
40%
69.900
ÁÐUR 79.900
BJALLA
BREIDD 195 CM - TUNGA 150 CM
Möguleiki á að hafa tunguna hægra eða vinstra megin
SKARTSKÁPAR
VERÐ FRÁ 19.900
DIFFUSERAR OG ROOMSPRAY
1.190
Diffuserar
790
Roomspray
FALLEGT SKART
MARGAR GERÐIR
GEYMSLUBOX
TILVALIN FYRIR PRJÓNANA OG ANNAÐ SMÁDÓT
SKARTGRIPABOX
VERÐ FRÁ 4.990
the PIER
GJAFAPOKAR
MARGAR GERÐIR
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



# Olían og ranglætið

OLÍULEIT

**Baldur Kristjánsson**
**Hjalti Hugason**
**Pétur Pétursson**
**Sigrún Óskarsdóttir**
**Sólveig Anna Bóasdóttir**
guðfræðingar

Fyrir nokkru vöruðum við sem þetta ritum við áformum um olíuvinnslu á Drekasvæðinu meðan ekki hefðu fundist raunhæfar mótvægisaðgerðir við þeirri loftslagsvá sem að jarðarbúum steðjar (Fréttabl. 14. 2. sl.). Hér er um að ræða málefni sem varðar náungakærleika og umhyggju fyrir sköpun Guðs.

Við erum meðvituð um að þessi stefna getur haft þær afleiðingar fyrir þjóðarbúið að við verðum fremur að stefna að samdrætti en vexti. Af þeim sökum hljótum við að rökstyðja mál okkar nánar.

### Mesta prófraun mannkyns

Alþjóðaloftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna spáir að verði ekkert að gert nú þegar muni hitastig árið 2100 hafa hækkað verulega frá því sem nú er. Því er spáð að eftir þessi tæplega níutíu ár hafi hitastigið hækkað um 1,8-4°C. Enn svartari spár benda til þess að hlýnunin geti farið yfir 6°C.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram tillögur, sem við höfum undirbúið vel og fela í sér 20% lækkun á skuldum. Þetta eru útfærðar og raunhæfar tillögur sem hægt er að hrinda í framkvæmd mjög hratt. Tillögur sem fela í sér að fimmta hver króna af skuldum fólks falli brott, eru tillögur sem munu hafa gríðarleg áhrif á hag heimilanna í landinu. Það er ómótmælanlegt.

**Út á hvað ganga tillögurnar**

En hvernig virka þessar tillögur? Þær eru í rauninni tvíþættar:

1. Einstaklingar fá allt að 40 þúsund krónur á mánuði í sérstakan skattaafslátt vegna afborgana af íbúðaláni. Skattaafslátturinn fer beint inn á höfuðstól lánsins til lækkunar. Öllum stendur þessi leið til boða. Þetta lækkar skuldir fólks þar sem þessi skattalegi ávinningur sem fólk fær, fer til þess að greiða inn á lánið, sem lækkar það og dregur þess vegna úr skuldabyrðinni strax, varanlega og til frambúðar.

2. Hitt atriðið skiptir líka mjög miklu máli. Við leggjum til að opnað verði fyrir fólk að greiða séreignasparnað sem það aflar sér, bæði launþegaframlagið og atvinnurekendaframlagið, beint inn á lánin sín. Þetta hefur sömu áhrif. Lánið lækkar strax og varanlega til frambúðar. Þarna er mikinn ávinning að hafa. Fjármunir sem greiddir eru í dag inn á séreignalífeyrissparnað, eru skattfrjálsir þegar þeir eru greiddir inn. Þegar þeir eru teknir út, greiðast af þeim fullir skattar. Með því að ráðstafa þeim inn á húseignina til lækkunar á lánum, losna menn í rauninni við þessa skatta, en búa sér til eign í húsnæðinu. Það er það sem við almennt höfum flest gert í gegnum tíðina og þarna er verið að búa okkur til möguleika í því með þessum hætti.

Gagnast skuldugum heimilum og eru framkvæmanlegar strax.

En hverjum gagnast þessar ráðstafanir? Svarið er öllum skuldugum heimilum. En hlutfallslega munar mestu fyrir þá sem hafa tiltölulega lægri tekjur og ekki ofurskuldir, vegna þess að við höfum rætt um að skattaafslátturinn geti ekki orðið umfram 40 þúsund krónur. Þetta er þess vegna tekjujafnandi aðgerð, þvert á það sem einstaka pólitískir andstæðingar hafa sagt.

En hversu framkvæmanlegar eru þessar tillögur? Þær eru mjög vel framkvæmanlegar. Kostnaður fyrir ríkissjóð verður ekki meiri en svo að við það verður vel ráðið. Þetta eru ekki óraunhæf gylliboð, enda sjá aðrir um þá pakka. Við höfum lagt áherslu á að reikna áhrifin fyrir almenning til hlítar og skoða hvort þessar tillögur skili árangri og séu framkvæmanlegar tafarlaust. Við vitum að þessar tillögur skila umtalsverðum ávinningi fyrir almenning; 20% skuldalækkun er hlutur sem um munar. Og við vitum að þær eru framkvæmanlegar og það strax.

**➜ Við leggjum til að opnað verði fyrir fólk að greiða séreignasparnað sem það aflar sér, bæði launþegaframlagið og atvinnurekendaframlagið, beint inn á lánin sín. Þetta hefur sömu áhrif. Lánið lækkar strax og varanlega til frambúðar.**

# Vilt þú einræði á Íslandi?

STJÓRNMÁL



Björn Ólafur Hallgrímsson
hæstaréttarlögmaður

Lesandi góður. Hver yrðu fyrstu verk þín, ef þú hygðist tryggja þér einræði í einhverju landi?

Jú, vitaskuld myndir þú fyrst af öllu tryggja þér yfirráð yfir hernum, dómsvaldinu, lögreglu og fjármálunum. Þannig gætir þú trónað sem einvaldur.

Hvernig hefur þetta verið á Íslandi á umliðnum áratugum? Ísland er að vísu herlaust land.

Þegar litið er til baka og sagan rifjuð upp kemur á daginn að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ætíð lagt á það megináherslu í stjórnarmyndunum með öðrum flokkum að hafa sín megin ráðuneyti dómsmála og þar með yfirstjórn lögreglu, fjármálaráðuneytið og forsætisráðuneytið. Þessu fylgir vitaskuld sú viðleitni að koma „sínum mönnum“ til valda í hinum ýmsu stofnunum og það hefur verið gert svikalaust.

Hin ráðuneytin, sem nær engu máli skipta í þessu samhengi, hafa gjarnan mátt vera í höndum samstarfsflokksins, s.s. heilbrigðismál, menntamál, félagsmál, umhverfismál, utanríkismál og fleiri.

Styður þú þessa einræðistilburði Sjálfstæðisflokksins í komandi kosningum, lesandi góður?




# TÍMAMÓT

✝



Elskulegur sonur okkar, bróðir,
mágur og frændi,

**ÞRÖSTUR ÞÓRISSON**
**Hafnarstræti 8,**
**Ísafirði,**

sem lést sunnudaginn 24. mars, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 6. apríl kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarfélag Ísafjarðar. Þökkum auðsýnda samúð.

**Þórir Þrastarson** **Ragnheiður H. Davíðsson**
**Hulda Ösp Þórisdóttir** **Kristinn Óli Hallsson**
**og börn.**

✝



Útför ástkærs eiginmanns míns, föður,
tengdaföður og bróður,

**SIGURÐAR KONRÁÐS HAUKSSONAR**

sem lést á líknardeild LSH sunnudaginn 24. mars fer fram frá Bústaðakirkju á morgun, föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Björk Helgadóttir**
**Arna Björk Sigurðardóttir** **Aron Morthens**
**Magnús Haukur Sigurðarson**
**og systkini hins látna.**

✝



Okkar ástkæri faðir,

**HANNES GUÐMUNDSSON**
**fv. sendifulltrúi,**
**Hæðargarði 33 (áður Laugarásvegi 64),**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 27. mars sl., verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. apríl kl. 15.00.

**Edda Hannesdóttir**
**Gerður Hannesdóttir**
**Guðrún Hannesdóttir**
**Ragnhildur Hannesdóttir**
**og fjölskyldur.**

✝



Elsku mamma, tengdamóðir og amma,

**UNNUR MARÍA HJÁLMARSDÓTTIR**
**Klettaborg 12, Akureyri,**

lést mánudaginn 1. apríl á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin verður frá Akureyrarkirkju föstudaginn 12. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Sjúkrahússins á Akureyri.

**Tryggvi Jóhannsson**
**Hafdís Jóhannsdóttir** **Jósef G. Kristjánsson**
**Heiðrún Jóhannsdóttir** **Skarphéðinn Leifsson**
**Helgi Jóhannsson**
**Daníel Jóhannsson** **Kristín Hjálmarsdóttir**
**Sólveig Eyfeld**
**og barnabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**SÓLVEIG MARÍA BJÖRNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 26. mars síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Hveragerðiskirkju í dag fimmtudaginn 4. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Ás í Hveragerði.

**Lúðvík Duke Wdowiak**
**Barbara Wdowiak** **Einar Pálmi Jóhannsson**
**Terry Wdowiak** **Juan Marquez**
**Gunnar Bill Björnsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Þorgeir Sigurður Þorgeirsson** **Karina (Chaika) Þorgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin

*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*




**SJÓNRÆN SÝNING** Gler og speglar mynda umgjörð fuglasýningar sem verður opnuð í Safnhúsi Borgarfjarðar á morgun. MYNDIR/ÚR EINKAEIGN

# Kalla fram hugsun um töfra víðáttunnar

Sýningin Ævintýri fuglanna verður opnuð í Safnhúsi Borgarfjarðar á morgun. Elsti gripurinn á sýningunni er egg frá árinu 1906 og elsti fuglinn frá árinu 1940.

„Á sýningunni viljum við leggja áherslu á mikilvægi verndunarbúsvæða fugla í alþjóðlegu samhengi, því fuglarnir tengja jú saman heiminn," segir Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður í Safnhúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi.



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

Sýningin Ævintýri fuglanna verður opnuð þar á morgun, en um er að ræða óvenjulega sýningu þar sem þemað er farflugið en efniviðurinn kemur úr Náttúrugripasafni Borgarfjarðar. „Það safn er alveg stórmerkilegt í heild sinni. Þar eru til um 350 uppstoppaðir fuglar og eru þeir aðallega eftir tvo uppstoppara sem voru mikið virkir á síðustu öld. Það eru þeir Jón Guðmundsson og Kristján Geirmundsson sem báðir eru annálaðir fyrir að vera vandaðir verkmenn og listamenn miklir," segir Guðrún. Elsti gripur safnsins er egg sem var tekið í Grímsey árið 1906 og elsti fuglinn er frá 1940.

Það er Snorri Freyr Hilmarsson sem hannar útlitið á sýningunni og segir Guðrún hann hafa fengið algjörlega frjálsar hendur við það. „Snorri er algjör fagmaður og mikill listamaður. Hann vinnur mikið með það sjónræna og notar það til að vekja þá sem á sýninguna koma. Um leið og gengið er inn er sú krafa gerð á gestinn að hann þurfi að skerpa skilningarvitin og átta sig á umhverfi sínu," segir Guðrún en umgjörð sýningarinnar er úr speglum og gleri, sem eykur upplifunina og kallar fram hugsun um töfra víðáttunnar.

Það var Steingrímur Þorvaldsson leiktjaldamálari sem sá um myndskreytingu, en veggir sýningarinnar eru handmálaðir til að skapa ævintýralegt yfirbragð. „Þar er að finna mikla fræðslu líka. Til dæmis er þar hægt að fræðast um ferðir kríunnar. Hún vegur 100 grömm og þær kríur sem ná þrítugsaldri, sem margar þeirra ná, fljúga jafn mikið á lífsleiðinni og samsvarar ferðinni til tunglsins þrisvar sinnum, fram og til baka. Svona ævintýralegar upplýsingar eru til dæmis líklegar til að vekja áhuga krakka sem hingað koma," segir Guðrún að lokum.

tinna@frettabladid.is

## Helguð Sigfúsi Sumarliðasyni

Sýningin er helguð minningu Sigfúsar Sumarliðasonar sem lést árið 2001, þá 69 ára gamall. Sigfús var fyrrverandi sparisjóðsstjóri í Borgarnesi og lengi í stjórn Náttúrugripasafnsins. Hann vann mikið starf fyrir safnið og sinnti því af miklum heilindum og áhuga. Hann var enn fremur formaður stjórnar Byggðasafns Borgarfjarðar í þrettán ár og þá jafnframt Safnahússstjórnar.

✝



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir,
afi og langafi,

**KRISTINN ÞORLEIFSSON**
**áður Bárugötu 6, Dalvík,**

lést á dvalarheimili aldraðra Dalbæ þann 1. apríl. Útför auglýst síðar.

**Össur Kristinsson** **Berglind Andrésdóttir**
**Birgir, Björg og Sigrún Össurarbörn og fjölskyldur.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

**JÓHANNA ÓSKARSDÓTTIR**
**Þórðarsveig 1, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 2. apríl. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 10. apríl kl. 13.00.

**Guðbjörg Sigríður Pétursdóttir** **Guðjón Gunnlaugsson**
**Berglind Rós Pétursdóttir** **Eyjólfur Björgmundsson**
**Margrét Lára Pétursdóttir**
**Þorsteinn Pétursson** **Sveinfríður Ólafsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐBJÖRG LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**DÚDDÝ**
**Kleppsvegi 2, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Bragi Guðmundur Kristjánsson** **Erna Eiríksdóttir**
**María Anna Kristjánsdóttir** **Jesús S.H. Potenciano**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# NÝTT FRÁ PHILIPS




## HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

**Einfallt en glæsilegt tæki fyrir þá sem vilja framúrskarandi myndgæði**

**Philips 42HFL7406D**

- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf
- Smart TV með nettengingu. Hægt er að fara á netið og margt fleira

SmartTV

ambi light · 400 Hz Perfect Motion Rate · Full HD LED

**VERÐ 179.995**

FRÁBÆRT VERÐ




## EINSTÖK MYNDGÆÐI OG GLÆSILEG RAMMALAUS HÖNNUN

3D · SmartTV · ambi light

**Philips 42PFL6907T**

42" 3D Smart LED Full HD 1080p TV með Pixel PreciseHD og Dual Core örgjörva. Ambilight Spectra 2 baklýsing. 600Hz Perfect Motion Rate. Easy 3D. 2D-3D breytir. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV netvafri, þráðlaust í gegnum Wi-Fi. Skype möguleiki. 3 x USB, 4x HDMI App fyrir iPhone og Android síma og spjaldtölvur.

**TILBOÐ 249.995**

FULLT VERÐ 269.995




**Philips 32HFL5573D**

32" Smart LED með Full HD Pixel Plus HD, 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænum DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakara. 3x USB, HDMI, Ethernet, Optical út, VGA & CI rauf, EasyLink o.fl.

**VERÐ 99.995**

FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 22HFL3232D**

22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari (MPEG4). 6w RMS Incredible Surrou

**VERÐ 49.995**

FRÁBÆRT VERÐ





Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** umrót, **6.** frá, **8.** tunna, **9.** kvk. nafn, **11.** málmur, **12.** brotthlaup, **14.** skrölt, **16.** pot, **17.** titill, **18.** málmur, **20. 950,** **21.** seytlar.

**LÓÐRÉTT**
**1.** óheilindi, **3.** í röð, **4.** lítilmenni, **5.** frostskemmd, **7.** pedali, **10.** rölt, **13.** hluti verkfæris, **15.** kattardýr, **16.** munda, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rask, **6.** af, **8.** áma, **9.** lóa, **11.** ál, **12.** strok, **14.** skrap, **16.** ot, **17.** frú, **18.** tin, **20.** lm, **21.** agar.

**LÓÐRÉTT: 1.** fals, **3.** aá, **4.** smákarl, **5.** kal, **7.** fótstig, **10.** ark, **13.** orf, **15.** púma, **16.** ota, **19.** na.


HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

OPIÐ HÚS
Reykjanesbær
Súlutjörn 7
Opið hús milli 18-19 í dag
Nýleg og falleg 3ja herbergja 91,4 fm endaíbúð í fjórbýli á l. hæð. Sólpallur. Yfirtaka á lánum Íbúðalánasjóðs 21,9 millj. Sævar og Ingibjörg taka á móti ykkur.

Suðurgata
Endurnýjað einbýli
Mikið endurnýjað einbýlishús á 2. hæðum ásamt bílskúr alls 213 fm. Heitur pottur, sólpallur. 5 svefnherbergi. Skipti möguleg á minni eign á höfuðborgarsvæði. **Verð: 29 millj.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.



FISKISTOFA
Leyfi til túnfiskveiða

Samkvæmt reglugerð nr. 240/2013, um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski auglýsir Fiskistofa eftir umsóknum um leyfi til veiðanna, og er **umsóknarfrestur til 18. apríl 2013.**

Umsókn um línuveiðar á túnfiski: Umsækjendur skulu ráða yfir fiskiskipi sem hefur leyfi til veiða í atvinnuskyni og hefur búnað sem hentar til veiða á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski. Í umsókn um leyfi skal koma fram áætlun um veiðarnar, lýsing á búnaði skips, upplýsingar um áætlaðar löndunarhafnir og ráðstöfun afla.
Við val á milli tveggja eða fleiri hæfra umsækjenda er Fiskistofu heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun leyfisins.

**Umsókn um túnfiskveiðar með sjóstöng:** Við veitingu leyfa koma aðeins til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða á sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Heimilt er að varpa hlutkesti milli umsókna um leyfi til túnfiskveiða með sjóstöng.


# Þú hefur verið valin

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Tryggvadóttir!“ Sagði einkennisklædd konan þegar hún ég rétti henni skilríkin eins og hún hafði beðið mig um. Ég játti því þótt hún hafi hálfpartinn ekki ætlast til svars. Hún hallaði sér að samstarfskonu sinni með orðunum: „Þetta er konan!“

**SÚ** tók við skilríkjunum mínum og flugmiðanum og bað mig að gjöra svo vel að fylgja sér. Ég elti hana auðvitað eins og hlýðinn hundur og hjartað hamaðist í brjóstinu. Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið. „Þú hefur verið valin í öryggisleit,“ sagði hún mér meðan hún teymdi mig á bak við spjald til hliðar við röðina. Þar beið fleira einkennisklætt fólk og fyrir því kynnti hún mig með sömu orðum og hin hafði gert: „Þetta er konan.“

**FYRR** um daginn höfðum við hjónin reynt að tékka okkur inn í flugið á netinu. Hann gat það en ekki ég. Þegar ég hringdi til að vita hvað olli fletti sú í símanum nafninu mínu upp, Tryggvadóttir? Svo kom smá þögn. „Jaá, heyrðu, hafðu engar áhyggjur af þessu Ragnheiður. Þú tékkar þig bara inn hér á vellinum.“ Nú skildi ég af hverju, ég hafði verið „valin“.

**ÞAR** sem ég stóð skjálfandi bak við spjaldið bað eldri kona mig vinsamlegast um að afhenda sér handtöskuna sem ég ríghélt í. Ég gerði það. Svo sagði hún eitthvað meira, sem ég í angist minni heyrði ekki svo hún þurfti að endurtaka það. Viltu fara úr yfirhöfninni, Ragnheiður! Ég gerði það. Ég reyndi að afsaka fátið á mér með einhverri aulafyndni meðan hún fór gegnum hólf og vasa en henni stökk ekki bros. Hjartað barðist enn hraðar, hvað fyndi hún í töskunni minni?

**HÚN** fann ekkert og sneri sér því næst að mér sjálfri. Ég rétti þegjandi út þá skanka sem hún bað um og hún leitaði af sér allan grun. Ég var enn svo stressuð þegar þessu lauk, eða svo fegin, að hún þurfti aftur að endurtaka það sem hún sagði: „Þú mátt fara í yfirhöfnina, Ragnheiður. Taktu töskuna þína.“

**ELDRAUÐ** í kinnum hraðaði ég mér fram fyrir spjaldið og fór aftur í röðina. Ég fann augu allra hvíla á mér meðan ég reyndi skjálfhent að koma mér í kápuna. Ég vissi alveg hvað þau voru að hugsa: Þetta er konan.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



netto
Kræsingar & kostakjör



# VERÐSPRENGJA!

# LANGSKORINN LAMBAHRYGGUR

# 1.299 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Fjölbreytni er styrkleiki Listahátíðar

Listahátíð í Reykjavík er skapandi rými þar sem listgreinarnar mætast segir Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar sem í ár verður sett föstudaginn 17. maí. Hanna tók við stjórnartaumum Listahátíðar í Reykjavík síðastliðið haust.

Gjörningar Magnúsar Pálssonar, flutningur á Vorblóti Stravinskís og tónleikar óperusöngkonunnar Diönu Damrau eru meðal viðburða á Listahátíð í Reykjavík sem sett verður föstudaginn 17. maí. Þetta eru fjölbreytilegir atburðir sem Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, segir endurspegla þá sögu hátíðarinnar að vera einn meginvettvangur listviðburða landsins.

**Ber merki lítilla listahátíða**

„Listahátíð ber ýmis merki listahátíða í litlum samfélögum sem hafa það að markmiði að bjóða upp á sem fjölbreytilegasta menningardagskrá. Stórar listahátíðir erlendis sérhæfa sig yfirleitt í einhverri listgrein en Listahátíð í Reykjavík hefur haldið í fjölbreytnina, þó að menningarlandslagið sé gjörbreytt í dag frá því sem var árið 1970. Fjölbreytnin er hins vegar styrkleiki, ekki veikleiki að mínu mati. Hún gerir það að verkum að það er auðvelt að tefla saman listgreinum og virkja hið skapandi rými þar sem listgreinarnar mætast.“

Hanna segir smæð íslensks samfélags reyndar hafa orðið til þess að íslenskir listamenn séu ekki fastir innan múra listgreina eins og sums staðar sé raunin. „Erlendir listamenn taka gjarnan eftir þessu og því hversu auðvelt er að leiða saman ólíka listamenn hér. Ég vil virkja þessa hefð og taka lengra þannig að samstarf listgreina verði ein af áherslum Listahátíðar í Reykjavík.“

Meðal skrefa sem Hanna hyggst taka í þessa átt er að skilgreina listræn markmið Listahátíðar hverju sinni þannig að stefna hátíðarinnar um hvers konar verkefnum hún sækist eftir verði skýrari og umsóknir listamanna þar af leiðandi markvissari.

„Verkefni Listahátíðar hafa ætíð verið bæði að frumkvæði stjórnenda hátíðarinnar og komið til hennar eftir öðrum leiðum. Ég vil leggja áherslu á frumkvæði hátíðarinnar að tilurð nýrra verka sem og framkvæmd verkefna sem gætu ekki átt sér stað á öðrum vettvangi,“ segir Hanna og bætir við að eins og oftast er þegar stjórnendaskipti verða, hafi ýmis verkefni verið komin í gang þegar hún tók við stjórnartaumunum. „Listahátíð 2014 verður þess vegna fyrsta hátíðin sem ég skipulegg frá grunni.“

**Gjörningar Magnúsar Pálssonar**

Eitt umfangsmesta atriði á Listahátíð í ár er flutningur Vorblótsins eftir Stravinskí sem er samstarfsverkefni Listahátíðar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslenska dansflokksins. 100 ár eru síðan verkið var flutt fyrst og tímamótin eru tilefni þess að verkið verður sett á svið hér í fyrsta sinn. Hanna segir áhugavert að líta öld aftur í tímann, þá hafi verið miklir umbrotatímar í listum sem mörkuðu mikil tímamót. „1913 var svo merkilegt ár. Þá gerist það í fyrsta sinn að listamenn skapa verk þar sem hugmyndin kemur fyrst og verkið svo, við erum alvön því í dag en á þessum tíma var þessi aðferð fullkomlega róttæk. Það er athyglisvert að líta aftur til þessa tíma af ýmsum ástæðum. Verk eins og danstónverkið Vorblótið hangir líka mjög vel saman við þær áherslur mínar að blanda listgreinum saman. Annað mjög umfangsmikið og merkilegt verkefni á Listahátíð í ár er yfirlitssýning yfir gjörninga Magnúsar Pálssonar, sem var og er frumkvöðull á hinum skapandi vettvangi þar sem listgreinarnar mætast. Við fáum listamenn úr öllum greinum til að endurgera og í sumum tilfellum útfæra nokkra af helstu gjörningum hans,“ segir Hanna.

Listahátíð í Reykjavík verður sett 17. maí og stendur til 2. júní.

sigridur@frettabladid.is



**STÝRIR LISTAHÁTÍÐ** Hanna Styrmisdóttir er listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík sem sett verður 17. maí næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Tók við síðastliðið haust

**Hanna Styrmisdóttir** tók við stjórnartaumum Listahátíðar í Reykjavík síðastliðið haust. Hún hefur starfað við listræna stjórn menningarviðburða síðastliðin 14 ár. Meðal þeirra eru Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, sem hún vann með Libiu Castro og Ólafi Ólafssyni, og Lóan er komin, sem hún vann með Steingrími Eyfjörð fyrir Íslenska skálann á Feneyjatvíæringnum 2007 og Matthew Barney í Nýlistasafninu (2003). Áður gegndi Hanna meðal annars störfum upplýsinga- og verkefnastjóra og fræðslufulltrúa í Norræna húsinu og Listasafni Reykjavíkur. Hanna hefur BFA-próf í myndlist frá Parsons School of Design í París og New York, MA frá Chelsea College of Art and Design í London og framhaldsgráðu í Critical Studies frá Malmö Art Academy.




# Hannah Arendt í heimspekikaffi

Heimspekingarnir Páll Skúlason og Sigríður Þorgeirsdóttir fjalla um Hönnuh Arendt í Árnagarði í dag.

Þýsk-bandaríski stjórnmálaheimspekingurinn Hannah Arendt er til umfjöllunar í fyrirlestrarröðinni Kvenheimspekingar koma í kaffi sem haldin er í Árnagarði í dag. Sigríður Þorgeirsdóttir og Páll Skúlason, prófessorar í heimspeki við Háskóla Íslands, ræða erindi Hönnuh við samtímann og setja í samhengi við stjórnmálakreppu nútímans og aðrar samfélagslegar kreppur.

Rannsóknir á skrifum kvenheimspekinga frá öndverðu til samtímans hafa stóraukist undanfarin ár, sem varpað hefur ljósi á hve lítið konurnar hafi verið kynntar og hve vanmetið framlag þeirra er í sögu heimspekinnar, að sögn Sigríðar Þorgeirsdóttur. „Að bjóða völdum kvenheimspekingum í kaffi með áhugasömum er ein viðleitni til að rétta við þann skarða hlut og velta fyrir sér hvort þeirra sýn á veruleikann er frábrugðin sýn karlheimspekinganna.“

Hannah Arendt er með þekktustu kvenheimspekingum 20. aldarinnar. Hún tókst á við vanda stjórnmála, alræðiskerfi nasismans og stalínismans og aðsteðjandi hættur sem lýðræðinu eru búnar. Arendt lést árið 1975 en fjöldamargt sem hún skrifaði er talið eiga ríkt erindi við samtímann. Þess má geta að kvikmynd um Hönnuh Arendt er til sýningar í Bíó Paradís þessa dagana.



**HANNAH ARENDT** Arendt er einn þekktasti heimspekingur 20. aldarinnar. Hún fékkst við stjórnmálaheimspeki.

Kaffisamsætið með Arendt er ekki síst ætlað heimspekinemum. Það verður haldið í Árnagarði 201, Háskóla Íslands, og hefst klukkan 15.

# HOLI

## hátíðarmatseðill

## 4.990 kr. *sun.-fim.*

***föstudagar og laugardagar 5.990 kr.***

***FORRÉTTUR***

**Masala tígrisrækjur**
*Konkan pönnusteiktar tígrisrækjur í engiferi, chillíi, kúmmíni og hvítlauk*

***AÐALRÉTTIR***

**Koli Nallumallu**
*Framandi kjúklingaréttur í sterkri sósu úr tamarind, fersku kóríander og okkar eina sanna svarta pipar. Kunnur réttur kaffiræktenda í Coorg-héraði*

*og*

**Aadu Piralan**
*Marínerað lamb beint af grillinu. Kryddað með engiferi, hvítlauk, kókos og chillíi. Dæmigerður og dásamaður réttur úr eldhúsi Keralabúa*

*og*

**Mysore Sambhar**
*Ljúffeng blanda af grænmeti og linsubaunum sem glatt hefur Mysore-aðalinn um aldir*

*og*

**Thoran**
*Grænmetisréttur kryddaður með sinnepsfræjum, karrílaufum og kókos*

***MEÐLÆTI***

Raitha jógúrtsósa
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

***EFTIRRÉTTUR***

**Savige payasum**
*Vermicelli-núðlur í dúnmjúku rjómablandi við rúsínur, möndlur og saffran*









## Suðrænn og seiðandi Holi-mánuður hjá Austur-Indíafjelaginu

Í apríl færir Austur-Indíafjelagið þér angan af gleði og litadýrð Holi-hátíðarinnar á Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli á hreint frábæru verði aðeins 4.990 kr. virka daga og 5.990 kr föstudaga og laugardaga. Í ár lítum við til matarmenningar Malabar strandlengjunnar og bryddum upp á spennandi nýjungum á Holi-hátíðinni. Maturinn verður bæði suðrænn og seiðandi.

***Borðapantanir í síma 552 1630.***



*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*
*www.austurindia.is*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

## Fjórar gáfumannahljómsveitir



**Spaðar** Stjórnmála-, bókmennta- og náttúrufræðingar.



**Vampire Weekend** Allir með gráðu frá Columbia-háskóla í New York.



**Dikta** Læknir, íþróttafræðingur, flugmaður og grunnskólakennari.



**Coldplay** Þrír af fjórum útskrifuðust úr University College í London í fornfræði og latínu, stjörnufræði og stærðfræði og mannfræði.

# Ein menntaðasta hljómsveit Íslands

Hljómsveitin Mosi frændi snýr aftur í maí með tvö ný lög í farteskinu.

Hljómsveitin Mosi frændi spilar á sínum fyrstu opinberu tónleikum í fjögur ár á Gauknum 8. maí.

„Það vill svo til að við verðum aldrei þessu vant allir staddir á landinu á sama tíma, þannig að það var áveðið að kýla á gott gigg,“ segir söngvarinn Sigurður H. Pálsson.

Að öllum líkindum spilar sveitin tvö ný, frumsamin lög á tónleikunum. „Það hefur ekki gerst lengi,“ segir Sigurður en Mosi frændi hefur ávallt spilað mikið af efni frá öðrum og flutt á eigin hátt.

Hljómsveitin var stofnuð af sex nemendum í Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1985. Þekktasta lag hennar er Katla kalda sem kom út 1988. Það samdi hún eftir að Þorsteinn J. Vilhjálmsson, sem þá var útvarpsmaður á Bylgjunnar, fékk hlustendur til að semja með sér texta sem átti að sameina allt það versta í íslenskri textagerð. Mosi frændi setti sig í samband við Þorstein og bauðst til að semja lag við textann. Kveðjutónleikar Mosa frænda voru í Norðurkjallara MH í nóvember 1988 en síðan þá hefur sveitin nokkrum sinnum komið saman.

Meðlimir Mosa frænda, sem eru allir fæddir 1969, eru allir vel menntaðir og er þetta vafalítið ein menntaðasta hljómsveit landsins. Sigurður er kerfisfræðingur og samanburðarmálfræðingur, Aðalbjörn Þórólfsson er doktor í plasmaeðlisfræði og starfar hjá Íslandsbanka, Gunnar Hansson er háskólakennari í málvísindum í Vancouver í Kanada, Ármann Halldórsson er ensku- og heimspekikennari við Verslunarskóla Íslands, Björn Gunnlaugsson er nýráðinn skólastjóri á Dalvík og Magnús J. Guðmundsson starfar við tölvumál í Gautaborg.

Síðast þegar Mosi frændi spilaði opinberlega voru gestasöngvarar Felix Bergsson og Páll Óskar Hjálmtýsson. Einhverjar gestahljómsveitir koma við sögu á tónleikunum á Gauknum í næsta mánuði en nánar verður greint frá þeim síðar.

freyr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MOSI FRÆNDI** Fjórir af sex meðlimum Mosa frænda, sem spilar á Gamla Gauknum 8. maí.








**JUSTIN BIEBER** Popparinn segist eiga erfitt með að eignast nýja vini.

# Erfitt að eignast vini

Justin Bieber á erfitt með að eignast nýja vini.

**„Ég fæ góða strauma frá fólki hvað eftir annað og ég gæti eflaust orðið vinur þess en núna treysti ég bara engum,“ sagði hinn nítján ára söngvari við tímaritið Teen Vogue.**

**„Síminn minn hringir aldrei, bókstaflega. Ég hef bara samband við fjórar manneskjur. Ég þarf ekki marga vini til að ég sé hamingjusamur. Ég vil bara hafa fólk nálægt mér sem mér þykir vænt um, það er allt og sumt.“ Hann segir mömmu sína, pabba og rapparann Lil Twist á meðal sinna bestu vina.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 4. APRÍL 2013**

### Sýningar

**17.00** Myndröðin GOÐ opnar í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Um er að ræða samstarfsverkefni Lárusar Sigurðarsonar ljósmyndara og Hallmars Freys Þorvaldssonar hönnuðar.

### Uppákomur

**12.15** Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu og athafnamaður, velur og segir frá uppáhaldsverki sínu á sýningunni Flæði á Kjarvalsstöðum.

### Tónlist

**20.00** Saxófónleikarinn Angelika Nieschier heldur tónleika í Hömrum í Hofi á Akureyri, ásamt þeim Scott McLemore trommuleikara og Hilmari Jenssyni gítarleikara.

**21.00** Hljómsveitirnar Legend, Muck og Japam slá upp tónleikaveislu á Volta, Tryggvagötu 22. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Jón Gunnar og Dagdraumarnir skemmta á Café Rosenberg. Hjalti Þorkelsson hitar upp. Aðgangseyrir er kr. 1.500 og enginn posi er á staðnum.

**22.00** Agent Fresco og Kiriyama Family spila á efri hæð Faktorý. Aðgangur er kr. 1.500. Dj Alexander og Addi Stef þeyta skífum í aðalrými.

**22.00** Andrea Gylfadóttir og Bíóbandið halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.00** Simon Reher, MA í Norðurlandafræðum við Háskóla Íslands, fjallar hann um danska rithöfundinn Villy Sørensen í fyrirlestri í Norræna húsinu.

**20.00** Ann Reynolds, listfræðingur og prófessor við háskólann í Austin í Texas, flytur erindi í tengslum við sýningu Roberts Smithson í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

www.lyfja.is

LYFJA

- Lifið heil



# Stærri og betri Lyfja Smáratorgi

Af því tilefni bjóðum við
**25% afslátt** af öllum snyrtivörum
og ilmum – og **25% afslátt** af öllum
helstu vítamínum og bætiefnum.
Vorið verður heilnæmt og ilmandi.
Við hlökkum til að sjá þig.

Bara í Lyfju á Smáratorgi – 4. til 8. apríl

**25% afsláttur af öllum snyrtivörum og ilmum**

CLINIQUE · MAYBELLINE NEW YORK · L'ORÉAL PARIS · LANCÔME PARIS · BOSS HUGO BOSS · ESTĒE LAUDER

**25% afsláttur af helstu vítamínum og bætiefnum**

SOLARAY · GULI MIÐINN · VITABIOTICS WHERE NATURE MEETS SCIENCE · NOW · BIOMEGA · Einádag

Lyfja Smáratorgi, sími 564 5600

Opið kl. 8 - 24 alla daga



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Sólþurrkuð sixtísáhrif

Eitt af því sem Hróarskeldufarar þessa árs verða sviknir um eru tónleikar með Kaliforníudúóinu Foxygen og líklegt að einhver hluti téðs tónlistaráhugafólks hafi rekið upp harmakvein þegar eftirfarandi fréttatilkynning barst frá bandinu í vikunni. „Við verðum að aflýsa öllum tónleikum okkar í Evrópu í maí og júní, þar á meðal festivölum. Við biðjum aðdáendur okkar og stuðningsfólk í Evrópu afsökunar. Við vitum að þessi ákvörðun pirrar þá sem ætluðu að halda tónleikana og kaupa miða á þá. Við fullvissum ykkur þó um að þegar öllu er á botninn hvolft verður þetta til að efla þroska og heilsu hljómsveitarinnar.“



Burtséð frá miður skáldlegum klifunum verðum við að vonast til að ekki sé um mjög alvarleg vandamál að ræða hjá þeim Jonathan Rado og Sam France, sem stofnuðu Foxygen sem táningar (aldurinn útskýrir kannski hroðalegt hljómsveitarnafnið) í Westlake fyrir átta árum. Fyrsta „alvöru“ platan þeirra, Take the Kids Off Broadway, sem kom út síðasta sumar, vakti á þeim væga athygli. Sú nýjasta, hin nokkurra vikna gamla We Are the 21st Century Ambassadors of Peace & Magic, hefur hins vegar farið eins og eldur í sinu um indíheiminn og er þess eðlis að Rás 2, Bylgjan, X-ið og FM957 gætu allar sameinast um að spila hana í drep.

Hljóðheimur Foxygen byggir að langmestu leyti á vandlega íhuguðum áhrifum frá sjöunda áratugnum (sem ætti undir venjulegum kringumstæðum að nægja til þess að fjöldinn allur af pælurum, minnugir síðari tíma Oasis, grípi til bareflis) en tvíeykinu tekst á einhvern hrífandi hátt að fá Bítla-, Kinks- og Zombies-tilvísanirnar til að ganga upp og sneiða hjá lúðaskap. Afar hressandi, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, svona í blásumarbyrjun. Áhugasamir gætu gert margt vitlausara en að hlýða á fyrsta smáskífulagið Shuggie, hinn dáleiðandi slagara San Francisco eða Stóns-skotna óðinn No Destruction og fjárfesta svo í gripnum, sem verður örugglega með þeim eigulegustu sem koma út árið 2013.

## Í spilaranum







**Sigur Rós** - Valtari Film Experiment
**Grúska Babúska** - Grúska Babúska
**Justin Timberlake** - The 20/20 Experience






**Á TÓNLEIKUM** Karin Dreijer á tónleikum í Þýskalandi árið 2009 ásamt norsku hljómsveitinni Röyksopp. NORDICPHOTOS/GETTY

# Engar málamiðlanir

Systkinadúettinn The Knife gefur út sína fyrstu plötu í sjö ár eftir helgi.

Sænski elektródúettinn The Knife gefur út sína fyrstu plötu í sjö ár, Shaking the Habitual, eftir helgi.

Tónlistaráhugamenn hafa margir hverjir beðið hennar með mikilli eftirvæntingu, enda hlaut sú síðasta, Silent Shout, frábæra dóma og vefsíðan Pitchfork setti hana í efsta sæti yfir plötur ársins 2006.

The Knife var stofnuð í Gautaborg árið 1999 og er skipuð systkinunum Karin Dreijer Andersson og Olof Dreijer. Hljómsveitin vakti fyrst alþjóðlega athygli eftir að José González bjó til eigin útgáfu af lagi þeirra Heartbeats og setti á plötu sína Veneer árið 2003. Ábreiðan var notuð í auglýsingu frá Sony. Þrátt fyrir að vera á móti alls kyns auglýsingamennsku réttlættu systkinin sölu lagsins með því að þau þurftu á upphæðinni að halda til að smíða sitt eigið hljóðver. Núna reka þau sitt eigið útgáfufyrirtæki, Rabid Records.

Karin og Olof eru feimin með afbrigðum og spiluðu ekki opinberlega á tónleikum fyrr en 2006 til að kynna Silent Shout. Fram að því hafði þeim fundist erfitt að koma rafrænni tónlistinni til skila á áhugaverðan hátt uppi á sviði. Systkinin koma yfirhöfuð sjaldan fram opinberlega og á flestum kynningarljósmyndum sínum eru þau með grímu fyrir andlitunum. The Knife hefur unnið fjölda sænskra tónlistarverðlauna en aldrei mætt til að veita þeim viðtöku.

Auk fjögurra hljómplata The Knife hafa systkinin gefið út hvort í sínu lagi. Karin gaf árið 2009 út sólóplötu sem Fever Ray og Olof bjó til nokkrar EP-plötur um svipað leyti undir nafninu Oni Ahyun.

Fyrsta smáskífulag Shaking the Habitual var hið níu mínútna langa, myrka og taktfasta Full of Fire. Yfirbragðið á smáskífulagi númer tvö, A Tooth for an Eye, er öllu léttara. Dómar um plötuna hafa verið jákvæðir. Uncut gefur henni 9 af 10 í einkunn og Clash 8 af 10.

Gagnrýnandi BBC er einnig yfir sig hrifinn: „Plötur verða ekki meira ögrandi, grimmar og lausar við málamiðlanir eins og Shaking the Habitual,“ segir hann og bætir við að það muni taka langan tíma að melta hana. „Shaking the Habitual er öðruvísi en allt annað en það er erfitt að finna eitthvað eins svakalega hressandi.“ freyr@frettabladid.is

## Fjöldi tónleika fram undan

Feimni The Knife við tónleikahald virðist vera úr sögunni því fjöldi tónleika víða um heim er fyrirhugaður til að fylgja nýju plötunni eftir. Þeir fyrstu verða í Bremen í Þýskalandi 26. apríl. Í sumar og haust spilar sveitin svo á hinum ýmsu tónlistarhátíðum, þar á meðal Øya-hátíðinni í Noregi og á Bestival í Bretlandi.

## 28.3.2013 → 3.4.2013



### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Pink / Nate Ruess | Just Give Me a Reason |
| ▲ | 2 | Philip Phillips | Gone, Gone, Gone |
| ▲ | 3 | Ragnar Bjarnason / Lay Low | Þannig týnist tíminn |
| ▼ | 4 | Sin Fang | Young Boys |
| ▲ | 5 | Bastille | Pompeii |
| ▲ | 6 | Sálin hans Jóns míns | Fetum nýja slóð |
| ▲ | 7 | Justin Timberlake | Mirrors |
| ▶ | 8 | Ásgeir Trausti | Nýfallið regn |
| ▶ | 9 | Jónas Sigurðsson | Fortíðarþrá |
| ▲ | 10 | Christina Ag. / Blake Shelton | Just a Fool |



### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▼ | 2 | John Grant | Pale Green Ghosts |
| ▲ | 3 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▼ | 4 | David Bowie | The Next Day |
| ▲ | 5 | Jónas Sigurðsson | Þar sem himin ber við haf |
| ▶ | 6 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| ▼ | 7 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▶ | 8 | Valdimar | Um stund |
| ▶ | 9 | Skálmöld | Börn Loka |
| ▲ | 10 | Hjaltalín | Enter 4 |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/ Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

VORUM AÐ BÆTA VIÐ BÍLUM!

# Notaðir JEPPAR Á TILBOÐI

KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

## JEPPAVEISLA Í BRIMBORG TIL SUMARDAGSINS FYRSTA

Afsláttur allt að 800.000 kr.

Verð frá 990.000 kr.



## **FORD ESCAPE** JEPPAR Á FRÁBÆRU VERÐI

## TAKMARKAÐ MAGN

ÁRGERÐIR 2004-2011, BENSÍN, SJÁLFSKIPTIR.

Ford Kuga og Ford Explorer jeppar einnig á frábæru tilboðsverði.

Komdu í dag

*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

Kíktu á notadir.brimborg.is og finndu bílinn þinn

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndinni í auglýsingunni.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.



**LÁTIN** Brúðusmiðurinn Jane Henson lést þann 2. apríl. NORDICPHOTOS/GETTY

# Brúðumeistari látinn

Jane Henson brúðuhönnuður lést á þriðjudaginn.

Jane Henson, brúðuhönnuður og fyrrverandi eiginkona Jims Henson, er látin eftir langa baráttu við krabbamein. Henson var 78 ára gömul er hún lést á heimili sínu í Connecticut í Bandaríkjunum þann 2. apríl.

Henson fæddist í New York og stundaði nám í myndlist við Háskólann í Maryland. Hún kynntist Jim Henson á brúðugerðarnámskeiði á sjötta áratugnum og stuttu síðar hófu þau samstarf sitt. Saman skapaði parið Prúðuleikarana sem hafa notið gríðarlegra vinsælda meðal barna í yfir hálfa öld.

Jane og Jim gengu í hjónaband árið 1959 og eignuðust saman fimm börn. Jane tók sér hlé frá brúðugerð á meðan hún ól upp börn þeirra hjóna en sneri síðar aftur til vinnu við Sesame Street-þættina. Hjónin skildu árið 1986, fjórum árum fyrir dauða Jims. Í kjölfar andláts hans stofnaði Jane The Jim Henson Legacy sem ætlað er að standa vörð um arfleifð þeirra og einnig góðgerðasamtökin Jane Henson Foundation.

# Arnett með Ninjaskjaldbökunum

Megan Fox verður í leikhópnum.



**WILL ARNETT** Hefur í mörgu að snúast þessa dagana.

Will Arnett, sem enn er best þekktur fyrir hlutverk sitt sem Gob Bluth í hinum ærslafullu Arrested Development-þáttum, hefur verið ráðinn til að fara með hlutverk í væntanlegri kvikmynd um Ninjaskjaldbökurnar svokölluðu.

Áður hefur verið staðfest að Megan Fox verður í leikhóp myndarinnar um Teenage Mutant Ninja Turtles, sem öðluðust fyrst vinsældir í teiknimyndabókum á 9. áratugnum en urðu svo að nokkurs konar æði með kvikmyndaröð og öllu tilheyrandi í upphafi þess tíunda. Leikstjóri verður Michael Bay, sem hefur myndir á borð við Bad Boys, Armageddon og Transformers á ferilskránni.







# Týndur sonur og glötuð hersveit

Grínmyndin Admission og hasarinn G.I. Joe 2: Retaliation verða líka frumsýndar.



**HÖRKUTÓL** Það vantar ekkert upp á töffarana og hörkuna í framhaldsmyndinni um G.I. Joe.

Grínistarnir Tina Fey og Paul Rudd koma saman á hvíta tjaldið í fyrsta skipti í myndinni Admission. Þar leikur Fey hina pottþéttu Portiu Nathan sem starfar við að fara yfir umsóknir um skólavist í Princeton-háskólanum. Portia stendur nú frammi fyrir stöðuhækkun og má ekkert út af bregða. Það flækir málin þó til muna þegar maður kemur inn í líf hennar sem telur líkur á að einn umsækjandinn sé í raun sonur hennar sem hún gaf til ættleiðingar strax við fæðingu.

Önnur myndin um G.I. Joeteymið, Retalliation, verður einnig frumsýnd um helgina. Myndin skartar engum smá hörkutólum, en það eru Dwayne Johnson og Channing Tatum sem fara með aðalhlutverkin auk eilífðartöffarans Bruce Willis, sem lætur sig að sjálfsögðu ekki vanta. Forseti Bandaríkjanna virðist hafa misst allt vit og lætur sprengja upp alla G.I. Joe-hersveitina. Nokkrir komast þó lífs af og snúa til baka til að hefna harma sinna og leita þá eftir aðstoð frá hinum eina sanna G.I. Joe. Í ljós kemur að forsetinn sjálfur var ekki ábyrgur fyrir ódæðinu heldur hafði honum verið rænt og annar maður þykist vera forsetinn. Myndin er uppfull af hasar, byssubardögum og tæknibrellum.

- trs



**FERÐASAGA UNGSKÁLDS** Sam Riley leikur rithöfundinn Sal Paradise í kvikmyndinni On the Road. Myndin er byggð á samnefndu ritverki Jacks Kerouac.

# Ferðasaga bítnikka

Kvikmyndin On the Road er frumsýnd annað kvöld. Myndin er byggð á samnefndu verki rithöfundarins Jacks Kerouac og gerist á fimmta áratug síðustu aldar.

„Besti lærdómurinn hlýst af reynslu“ skrifaði rithöfundurinn Jack Kerouac og er inntak setningarinnar gegnumgangandi þema kvikmyndarinnar On the Road sem byggð er á samnefndri sögu Kerouacs. Sagan gerist á seinni hluta fimmta áratugarins og segir frá upplifunum rithöfundarins Sals Paradise, sem ferðast um endilöng Bandaríkin ásamt hinum frjálsþenkjandi vini sínum, Dean Moriarty, og kærustu hans, Marylou. Ritverkið er svo aftur byggt á eigin reynslu höfundarins og þykir lýsandi fyrir „beatnik“ ritstefnuna sem braust upp á yfirborðið í Bandaríkjunum í kjölfar stríðsloka.

Líkt og titill myndarinnar gefur til kynna er sagan ferðasaga og leikur Sam Riley rithöfundinn unga, Sal Paradise. Með hlutverk Deans Moriarty fer leikarinn Garrett Hedlund og Kristen Stewart leikur hina barnungu kærustu hans, Marylou. Með önnur hlutverk fara Amy Adams, Tom Sturridge, Mad Men-leikkonan Elisabeth Moss og Kirsten Dunst, sem leikur Camille, eiginkonu söguhetjunnar.

Brasilíski leikstjórinn Walter Salles leikstýrir myndinni. Hann er hvað þekktastur fyrir myndina Diarios de motocicleta sem skartaði þeim Gael García Bernal og Rodrigo De la Serna í aðalhlutverkum. Lengi hefur staðið til að gera mynd byggða á bók Kerouac og áttu Brad Pitt og Ethan Hawke eitt sinn að fara með hlutverk Paradise og Moriarty. Árið 2005 ætlaði leikstjórinn Joel Schumacher að takast á við verkið með þeim Colin Farrell og Billy Crudup í aðalhlutverkum. Svo fór að Salles tók við keflinu. Í upphafi sóttist hann eftir James Franco og Joseph Gordon-Levitt í aðalhlutverkin en að lokum hrepptu Hedlund og Riley hnossið.

Þrátt fyrir frábæran leikarahóp fær myndin aðeins sæmilega dóma og hlýtur 44 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes.com og 6,1 í einkunn hjá Imdb.com. Einn gagnrýnandi Rottentomatoes.com segir söguna ekki ætlaða kvikmyndaforminu en annar lýsir henni sem „útbreiddum sóðaskap líkt og ritverkið sjálft“ og meinar það sem hrós.

- sm



## TÓK Á SIG LAUNALÆKKUN

Leikkonan **Kristen Stewart** samþykkti að lækka laun sín niður í 200 þúsund dollara eftir að fjármagn til framleiðslu myndarinnar var skert töluvert. Ritverkið er í miklu uppáhaldi hjá leikkonunni og vildi hún vera hluti af myndinni sama hver laun hennar yrðu.

# LYSTADÚN

ENGINN ER BETRI

# FERMINGARTILBOÐ



## STARLUX HEILSURÚM

| 90 x 200 cm | 120 x 200 cm | 140 x 200 cm |
|---|---|---|
| **Verð: 74.480.-** | **Verð: 93.250.-** | **Verð: 103.120.-** |

- Mjög sterkt og vandað gormakerfi
- Má snúa, tveir svefnfletir gefa tvöfalt betri endingu
- Þykkt efnismikið bólsturlag á sfvefnflötum gefur meiri þægindi og endingu.
- Stífir kantar tryggja stærri svefnflöt
- Á hverri dýnu eru tveir misstífir svefnfletir
- Mjög vandaður og sterkbyggður undirdívan klæddur svörtu eða hvítu leðurlíki og áföstum fótum í sama lit

### SATIN SÆNGURVER



**Satin sængurver**
Frá Fussenegger
Mikið úrval

Tilboð
Verð frá: **14.630.-**

### DÚNSÆNG/HEILSUKODDI



| Heilsukoddi | Dúnsæng |
|---|---|
| Tilboð | Tilboð |
| **10.960.-** | **21.520.-** |
| Verð áður: 13.700.- | Verð áður: 26.900.- |

### HRÚGÖLD



**Hrúgöld**
Margir litir
Flott gjöf í unglinga herbergið

Tilboð
**19.920.-**
Verð áður: 24.900.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu.

**10.000.- kr. vöruúttekt fylgir keyptu fermingarrúmi**

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI***

> **Mörkinni 4** > 108 Reykjavík > Sími: 533 3500
> **Hofsbót 4** > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
> **www.lystadun.is**





**KENNIR RÉTTU TÖKIN** Shruthi Basappa kennir Íslendingum hvernig megi elda indverska rétti. Hún flutti hingað til lands ásamt manni sínum í júlí í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kennir Íslendingum indverska matargerð

Shruthi Basappa flutti til Íslands síðasta sumar. Hún fann fljótt fyrir miklum áhuga heimamanna á indverskri matargerð og heldur nú matreiðslunámskeið.

Shruthi Basappa flutti ásamt íslenskum manni sínum til Íslands í júlí í fyrra. Shruthi er arkitekt að mennt en eftir komuna hingað varð hún fljótt vör við mikinn áhuga heimamanna á indverskri matargerð og nú heldur hún matreiðslunámskeið fyrir hópa í húsnæði veitingaþjónustunnar Mensa við Baldursgötu.

„Við komuna hingað fann ég strax fyrir miklum áhuga fólks á indverskri matargerð. Ég bauðst til þess að kenna ættingjum mannsins mín handtökin í eldhúsinu heima. Þetta vatt svo upp á sig og nú er ég farin að taka á móti hópum,“ útskýrir Shruthi sem kynntist manni sínum er þau voru bæði við nám í Barcelona. Sjálf er Shruthi ættuð frá borginni Bangalore í suðurhluta Indlands. „Ég er frá Suður-Indlandi og við borðum rétti sem eru ólíkir þeim sem fólk í Norður-Indlandi borðar. Á námskeiðinu kenni ég fólki að elda rétti frá ólíkum svæðum landsins. Yfirleitt samanstendur matseðillinn af grænmetisréttum, hrísgrjónarétti og einum kjötrétti og svo segi ég frá hinum ólíku kryddblöndum og kryddum líka.“

Aðspurð segir Shruthi það algengan misskilning að indversk matreiðsla sé tímafrek. „Það eina sem hún krefst er svolítið skipulag. Ef þú marinerar kjötið kvöldið áður tekur eldamennskan enga stund.“

Shruthi viðurkennir að lífið og tilveran á Íslandi sé töluvert frábrugðin því sem hún á að venjast frá Indlandi. „Hitastigið er sérstaklega ólíkt á milli landanna og matarmenningin líka. Heima borðaði ég til dæmis sjaldan lambakjöt en tengdafjölskyldan mín lét mig ekki komast upp með að smakka ekki íslenska lambakjötið,“ segir hún og hlær. „Mamma mín gerir þó mjög góða lambarétti. Ég er hindúi og samkvæmt trúnni má ég hvorki borða nauta- eða svínakjöt, þess vegna borða Indverjar mikið lambakjöt. Ég reyndar borða allt sem mig langar til,“ viðurkennir hún.

Matreiðslunámskeiðið tekur um fjórar klukkustundir og samanstendur hver hópur af sex til átta manns. Shruthi segir námskeiðið sérstaklega vinsælt meðal vinahópa en einnig sé mikið um að pör bóki sig saman. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á Facebook undir nafninu Whole Spice.

sara@frettabladid.is




# Sæði til sölu

Á hverju mánudagskvöldi er ég með útvarpsþátt um kynlíf. Í þáttunum er ákveðið efni tekið fyrir og fenginn gestur sem er sérfræðingur á því sviði til að ræða um það. Undanfarna þrjá mánudaga hefur þemað verið typpi og sæði. Til að hnýta hnút á þá umræðu þá fjallaði ég um ófrjósemi. Ég fékk í heimsókn til mín kvensjúkdómalækni sem starfar hjá Art Medica og vinnur við marga anga er snerta ófrjósemi einstaklinga. Við fórum um víðan völl og ræddum allt frá sæðisskilum í bolla til skipulagningar og hagræðingar samfara, auk frystingar sæðis og eggja. Margt virkilega áhugavert koma fram í spjalli okkar og vonandi birtist nýr vinkill á umræðu sem enn er mörgum hulin og þykir erfið og viðkvæm.



Í meistararitgerð minni fjallaði ég um ófrjósemi karla og áhrif þess á þá tilfinningalega, kynferðislega og félagslega. Ég fékk sex karlmenn til að spjalla við mig um þeirra reynslu af ófrjósemi og var óhjákvæmilegur hluti af því ferli sæðisskilin, eða að rúnka sér í bolla eins og einn orðaði það svo vel. Þetta er eitt af fyrstu skrefunum í greiningarferli á frjósemi hjá karlmönnum. Þessari reynslu hefur verið lýst á bæði pínlegan og kómískan hátt en er óneitanlega eitthvað sem flestir eru tilbúnir að leggja á sig fyrir hið æðra markmið, að eignast barn. Þegar ég ræddi við gest minn um þetta ferli komst ég að því að á Íslandi er ekki hægt að gefa sæði. Það er kannski ekki rétt til orða tekið þar sem margur fer ansi frjálslega með sæði sitt og dreifir því um allar trissur, en hér er ekki hægt að fá greitt fyrir sæðisgjöf. Ef konu eða par vantar sæði er það gjarnan fengið nafnlaust frá Danmörku, eða nánum vini eða ættingja. Ýmsar pælingar um skyldleika og annað hamla því að hér sé sæðisbanki. Nú velti ég því fyrir mér af hverju við seljum ekki sæði íslenskra karlmanna til útlanda? Íslenskir karlmenn eru marglofaðir fyrir fegurð, styrk og gáfur svo sæði þeirra hlýtur að vera eftirsóknarvert á erlendum markaði. Svo er ekki verra að fá smá pening fyrir góðverk sem er í senn gefandi fyrir sál og líkama. Ég er hrifin af nýjum viðskiptatækifærum sem fela í sér betri lífsgæði og nýtingu tækninnar og finnst alveg sjálfsagt að þetta ætti að vera hægt. Er það ekki annars? Og fyrir aðra viðskiptaþenkjandi frumkvöðla, þá langar mig líka að fá brjóstamjólkurbanka. Þær eru ansi margar lausmjólkandi mömmurnar sem myndu með glöðu geði gefa af sér þennan lífsvökva til þeirra barna sem hann þurfa. Einhver bjartsýnn hlýtur að verða við óskum mínum áður en langt um líður.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**Í TÍSKUBRANSANN** Marilyn Manson og Courtney Love eru ný andlit franska tískuhússins Saint Laurent.

# Ný andlit Saint Laurent

Tískuhúsið fer óhefðbundnar leiðir í vali sínu á fyrirsætum í ár.

Tíska Courtney Love og Marilyn Manson eru andlit haust- og vetrarlínu franska tískuhússins Saint Laurent. Það var yfirhönnuðurinn Hedi Slimane sem stóð fyrir valinu og var á bak við myndavélina er auglýsingaherferðin var tekin.

Valið á fyrirsætunum þykir ansi óvanalegt fyrir þetta hefðbundna franska tískuhús. Það virðist vera að breyta stefnu sinni yfir í rokk og ról með tilkomu Slimane við stjórnvölinn en hann tók við í fyrra. Þá breytti tískuhúsið nafn sínu frá Yves Saint Laurent yfir í Saint Laurent og voru höfuðstöðvar tískuhússins fluttar frá París til Los Angeles.



**MARILYN MANSON**

Love og Manson eru bæði þekkt ólíkindatól sem hafa verið nokkuð utan sviðsljóssins undanfarin ár. Bæði eru þau þó að vinna að nýjum tónlistarverkefnum.


ÁRSKORT
Í LÍKAMSRÆKT OG SUND
Á AÐEINS 33.990 KR.
Tilboðshelgi
4.-7. apríl
Nýtt! Hóptímar
í Sundlaug Kópavogs
• Dans og fjör með Zumba kennurum
• Spinning
• Jóga
• Core
• Flottar konur
• Morgunpuð
• Hádegispuð
• Morgunhressing
• Stöðvarþjálfun
Tækjakennsla með þjálfara innifalin í verði korts
Aðgangur að hóptímum er innfalinn í verði korts
ACTIC
LÍKAMSRÆKT & SUND
Kortið gildir í líkamsrækt, hóptíma og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.
Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| I GIVE IT A YEAR LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| SAFE HAVEN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.45 | L |
| THE CROODS 3D ENSKT TAL, ÁN TEXTA | KL. 5.45 - 8 | L |
| BROKEN CITY | KL. 10.10 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 8 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| QUARTET | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SNITCH | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ANNA KARENINA | KL. 5.15 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE CROODS 3D | KL. 5.50 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 | 12 |
| SNITCH | KL. 10.10 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.50 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | 6, 8, 10.15 | 12 |
| SNITCH | 8, 10 | 12 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 6 | L |
| THE CROODS 2D - ÍSL TAL | 6 | L |
| IDENTITY THIEF | 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
SAMbio.is

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| JACK THE GIANT SLAYER VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE CROODS ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE CROODS ÍSLTAL | KL. 5:50 - 8 | L |
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| FLIGHT | KL. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 | 12 |
| SNITCH | KL. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 - 10:40 | 10 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:30 | 10 |
| THE CROODS ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 6 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |




AGENT FRESCO Rokkararnir í Agent Fresco fengu hálfa milljón fyrir útgáfutónleika sína.

# Agent Fresco fékk hálfa milljón í styrk

## Tónlistarsjóðurinn Ýlir styrkir tíu tónlistarverkefni fyrir 4,5 milljónir króna.

Ýlir – tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk hefur tilkynnt um stuðning við tíu ný tónlistarverkefni sem fara fram í Hörpu á árinu og nemur upphæðin 4,5 milljónum króna.

Hæstu styrkina hlutu Alþjóðlega tónlistarakademían, eða 1,2 milljónir króna, og tónleikarnir Tónsnillingar morgundagsins, eða eina milljón.

Tónlistarhátíðin Wacken Metal Battle á Íslandi hlaut hálfa milljón í styrk, rétt eins og hljómsveitin Agent Fresco vegna útgáfutónleika sinna. Á meðal annarra styrkþega eru rapparinn Emmsjé Gauti og raftónlistartónleikarnir Babel til heiðurs Biogen.

Ýlir styður nú þegar við Nótuna, uppskeruhátíð tónlistarskóla alls staðar að af landinu í Hörpu, og Músíktilraunir, sem í rúmlega þrjá áratugi hefur verið vettvangur fyrir ungar og efnilegar hljómsveitir og listamenn til að koma sér á framfæri. Músíktilraunir fóru í ár í fyrsta sinn fram í Hörpu dagana 17.-23. mars og lokahátíð Nótunnar í ár mun fara fram í Hörpu í annað sinn 14. apríl.

Ýlir var stofnaður í lok árs 2010 þegar Menningarsjóði SPRON var slitið með úthlutun til ýmissa mennta-, menningar- og góðgerðarmála.

**1,2** milljón króna hlaut Alþjóðlega tónlistarakademían og tónleikarnir Tónsnillingar morgundagsins hlaut eina milljón króna en það voru hæstu styrkirnir.



THE ROLLING STONES Rokkararnir spila í Hyde Park í sumar.

# Stones spila í Hyde Park

**Ellismellirnir í The Rolling Stones ætla að spila í Hyde Park í London í sumar. Viku áður spila þeir á bresku tónlistarhátíðinni Glastonbury.**

**„Við eigum margar góðar minningar frá Hyde Park og við getum ekki hugsað okkur betri stað til að spila fyrir aðdáendur okkar í Bretlandi í sumar,“ sagði söngvarinn Mick Jagger.**

**Tónleikarnir verða laugardaginn 6. júlí og verða hluti af tónlistarviðburðinum British Summer Time Hyde Park. Fleiri tónleikar með hinni fimmtugu hljómsveit eru fyrirhugaðir í sumar bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum.**



TIL ÍSLANDS Ian Anderson og félagar í Jethro Tull eru á leið til landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jethro Tull með tónleika

Breska sveitin Jethro Tull kemur til Íslands í byrjun júní og efnir til þrennra tónleika í heimsókn sinni, þar sem sveitin flytur öll sín þekktustu lög. Tónleikarnir verða í Hofi á Akureyri föstudaginn 7. júní, í Höllinni í Vestmannaeyjum laugardaginn 8. júní og í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 9. júní. Íslenskir tónlistarmenn koma jafnframt við sögu á tónleikunum. Miðasala hefst í Hörpu og á Midi.is miðvikudaginn 10. apríl kl. 12. Jethro Tull hélt síðast tvenna tónleika í Eldborg í júní í fyrra, þar sem færri komust að en vildu.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| CHASING ICE | (L) | 20:00, 22:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |
| ÞETTA REDDAST | (10) | 18:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 20:00, 22:10 |
| KON-TIKI | (12) | 17:50 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# GÆÐARÚM Á GÓÐU VERÐI

## Tilboð á heilsurúmum

30% AFSLÁTTUR AF
DRAUMEY - DÖGUN - DRAUMFARA
HEILSURÚMUM

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott

**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einstaklings: **70.224**
Hjónarúm: **129.336**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

## TILBOÐ Á HJÓNARÚMUM

**FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!***

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Stella ákveður sig fljótt



**HANDBOLTI** Stella Sigurðardóttir ætlar að ákveða á allra næstu dögum hvort hún tekur tilboði sem hún fékk fyrr í vetur frá danska liðinu SönderjyskE. Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari mun taka við þjálfun liðsins í sumar.

„Þetta er spennandi tilboð enda skemmtilegur staður og gott lið. Ég hef reyndar ekki farið sjálf til að skoða aðstæður en Gústa líst mjög vel á þetta allt saman. Ég á ekki von á öðru en að þetta sé allt 100 prósent,“ sagði Stella við Fréttablaðið í gær.

Stella hefur leikið með Fram alla sína tíð og hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu þar að auki. Fram mætir Gróttu í úrslitakeppni N1-deildar kvenna sem hefst í kvöld. - esá

## Jenný á þetta fyllilega skilið

**HANDBOLTI** Deildar- og bikarmeistarar Vals áttu fjóra leikmenn í úrvalsliði N1-deildar kvenna fyrir seinni hluta tímabilsins sem var tilkynnt í gær. Þar af markvörðinn Guðnýju Jennýju Ásmundsdóttur sem var valin besti leikmaðurinn. Þá var Stefán Arnarson, þjálfari Vals, valinn bestur.

„Jenný hefur verið frábær í vetur og á þetta fyllilega skilið,“ sagði Stefán við Fréttablaðið í gær. „Hún hætti auðvitað á sínum tíma og æfði ekkert í fjögur ár. Svo kom hún til okkar árið 2010 sem þriðji markvörður en keppnisskap hennar hefur fleytt henni í langt. Í dag er hún besti markvörður landsins.“



**BEST** Guðný Jenný með Stefáni, þjálfara sínum hjá Val. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úrslitakeppni N1-deildar kvenna hefst í kvöld en þá hefjast fjórðungsúrslit. Valur tekur þá á móti Haukum, Fram mætir Gróttu, ÍBV leikur gegn FH og Stjarnan við HK.

Flestir reikna með að mesta spennan verði í síðastnefndu rimmunni en að Valur, Fram og ÍBV eigi fremur greiða leið áfram í undanúrslitin. Stefán varar þó við vanmati.

„Í úrslitakeppninni byrja öll lið með hreint borð og það getur því allt gerst. Haukar eru með ungt lið sem hefur bætt sig mikið. Við höfum sýnt að við getum spilað illa og því höfum við ekki efni á neinu vanmati.“ - esá

## ÚRSLIT

### UNDANKEPPNI EM

**SLÓVENÍA - ÍSLAND 28-29 (13-9)**

**Slóvenía - Mörk (skot):** Sebastian Skube 5 (8), Vid Kavticnik 5/3 (8/4), Uroš Zorman 4 (4), Jure Dolenec 4/1 (8/2), Miha Živižej 3 (5), Luka Živižej 2/1 (2/1), Borut Mackovšek 2 (4), Blaz Blagotinsek 1 (1), Marko Bezjak 1 (2), Gašper Marguc 1 (3),

**Varin skot:** Gorazd Škof 18/1 (41/2, 44%), Prošt Primož (6/1, 0%),

**Hraðaupphlaup:** 3 (Skube, Blagotinsek, Marguc)

**Fiskuð víti:** 7 ( Zorman, Dolenec, M. Živižej, Luka Živižej 2, Blagotinsek, Marguc)

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Ísland - Mörk (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 9/2 (11/3), Alexander Petersson 6 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (7), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (2), Kári Kristján Kristjánsson 2 (3), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (3), Aron Pálmarsson 2 (8), Þórir Ólafsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 1 (2), Ólafur Gústafsson (2),

**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 14/2 (35/5, 40%), Björgvin Páll Gústavsson 1 (8/2, 13%),

**Hraðaupphlaup:** 7 (Guðjón Valur 2, Snorri Steinn 2, Ásgeir Örn 2, Ingimundur )

**Fiskuð víti:** 3 (Guðjón, Kári, Ingimundur)

**Utan vallar:** 6 mínútur.

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**REAL MADRID - GALATASARAY 3-0**

**1-0 Cristiano Ronaldo (8.), 2-0 Karim Benzema (29.), 3-0 Gonzalo Higuain (72.)**

**Þetta var fyrri leikur liðanna í átta liða úrslitum.**

**MALAGA - DORTMUND 0-0**

**Þetta var fyrri leikur liðanna í átta liða úrslitum.**



**SKORÐAI** Cristiano Ronaldo fagnar hér marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

### DOMINOS-DEILD KVENNA

**SNÆFELL - KR 52-61**

**Snæfell:** Kiarrah Marlow 15, HIldur Björg Kjartansdóttir 12, Hildur Sigurðardóttir 11, Berglind Gunnarsdóttir 8, Helga Björgvinsdóttir 6.

**KR:** Shannon Mcallum 25, Helga Einarsdóttir 15, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 10, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 7, Anna Ævarsdóttir 2, Hafrún Hálfdánardóttir 2.

**KEFLAVÍK - VALUR 54-64**

**Keflavík:** Pálína Gunnlaugsdóttir 21/6 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 8, Jessica Ann Jenkins 8/5 stolnir, Sara Rún Hinriksdóttir 7/4 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 6/7 fráköst/4 varin skot, Ingunn Embla Kristínardóttir 3/6 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 1/5 fráköst.

**Valur:** Hallveig Jónsdóttir 17/4 fráköst, Jaleesa Butler 14/19 fráköst/5 stoðsendingar/7 varin skot, Kristrún Sigurjónsdóttir 11/11 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8/11 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 8/5 fráköst, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 3/4 fráköst/6 stoðsendingar, Þórunn Bjarnadóttir 3/5 stoðsendingar.

**visir.is**

Meira um leiki gærkvöldsins

# Á hraðleið til Danmerkur

Strákarnir okkar stigu stórt skref í átt að Evrópumeistaramótinu í Danmörku á næsta ári þegar liðið vann frækinn sigur, 28-29, á Slóveníu í Maribor í gær. Það var á brattann að sækja nær allan leikinn hjá okkar mönnum en þeir sigu fram úr undir lokin og fögnuðu sigri. Strákarnir eru með fullt hús eftir þrjá leiki.



**MAGNAÐUR** Alexander Petersson snéri aftur í íslenska landsliðið í gær og hann fór á kostum í síðari hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANDBOLTI** „Á skalanum einn til tíu er þetta tíu plús. Þetta var frábær sigur á einum erfiðasta útivelli í Evrópu,“ sagði glaðbeittur þjálfari íslenska liðsins, Aron Kristjánsson, eftir sigurinn góða í Maribor í gær.

Strákarnir voru undir frá upphafi. Fyrri hálfleikur var í heildina illa leikinn. Hvorki Alexander Petersson né Aron Pálmarsson komst á blað. Markverðir liðsins vörðu þess utan aðeins fjögur skot á meðan markvörður Slóvena, Skof, varði 15 skot og var með 65 prósent markvörslu í fyrri hálfleik. Þrátt fyrir það var munurinn aðeins fjögur mörk, 13-9, í hálfleik og möguleiki að rífa sig upp í þeim seinni.

Það er nákvæmlega það sem strákarnir gerðu. Alexander hrökk í gírinn og fór að raða inn mörkum. Aron Rafn varð öflugri með hverri mínútu rétt eins og fyrirliðinn Guðjón Valur sem skoraði lykilmörk.

Íslenska liðið jafnaði metin um miðjan hálfleikinn og lokakaflinn var æsilegur. Ísland komst yfir í fyrsta skipti er rúmlega ein og hálf mínúta var eftir. Guðjón Valur skoraði lokamarkið 30 sekúndum fyrir leikslok. Lokasókn heimamanna misfórst og leikurinn fjaraði út.

Magnaður sigur í Maribor og strákarnir búnir að næla í tvö stig á erfiðasta útivelli sem þeir eiga eftir að spila á.

Guðjón Valur átti magnaðan leik og fór fyrir sínum mönnum sem hafa oft leikið betur. Að ná samt sigri er styrkleikamerki. Alexander var frábær í síðari hálfleik, Aron einnig í markinu. Snorri og Ólafur Bjarki áttu fína spretti.

„Þetta var gríðarlega erfiður leikur enda er Slóvenía með frábært lið sem er mjög samstillt í sókninni. Þeir eru líka sterkir maður á mann. Það er gert að eiga við þetta lið. Mér fannst þeir komast upp með grófan leik í upphafi og svo varði Skof alveg stórkostlega. Það dró aðeins úr okkur tennurnar. Við vorum samt ekki að vinna nógu vel fyrir hvorn annan í fyrri hálfleik,“ sagði Aron en það var allt annað að sjá íslenska liðið í síðari hálfleik en það þurfti þá að vinna upp fjögurra marka forskot heimamanna.

„Þá byrjum við að vinna miklu betur fyrir hvorn annan. Þá kemur upp miklu betra flæði í sókninni og við vorum hættulegri í öllum árásum einn á móti einum. Þá fáum við fleiri góð færi.“

Þjálfarinn segir að fleiri þættir hafi gert það að verkum að liðið komst inn í leikinn í síðari hálfleik og kláraði hann síðan undir lokin.

„Aron kemur af krafti í markið og ver vel. Það gefur vörninni víst öryggi. Alexander kom sterkur upp og Ólafur Bjarki var einnig með mikilvæga innkomu. Við vorum því að fá frá bekknum sem var mjög mikilvægt. Það var gríðarlegur karakter í þessu hjá strákunum sem gáfu allt í þetta. Kári kom inn undir lokin á öðrum fætinum, skoraði og lagði upp mikilvæg mörk.“

Strákarnir eru komnir í ansi góða stöðu í riðlinum eftir þennan leik en tvö lið fara áfram á EM í Danmörku.

„Þetta voru tvö frábær stig og þessi sigur var mikilvægur í leið okkar til Danmerkur. Þessi sigur gerir það að verkum að við höldum pressu á riðlinum allt til loka,“ sagði Aron en hans menn taka á móti Slóvenum á sunnudag. Sigur þar kemur liðinu langleiðina á EM.

> **Á skalanum einn til tíu er þetta tíu plús.**
> *Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari*

„Slóvenarnir munu mæta mjög grimmir í þann leik. Vilja bæta fyrir þennan leik og þurfa sárlega á sigri að halda. Það verður gríðarlega erfitt og við þurfum því að koma okkur fljótt aftur niður á jörðina.“

henry@frettabladid.is

# Lágmark að við fáum almennilegan bolta

Jóhann Laxdal, leikmaður Stjörnunnar, er mjög ósáttur við boltann sem á að nota í Pepsi-deildinni í sumar.

**FÓTBOLTI** „Við erum búnir að taka tvær æfingar með þessum bolta og þetta er bara eitthvað djók,“ segir Jóhann Laxdal, leikmaður Stjörnunnar, en hann er ekki par sáttur við boltann sem notaður verður í Pepsi-deildinni í sumar.

Boltinn er frá Adidas og leysir Nike-bolta af hólmi sem hefur verið notaður síðustu tvö ár.

„Það er mjög skrítið að þessi bolti hafi verið valinn þar sem það er hægt að fá betri bolta á svipuðu verði. Þessi bolti er bara lélegt rusl. Nike-boltinn í fyrra var mun skárri. Við nennum ekki að spila með þessum bolta. Ef gæðin eiga að verða betri í deildinni þá er lágmark að við fáum almennilegan bolta.“

Það eru samtök félaga í efstu deild, Íslenskur toppfótbolti, sem tekur ákvörðun um hvaða bolta skal nota hverju sinni.

„Þessi bolti hefur verið í gangi í einhvern tíma. Þessi bolti er í næsthæsta gæðaflokki hjá Adidas rétt eins og Nike-boltinn sem var notaður. Íslensk félög eru því miður ekki nógu fjáð til þess að fara í dýrustu boltana,“ segir Jón Rúnar Halldórsson, formaður Íslensks toppfótbolta og knattspyrnudeildar FH.

„Við erum kannski ekki nógu vísindalegir í okkar vali en við erum að prófa okkur áfram. Adidas er samt gott merki og ég efast um að fyrirtækið láti frá sér bolta í næsthæsta gæðaflokki sem ekkert er varið í.“

Samtökin leita eftir tilboðum frá boltaframleiðendum áður en ákvörðun er tekin. Liðin vilja æfa með sama bolta og spilað er með. Þess vegna er ekki óalgengt að þau kaupi 30-50 bolta.

„Þá skiptir máli hvort boltinn kostar 5-6.000 eða 11-12.000 kr. Það munar um það. Við erum að reyna að velja meiri gæði. Það er líka oft trúarbragðaskoðun hvort menn vilja Adidas eða Nike. Svo man ég að einhverjir voru líka ósáttir þegar við ákváðum að nota Nike-boltann. Þannig er þetta bara.“ - hbg



**ÓSÁTTIR** Jóhann Laxdal, leikmaður Stjörnunnar, og Jón Rúnar Halldórsson, formaður Íslensks toppfótbolta.

SOUDAL

# ÞÉTTIEFNI FÁST NÚ Í BYKO




ÞÉTTIEFNI - LÍMEFNI

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**WATFORD 1988-92** James hóf atvinnumannaferilinn hja æskufélaginu Watford fyrir 25 árum og spilaði sinn fyrsta deildarleik í upphafi leiktíðarinnar 1990. Hann hélt sæti sínu allt tímabilið og var valinn leikmaður ársins hjá Watford. Hann vakti athygli stórliðsins Liverpool sem keypti hann á 1,25 milljónir punda.



**LIVERPOOL 1992-99** James spilaði meira en 200 leiki með Liverpool og var lengst af aðalmarkvörður liðsins í sjö ár. Hann var þó oft mistækur og var seldur til Aston Villa sumarið 1999 fyrir 1,8 milljón punda. James vann enska deildarbikarinn með Liverpool árið 1995 en tapaði fyrir Manchester United í úrslitum ensku bikarkeppninnar ári síðar.

**WEST HAM 2001-04** James féll með West Ham úr ensku úrvalsdeildinni árið 2003 en hélt tryggð við liðið og spilaði með liðinu í B-deildinni ári síðar. Hann hélt engu að síður sæti sínu í enska landsliðinu sem þótti óalgengt en í janúar árið 2004 var hann seldur til Manchester City þar sem hann gerðist arftaki David Seaman. Kaupverðið var óuppgefið.





**ASTON VILLA 1999-2001** Stoppaði við í tvö ár í Birmingham og átti stóran þátt í því að liðið komst í úrslit ensku bikarkeppninnar árið 2000, þar sem Aston Villa tapaði fyrir Chelsea. James gerði mistök í sigurmarki þeirra bláklæddu og ári síðar var hann seldur til West Ham fyrir 3,5 milljónir punda.



**MANCHESTER CITY 2004-06** Kom við í Manchester í tvö ár en óskaði þess að fara til að vera nær börnum sínum sem bjuggu í Lundúnum. Hann var svo seldur til Portsmouth fyrir 1,2 milljónir punda í ágúst árið 2006.

# David James í aldarfjórðung

David James spilaði með enska landsliðinu á HM fyrir aðeins þremur árum síðan. Hann er nú kominn í ÍBV og spilar hér á landi í sumar. Hann á 25 ára feril að baki og er næstleikjahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**FÓTBOLTI** Þó svo að David James sé orðinn 42 ára gamall og kominn af léttasta skeiðinu sem knattspyrnumaður er koma hans til ÍBV einhver merkustu tíðindi í íslensku knattspyrnulífi í mörg ár. James hefur verið einn þekktasti knattspyrnumaður Breta undanfarin ár enda á hann að baki 25 ára atvinnumannaferil og meira en 50 leiki með enska landsliðinu. Ekki eru nema þrjú ár síðan að James varð aðalmarkvörður enska landsliðins á HM í Suður-Afríku.

„Þetta er flott fyrir okkur og fyrir íslenskan fótbolta,“ sagði Óskar Örn Ólafsson, formaður meistaraflokksráðs ÍBV, við Fréttablaðið í gær. Hann sagði að það hefði ekki þurft mikið til að fá James hingað til lands, né heldur væri félagið að borga honum ofurlaun.

„Hann var alla tíð jákvæður gagnvart því að koma. Hann þurfti bara að ganga frá sínum málum fyrst í Englandi áður en hann gat samið við okkur. Hann heillaðist strax af landinu og var spenntur fyrir því að koma,“ segir Óskar.

Tengsl James við ÍBV eru fyrst og síðast tilkomin vegna Hermanns Hreiðarssonar, þjálfara ÍBV. Hermann var samherji James hjá Portsmouth á sínum tíma og saman urðu þeir enskir bikarmeistarar árið 2008. Óskar segir að ævintýraþrá James hafi ráðið mestu um að hann ákvað að koma.

„Hann kemur ekki hingað vegna launanna og ég vildi reyndar óska þess að allir leikmenn væru á sömu launum og hann. Þá værum við í góðum málum.“

Auk þess að eiga langan og gæfuríkan knattspyrnuferil að baki hefur James tekið að sér fyrirsætustörf, til að mynda fyrir Giorgio Armani og H&M, sem og að sinna hinum ýmsum góðgerðarmálefnum. Fyrir það fékk hann MBE-tign bresku krúnunnar árið 2012.

eirikur@frettabladid.is



**PORTSMOUTH 2006-10** Hátindur dvalarinnar hjá Portsmouth var enski bikarmeistaratitillinn sem félagið vann árið 2008. Þar voru hann og Hermann Hreiðarsson samherjar en ávöxtur þess samstarfs er koma James til ÍBV nú. Árið 2007 varð hann sá markvörður sem hefur oftast haldið hreinu í ensku úrvalsdeildinni en það gerði hans alls 170 sinnum á ferlinum og stendur met hans enn í dag. James bætti svo met Gary Speed og varð leikjahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar frá upphafi árið 2009. Síðan þá hefur Ryan Giggs tekið fram úr honum og er James næstleikjahæstur frá upphafi með 572 leiki.



**ÓFEIMINN VIÐ MYNDAVÉLINA** James árið 1990 en þá er hann að stíga sín fyrstu skref með Watford. Hann hefur reglulega sinnt fyrirsætustörfum samhliða boltasparkinu, til að mynda fyrir H&M og Giorgio Armani.



**BRISTOL CITY 2010-12** James samdi við enska B-deildarliðið Bristol City á 37 ára afmælisdegi sínum og endaði á því að spila alls 81 leik með liðinu. Þar spilaði hann sinn 900. leik á ferlinum.







**HM 2010** David James spilaði alls 53 A-landsleiki fyrir England og var aðalmarkvörður liðsins á bæði EM 2004 og HM 2010. Hann byrjaði reyndar á bekknum á HM í Suður-Afríku en vann sér sæti í byrjunarliðinu á kostnað Robert Green, sem gerði slæm mistök í fyrsta leik Englands í keppninni. James hélt hreinu gegn Alsír þann 18. júní 2010, en það var hans fyrsti leikur á HM. James var þá 39 ára gamall og varð þar með elsti leikmaður sögunnar til að þreyta frumraun sína á HM. England féll svo úr leik eftir 4-1 tap fyrir Þýskalandi í 16 liða úrslitum.



**BOURNEMOUTH 2012-13** James samdi við félagið í lok september síðastliðins og spilaði alls nítjan leiki með liðinu. Hann samdi um starfslok í síðasta mánuði til að geta gengið til liðs við ÍBV.

MAZDA.IS

mazda

ZOOM-ZOOM ZOOM-ZOOM ZOOM

VELDU SPARNEYTINN OG ÖRUGGAN JEPPA MEÐ FRÁBÆRA AKSTURSEIGINLEIKA




SPARAÐU MEÐ
SKYACTIV
NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

MAZDA CX-5
VERÐ FRÁ 5.490.000 KR.

Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltingarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.

Skynvætt fjórhjóladrif (4WD) ásamt léttari og sterkari yfirbyggingu gera Mazda CX-5 öruggari. Mazda CX-5 fékk fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP og var einnig valinn *Top Safety Pick* af Insurance Institute for Highway Safety. Mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð ásamt stóru farangursrými skapa þér frábært notagildi.

Komdu í reynsluakstur.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. $CO_2$ losun 155 g/km.
Beinskiptur, verð 5.490.000 kr. Sjálfskiptur, verð 5.890.000 kr. Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

# DAGSKRÁ

## > Stöð 2 Sport kl. 19.00

**Evrópudeildin**

Sýnt verður beint frá þremur leikjum í 8 liða úrslitum Evrópudeildarinnar á Stöð 2 Sport og hliðarrásum. Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham taka á móti Basel á White Hart Lane, Chelsea tekur á móti rússneska liðinu Rubin Kazan og Benfica fær Newcastle í heimsókn.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### ARNAR PÉTURSSON TROMMULEIKARI

Ég horfi ekki mikið á sjónvarp því ég er ekki með sjónvarp heima hjá mér. Ég á það til að horfa á þætti þegar ég fer í heimsókn til mömmu og pabba eða tengdaforeldra minna og finnst mjög kósí að horfa á Landann á sunnudögum. Arnar Pétursson, gítarleikari í Mammút.



**RÚV KL 19.35**



1 **Alþingiskosningar 2013 – Málefnið: Kjör almennings** Ég ætlaði einmitt að kynna mér alla flokkana mjög vel í ár þannig að þetta er þáttur fyrir mig.

**POPPTÍVÍ 19.45**



2 **Simpson-fjölskyldan** Ef ég væri áskrifandi mundi ég horfa á Simpsons, þeir eru í miklu uppáhaldi hjá mér.

**SOUTH PARK**



3 **South Park** „Ég er mikill aðdáandi teiknimynda á borð við Family Guy og South Park. Ég horfi reglulega á South Park-þætti í tölvunni minni."

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.10** Smásagan: Stóri bróðir **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Manon Lescaut **21.15** Smásaga: Vegurinn upp á fjallið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Furðusögur úr leikhúsheiminum **23.15** Girni, grúsk og glóríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(e)*
**15.40 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(e)*
**15.55 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.14 Úmísúmí**
**17.37 Lóa**
**17.50 Stundin okkar** *(22:31) (e)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Melissa og Joey** *(9:15)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Alþingiskosningar 2013 - Málefnið: Kjör almennings** Fulltrúar framboða til alþingiskosninganna mætast í sjónvarpssal og ræða um kjör almennings. Umsjón: Lára Ómarsdóttir og Sigmar Guðmundsson.
**21.15 Neyðarvaktin** *(13:24) (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** Formaður framboðs situr fyrir svörum um stefnumálin.
**22.55 Höllin** *(6:10) (Borgen)* Danskur myndaflokkur um valdataflið í dönskum stjórnmálum.
**23.55 Alþingiskosningar 2013 - Málefnið: Kjör almennings** *(e)*
**01.25 Fréttir**
**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.10 Wedding Daze**
**11.40 Hachiko: A Dog's Story**
**13.10 Ultimate Avengers**
**14.20 Mad Money**
**16.00 Wedding Daze**
**17.35 Hachiko: A Dog's Story**
**19.05 Ultimate Avengers**
**20.15 Mad Money**
**22.00 I Don't Know How She Does It**
**23.30 Saving God**
**01.10 My Best Friend's Girl**
**03.00 I Don't Know How She Does It**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Grallararnir**
**07.45 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(23:25)*
**08.30 Ellen** *(70:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(52:175)*
**10.15 Smash** *(10:15)*
**11.00 Human Target** *(2:12)*
**11.50 Touch** *(4:12)*
**12.35 Nágrannar**
**14.35 Harry's Law** *(10:12)*
**15.20 Histeria!**
**15.40 Grallararnir**
**16.05 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.25 Stubbarnir**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(77:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(22:24)*
**19.40 New Girl** *(1:24)*
**20.05 The F Word** *(2:9)* Þriðja þáttaröðin með Gordon Ramsay sem sýnir okkur að skyndibiti þarf ekki endilega að vera óhollur.
**20.55 NCIS** *(16:24)* Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta og fjallar um sérsveit lögreglumanna í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.40 Person of Interest** *(23:23)*
**22.25 Sons of Anarchy** *(4:13)* Mótorhjólaklúbburinn Sons of Anarchy þarf að takast á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli.
**23.10 Medium** *(5:13)*
**23.55 The Wizard of Gore** Endurgerð á samnefndri hrollvekju frá 1970 um hinn dulmagnaða töframann Montag, sem kemur einungis fram á leynilegum stöðum.
**01.30 NCIS** *(16:24)*
**02.15 Burn Notice** *(1:18)*
**04.35 Touch** *(4:12)*
**05.20 The Big Bang Theory** *(22:24)*
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.20 Spænsku mörkin**
**16.50 Meistaradeild Evrópu:** Endursýndur leikur
**18.30 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**19.00 Evrópudeildin: Tottenham - Basel** BEINT frá 8 liða úrslitum.
**21.00 Evrópudeildin: Chelsea - Rubin Kazan**
**22.40 Evrópudeildin: Benfica - Newcastle**
**00.20 Evrópudeildin: Tottenham - Basel**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Aston Villa - Liverpool**
**18.20 Man. City - Newcastle**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review Show**
**21.25 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Swansea - Tottenham**
**23.35 Fulham - QPR**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Latibær** *(13:18)*
**08.50 Dóra könnuður**
**09.15 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.25 UKI**
**09.30 Strumparnir**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ævintýri Tinna**
**10.40 Ofurhundurinn Krypto**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Tommi og Jenni**
**17.30 Ofurhetjusérsveitin**
**17.55 iCarly** *(23:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(13:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(13:24)*
**19.00 Friends** *(11:25)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(23:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(17:22)*
**20.10 Game Tíví**
**20.35 Sons of Tucson** *(1:13)* Gamanþættir um þrjá bræður sem eiga hús í bænum Tucson, Arizona og eftir að móðir þeirra yfirgefur þá og pabbinn lendir í fangelsi, leiga þeir mann til að ganga þeim í föðurstað svo þeir þurfi ekki að enda á fósturheimili.
**21.00 FM 95BLÖ**
**21.25 The Carrie Diaries** Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City, þegar hún var yngri og að stíga sín fyrstu spor á framabrautinni.
**22.10 2+6** *(5:8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
**22.40 Eastwick** *(13:13)*
**23.25 Game Tíví**
**23.50 Sons of Tucson** *(1:13)*
**00.15 FM 95BLÖ**
**00.40 The Carrie Diaries**
**01.25 2+6** *(5:8)*
**01.50 Eastwick** *(13:13)*
**02.35 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(4:175)*
**19.00 Ellen** *(83:170)*
**19.40 Strákarnir** S
**20.10 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(4:9)*
**20.35 Svínasúpan**
**21.00 Curb Your Enthusiasm** *(8:10)*
**21.35 The Drew Carey Show** *(5:22)*
**22.00 Frasier** *(16:24)*
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(4:9)*
**23.20 Svínasúpan**
**23.45 Curb Your Enthusiasm** *(8:10)*
**00.15 The Drew Carey Show** *(5:22)*
**00.40 Frasier** *(16:24)*
**01.05 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.15 7th Heaven** *(13:23)*
**14.00 The Voice** *(1:13)*
**16.30 Dynasty** *(11:22)*
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Megatíminn** *(2:7)*
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.25 Everybody Loves Raymond** *(2:25)*
**19.50 Will & Grace** *(6:24)*
**20.15 Hæ Gosi - bak við tjöldin**
**20.40 Ljósmyndakeppni Íslands** *(2:6)* Úrslitakeppni stærstu ljósmyndakeppni sem haldin hefur verið á landinu. Að lokum mun aðeins einn standa eftir sem sigurvegari. Katrín Elvarsdóttir er gestadómari í þættinum en þemað er einfalt; Sófi.
**21.10 An Idiot Abroad** *(6:8)* Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bak við þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra, Karl Pilkington og ferðir hans um víða veröld.
**22.00 Vegas** *(11:21)* Vandaðir þættir með stórleikaranum Dennis Quaid í aðalhlutverki. Sögusviðið er syndaborgin Las Vegas á sjöunda áratug síðustu aldar þar sem ítök mafíunnar voru mikil.
**22.50 XIII** *(11:13)* Hörkuspennandi þættir byggðir á samnefndum myndasögum sem fjalla um mann sem þjáist af alvarlegu svefnleysi.
**23.35 Law & Order UK** *(8:13)*
**00.25 Parks & Recreation** *(21:22)*
**00.50 Excused**
**01.15 The Firm** *(4:22)*
**02.05 Vegas** *(11:21)*
**02.55 XIII** *(11:13)*
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.50** Shell Houston Open **2013** *(4:4)* **11.50** Golfing World **12.40** Shell Houston Open **2013** *(4:4)* **17.40** PGA Tour - Highlights *(12:45)* **18.35** Inside the PGA Tour *(14:47)* **19.00** Valero Texas Open **2013** *(1:4)* **22.00** The Open Championship Official Film **1970** **23**.00 Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Átthagaviska**21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




Sendum hvert sem er
á höfuðborgarsvæðinu
innan 90 mín.

NESCAFÉ Dolce Gusto

# DAGAR Á HEIMKAUP.IS 4.–7. APRÍL.



**CIRCOLO** kaffivél á **22.679** kr.

~~Verð áður 34.890 kr.~~

PIPAR\TBWA • SÍA • 131077



**Frí**
heimsending hvert
á land sem er.
*Gildir til sunnudags.*

**35%**
afsláttur.
*Gildir til sunnudags.*

**50**
fyrstu fá
Quality Street,
1,9 kg.

**PANTAÐU Á NETINU EÐA MÆTTU Á STAÐINN!**

**Fáðu kaffið þitt sent heim að dyrum.**
Einfalt að panta á Heimkaup.is
25 drykkjartegundir.



**Dolce Gusto kynning á vélum og kaffi**
verður í verslun Heimkaups,
Smáratorgi 3 til sunnudags.

HEIMKAUP
– allt í einum smelli

heimkaup.is / Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

**NAMMIÐ**



**„Ég er mjög hrifin af Siríus súkkulaði og borða mikið af því. Páskarnir eru því uppáhaldshátíðin mín og alltaf mikil veisla.“**

Elín Rún Jónsdóttir, menntaskólanemi og leikkona

# Eyddi tveimur árum í gerð útsaumsteppis

## Söngvarinn Bergþór Pálsson lærði tvennt við endurgerð gamals riddarateppis úr Þjóðminjasafninu.

„Það er rosalega gaman að hafa gert þetta og líka að hafa lært tvennt í leiðinni. Að ég hef meiri tíma en ég hélt og ég lærði aðferð til að anda,“ segir söngvarinn Bergþór Pálsson.

Hann lauk nýverið við útsaumsteppi sem hann byrjaði að sauma fyrir rúmum tveimur árum. Um er að ræða endurgerð aldagamals riddarateppis sem er á annarri hæð Þjóðminjasafnsins. „Ég var oft búinn að horfa á þetta í bókinni hans Kristjáns Eldjárns sem heitir Hundrað ár í Þjóðminjasafni. Ég var búinn að dást að þessu frá því að ég var lítill og mér fannst furðulegt að fólk skyldi hafa tíma til að gera þetta í kringum 1700. Þá hafði það ekki þessa fínu lampa sem ég hef aðgang að,“ segir Bergþór, sem var nálægt því að fallast hendur í byrjun.

„Þegar ég var búinn með um það bil einn fersentímetra hugsaði ég með mér að þetta yrði aldrei búið. Ég hef alltaf haldið því fram að ég sé uppteknasti maður á Íslandi en svo uppgötvaði ég hvað við eigum í raun margar mínútur í sólarhringnum sem við notum ekki.“

Bergþór segist vera mikill áhugamaður um öndun og ákvað að nota útsauminn sem öndunaræfingu. „Þarna sá ég að það passaði að sauma eitt spor og anda inn og annað spor og anda út. Þá fann ég súrefnisnæringuna og kyrrðina færast yfir mig.“ Hann sér ekki eftir tímanum sem fór í teppið. „Það var rosalega gaman að sjá þetta fara upp á vegg.“

- fb



**HJÁ TEPPINU** Bergþór Pálsson hjá útsaumsteppinu sem hann hefur nýlokið við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**UNGAR OG EFNILEGAR** María Dögg Nelson og Laufey Haraldsdóttir eru í Stúdentaleikhúsinu sem frumsýnir nýja sýningu í kvöld. María Dögg er systir Gunnars Nelson en Laufey varð árið 2011 fyrsta stúlkan til að vinna Gettu betur-keppnina, með liði Kvennaskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fékk Gunnar bróður í leik- og dansverkin

## María Dögg Nelson er ein af leikurum Stúdentaleikhússins sem frumsýnir í kvöld verkið Auka í Norðurpólnum. Hún kveðst ekkert kvíðin út af frumsýningunni. Um spunaverk er að ræða þar sem leiklistarformið í heild sinni er krufið.

„Ég verð sjaldan stressuð en er komin með smá frumsýningarfiðring. Svo er röddin aðeins að bresta en það er líklega tákn um undirliggjandi stress,“ segir María Dögg Nelson, sem frumsýnir verkið Auka með Stúdentaleikhúsinu í Norðurpólnum í kvöld.

Verkið er sagt gamansamt og kraftmikið spunaverk sem hópurinn allur á heiðurinn af ásamt leikstjóranum Bjartmari Þórðarsyni. Markmiðið í verkinu er að svara því af hverju leiklistin er heillandi og reyna þau að ögra áhorfandanum að eigin sögn. „Þetta er svona sketsasýning þar sem við veltum fyrir okkur hvað er leiklist og hvað gerir hana svona heillandi fyrir áhorfandann. Af hverju finnst okkur spennandi að horfa á hluti sem við viljum ekki upplifa í raunveruleikanum, eins og morð, pyntingar og ást í meinum sem okkur þyrstir svo í að sjá á sviði?“ segir María Dögg. Ásamt henni skipa þau Andrés Pétur Þorvaldsson, Ari Freyr Ísfeld Óskarsson, Gunnar Smári Jóhannesson, Ingvar Örn Arngeirsson, Iona Huntingdon Williams, Laufey Haraldsdóttir og Þuríður Davíðsdóttir leikhóp Stúdentaleikhússins í ár.

Æfingarferlið hefur staðið yfir síðan í febrúar og fór María Dögg í prufur hjá Stúdentaleikhúsinu samhliða prufum í leiklistarnám Listaháskóla Íslands sem fóru fram á sama tíma. „Maður lærir mikið á því að fara í prufur en svo skemmtilega vildi til að ég komst inn í bæði og er í skýjunum með það,“ segir María Dögg, sem er ein af tíu manns sem hefja nám við leiklistardeild LHÍ í haust.

María Dögg er systir bardagakappans Gunnars Nelson og segir það fljótt hafa orðið ljóst hvað þau systkinin myndu taka sér fyrir hendur. „Þegar við vorum lítil var ég alltaf að plata Gunna með mér í að búa til leik- og dansverk og sýna fyrir fjölskylduna í boðum. Í staðinn fór ég með honum í gamnislag í sérstöku púðaherbergi sem við vorum með heima hjá okkur.“

Sem fyrr segir er verkið Auka frumsýnt í kvöld í Norðurpólnum en því leikhúsi verður lokað í byrjun sumars og sýningin því sú síðasta sem þar fer fram. Miðaverð er 2.000 krónur og 1.500 krónur fyrir nema. Hægt er að nálgast miða á studentaleikhusid@gmail.com og í síma 868-9721.

alfrun@frettabladid.is

# Selja miða án staðfestra sveita

## Breska tónlistarhátíðin All Tomorrow´s Parties verður haldin á Íslandi í sumar.

Breska tónlistarhátíðin All Tomorrow´s Parties verður haldin á Íslandi helgina 28. til 29. júní á gömlu herstöðinni Ásbrú. Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að samningar væru við það að nást um að halda hátíðina.

Ekki verður tilkynnt um hvaða hljómsveitir spila á Íslandi fyrr en 16. apríl en miðasala er engu að síður hafin á atpfestival.com. Tilboðsverð til 16. apríl er 15 þúsund krónur án gistingar. „Við lofum að þetta mun ekki svíkja neinn. Fyrir þá sem eru algjörlega pottþéttir að þeir ætla að fara þá er gott að geta tryggt sér miða strax. Það getur líka vel verið að allir Bretarnir sem elta hátíðina hvert sem er verði fljótir að ákveða að fara til Íslands,“ segir skipuleggjandinn Tómas Young. Um fjögur þúsund miðar verða í boði.

Sex til átta erlendar sveitir spila á hátíðinni en alls stíga um tuttugu á svið. Ein erlendu sveitanna er mjög fræg. „Hún gnæfir yfir allt og alla. En þessar sem eru minni eru ekki heldur af verri endanum.“

Tómas hefur undirbúið hátíðina í tvö ár, eða eftir að hafa sótt hugmyndasmiðju í Ásbrú. Þar var leitað að hugmyndum um hvað væri hægt að gera á gömlu herstöðinni og datt honum í hug að halda hátíð í anda All Tomorrow´s Parties.



**TÓMAS YOUNG** Tómas hefur skipulagt hátíðina undanfarin tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ATP var fyrst haldin árið 2000 í Bretlandi og hafa viðburðir á vegum hennar með alls kyns tónlistarstefnum verið haldnir víða um heim. Stofnandinn Barry Hogan lofar flottri hátíð: „ATP hefur sterka tengingu við Ísland og hljómsveitirnar sem munu koma fram tryggja það að þetta verður ógleymanlegur viðburður.“

-fb

№60

# LÆSTU KLÓNUM Í

# LOBSTER STYLE

Sá nýjasti á matseðlinum okkar. Ljúffengur borgari með „spicy mayo“, íslenskum ostrusveppum, salati, sítrussósu og hvítlaukshumri. Namm!



American Style

Bíldshöfða | Dalshrauni | Nýbýlavegi | Skipholti | Tryggvagötu

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
**ORATORS**
- félag laganema við Háskóla Íslands

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Æfir íslenskt dægurlag

Þýski söngvarinn og leikarinn **David Hasselhoff** ætlar að heiðra Íslendinga með nærveru sinni síðar í sumar. Til stóð að sjarmörinn kæmi og héldi tónleika nú í vor en hann hefur seinkað för sinni um nokkra mánuði. Hasselhoff ku þó ekki hafa misst áhuga á landi og þjóð því hann er að æfa íslenskt dægurlag til að flytja á tónleikunum. Ekki er þó vitað um hvaða lag er að ræða. Nánari dagsetning á tónleikunum verður auglýst síðar.



### Tabú að ræða leigjendur?

Rithöfundinum **Auði Jónsdóttur** gremjast hugmyndir um skuldaniðurfellingar. Hún skrifar á Facebook: „Sem leigjandi í Reykjavík er ég orðin hundleið á að hlusta bara á hvernig megi laga/leiðrétta kjör þeirra sem eiga fasteign um leið og það er varla minnst orði á möguleika leigjenda til að tryggja sér húsnæði eða búa við mannsæmandi leigu.“ Pistill hennar um málið hefur slegið í gegn og í gærkvöldi hafði honum verið deilt yfir hundrað sinnum og ótalmargir „lækað“ hann. Pistlinum lýkur á þessum orðum: „Er kannski tabú að tala um þetta því þeir sem eiga fasteignir á vondum lánum vilja umfram allt að verðið hækki? Kannski einhverjir framsóknarbjóðendur?“ **- sh**



## Mest lesið vísir

1. Landsliðskona fór af velli vegna mígrenis
2. Olli stórhættu með laser geisla
3. Í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa nauðgað unglingi
4. Tom Cruise gat ekki beðið eftir því að koma til Íslands
5. Kristjáni stefnt til að greiða tvo milljarða
6. Aldrei fleiri hópnauðganir
7. Skjálftarnir færast nær landi
8. Tapað 800 milljónum í póker
9. Réðust á erlendan sjómann





